








# Bændablaðið

14. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 15. ágúst ● Blað nr. 661 ● 30 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



**Nautgripabændurnir Karen Ósk Guðmundsdóttir og Ásgeir Ósmann Valdemarsson á Litlu-Ásgeirsá í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu ásamt börnum sínum, Emil Jóhanni, fimm ára, og Dagbjörtu Ósk, fjögurra ára. Þau festu kaup á búinu árið 2022 og hafa síðan þá fjölgað kúnum, sett upp mjaltaþjón og tvöfaldað framleiðslugetuna en auk þess eru þau með holdakýr.** *– Sjá nánar á síðum 32–33.* Mynd / Ásvaldur Lárusson



## Óendanlegur verkefnalisti

Fjölskyldan á Þurranesi í Dalabyggð hefur nóg fyrir stafni allan ársins hring. Auk þess að vera sauðfjárbú er þar rekin ferðaþjónusta.

Einnig rækta bændurnir nípur og gulrætur.

**– 53 –**



## Sveppatínsla

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir fræðir lesendur um sveppatínslu auk þess sem hún upplýsir um fund nýs afbrigðis tröllasmjörs sem situr nú hæst á kurlhaugi við Kjarnaskóg.

**– 30 –**

**Koltvísýringur í garðyrkju:**

# Einokun og afleit þjónusta

**Viðvarandi skortur á framboði á koltvísýringi hefur haft áhrif á garðyrkjuframleiðendur á Íslandi. Aðeins eitt fyrirtæki á Íslandi útvegar alla kolsýru hér á landi.**

Að sögn bænda hefur fyrirtækið Linde Gas, sem er í markaðsráðandi stöðu, ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart framleiðendum.

Hvorki hafa viðskiptavinir Linde Gas fengið umsamið magn koltvísýrings né á þeim tíma sem þeir þarfnast hans. Dæmi séu um að fyrirtækið hóti skerðingu á þjónustu og niðurfellingu á viðskiptakjörum ef hreyft sé við mótmælum.

„Það hafa komið tímabil þar sem við fáum annaðhvort tilkynningu um að ekki sé hægt að afhenda vöruna, eða þá að það sé frestun á afhendingu og við því beðin um að skrúfa niður í gróðurhúsunum og spara á meðan," segir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökunum.

Bændur hafi lent í því að vera koltvísýringslausir svo vikum skiptir sem hefur bein áhrif á framleiðslumagn og gæði afurðanna. Þetta kemur aftur niður á rekstraröryggi garðyrkjustöðvanna. Axel segir að Linde Gas hafi borið fyrir sig skort á koltvísýringi. „Þeir vitna yfirleitt í þá borholu sem þeir hafa verið að vinna úr hér á landi."

Hann bendir á að fyrirtæki sem séu með einokun á markaði lúti ákveðnum skuldbindingum gagnvart markaðnum. „Markaðurinn er í dag háður þessu fyrirtæki á Íslandi. Þeir þurfa að vanda til verks og það á að vera viðskiptavinum til góða að geta leitað til trausts aðila."

Viðskiptasamband Linde Gas við garðyrkjubændur felst í því að bændur gera samning um að leigja af þeim tanka fyrir ákveðið mánaðargjald og skuldbinda sig um leið til að kaupa af þeim áætlað magn af koltvísýringi. Fyrirtækið á að sjá um að fylla á tankana þegar þeir tæmast. „Bændur þurfa ákveðið afhendingaröryggi svo framleiðslan detti ekki niður. Fyrirtækið vill líka öryggi á notkun tanka sem þeir útvega. Bændur skuldbinda sig fyrirtækinu alveg með því að leigja tank frá þeim, því þeir mega eingöngu kaupa koltvísýring frá Linde Gas," segir Axel.

Hins vegar hafi margir bændur orðið fyrir framleiðslubresti vegna þess að fyrirtækið afhendir ekki koltvísýring á réttum tíma. „Það er bagalegt fyrir bændur að vera að leigja tank sem ekki er fyllt á. Það virðist vera undir hverjum bónda fyrir sig komið, eins og staðan er í dag, að fá leigu á tanki niðurfellda ef tankur er tómur eða ef þeir geta ekki afhent koltvísýring."

Dæmi séu um að úr sér gengnir tankar hafi verið í notkun á garðyrkjustöðvum og bændur hafi skoðað þann möguleika að fjárfesta sjálfir í tanki en forsvarsmenn Linde Gas þá sett þeim stólinn fyrir dyrnar með því að skerða þjónustu við þá og hækka verð.

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi og eigandi Sólskins grænmetis, sleit viðskiptasambandi við fyrirtækið og stendur nú sjálf að innflutningi á koltvísýringi.

„Við förum því í þá vegferð að kaupa sjálf tanka erlendis frá, sem varð til þess að Linde Gas, eini aðilinn á landinu sem selur koltvísýring, hótaði því að þau myndu ekki afgreiða okkur nema á hærra verði," segir hún.

Draumurinn sé að geta fengið koltvísýringinn hér heima en á Hæðarenda í Grímsnesi er slík framleiðsla fyrir hendi. Linde Gas hefur hins vegar yfir þeirri auðlind að ráða.

Linde Gas á Íslandi er í fullri eigu langstærsta gasfyrirtækis heims, Linde plc. Fyrirtækið hér á landi er afar stöndugt, hefur skilað hagnaði svo árum skiptir og greitt eigendum sínum þrjá milljarða króna í arðgreiðslu á síðastliðnum fimm árum. */ghp*

*– Sjá nánar á síðum 20–21.*



Um sex prósenta hækkanir eru á afurðaverði nautgripabænda.
Mynd / smh

# Hækkun á afurðaverði

**Nýlega hafa verið gefnar út verðskrár með afurðaverðshækkunum til bænda fyrir nautgripakjöt þar sem gert er ráð fyrir um sex prósenta meðaltalshækkun.**

Ný verðskrá Sláturfélags Suðurlands tók gildi 15. júlí. Í tilkynningu segir að kýr, naut og alikálfar hækki um átta prósent, en aðrir flokkar um fjögur prósent. Einnig er greidd átta prósenta viðbót ofan á þá verðskrá sem var í gildi frá 1. apríl 2024.

*Misjafnt milli flokka*

Einar Kári Magnússon, aðstoðarsláturhússtjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, segir að hækkanir hjá þeim séu einnig misjafnar á milli flokka og því mismunandi hvernig útkoman sé fyrir bændur. Mest sé verðhækkun á kýrkjöti, eða 11 prósent að jafnaði, ungneyti hækki um rúm fimm prósent en verð fyrir ungar kýr standi nokkuð í stað. Meðalhækkunin sé um sex prósent.

*Meira þarf til*

Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, fagnar öllum hækkunum á afurðaverði. „Það hafa verið mjög erfið rekstrarskilyrði í nautakjötsframleiðslu síðastliðin ár. Líkt og rekstrarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um afkomu í nautakjötsframleiðslu hefur sýnt þá hafa afurðatekjur ekki staðið undir framleiðslukostnaði.

Svo ég fagna auðvitað öllum hækkunum á afurðaverði á nautakjöti, þó meira þurfi vissulega til. Vonandi verða fljótlega frekari hækkanir til bænda,“ segir Rafn.
/smh

Bændablaðið
www.bbl.is




# Sólheimar án lífrænnar vottunar

## – Notast enn við óleyfilegar vottunarmerkingar á vörum sínum



Frá garðyrkjustöðinni Sunnu á Sólheimum.

**Garðyrkjustöðin Sunna á Sólheimum er hætt ræktun á lífrænt vottuðum garðyrkjuafurðum.**

Á Sólheimum var ákveðið á síðasta ári að taka í notkun sveppamassa frá Flúðasveppum sem áburðargjafa og í kjölfarið var áskrift að vottunarþjónustu Vottunarstofunnar Túns sagt upp, sem er eina sinnar tegundar hér á landi. Þó má enn sjá vottunarmerki á vörum frá Sunnu í verslunum. Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Vottunarstofunnar Túns, segir málið komið í ferli.

„Hliðarmiði afurðanna ber Evrópusambands-laufið og kenninúmer Túns. Á einstaka umbúðum hefur verið límt yfir merkið en það eru greinilega gloppur í því,“ segir Gunnar.

*Lífræn vottun frá 1996*

Talið er að upphaf lífrænnar ræktunar á Íslandi hafi verið á Sólheimum í Grímsnesi fyrir rúmlega 90 árum. Þá settist Sesselja Sigmundsdóttir þar að og hóf að rækta grænmeti með hugsjónir lífrænnar ræktunar að leiðarljósi.

Hefur Sunna haft lífræna vottun frá árinu 1996, sem var fyrsta árið sem Tún veitti slíkar vottanir.

Að sögn Gunnars eru 8–10 ár síðan ráðgjafarnefnd Túns um reglur ákvað að loka á notkun á sveppamassanum, eftir að hafa veitt nokkurra ára aðlögunartíma fyrir framleiðendur til að fasa hann út.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Sólheima, segir að ekki sé notast við tilbúinn áburð hjá Sunnu. „Við notum sveppamassa sem er með um sex prósent af kjúklingaskít, frá hænum sem eru ekki vottaðar. Tún hefur neitað að samþykkja hann þó þetta sé leyft í löndunum í kringum okkur og sé innan skekkjumarka samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins,“ segir Kristinn.

*Heimilt að nota fjölþætt áburðarefni*

Spurður almennt um leyfileg áburðarefni til ræktunar á lífrænt vottuðum afurðum, segir Gunnar að reglugerðir um lífræna framleiðslu tilgreini fjölþætt áburðarefni sem heimilt er að nota.

„Þar á meðal búfjáráburð úr hefðbundinni búfjárrækt, að því tilskildu að áburðurinn sé rétt meðhöndlaður, gerjaður og niðurbrotinn, og að hann sé ekki upprunninn úr verksmiðjubúskap. Þá er rétt að taka fram að áburður má ekki innihalda erfðabreytt efni, úr fóðurgjöf eða leifar hefðbundinna lyfja. Hér á landi er unnt að hagnýta þang og þara og afurðir þess, afurðir fiskimjöls- og kjötmjölsframleiðslu, sumt af þessu er vottað lífrænt og annað sjálfbært. Þá er unnt að nota áburð frá lífrænni sauðfjárrækt, nautgriparækt og alifuglarækt, svo og hefðbundinni svo framarlega sem ofangreind skilyrði eru uppfyllt.“

*Opinberan stuðning skortir*

Gunnar segir tal um að hér á landi skorti leyfileg áburðarefni fyrir lífrænt vottaða ræktun sé mjög orðum aukið. „Ég hef að minnsta kosti ekki séð nein haldbær gögn sem styðja slíkar fullyrðingar. Hins vegar skortir opinberan stuðning og fræðslu til þess að nýta fáanleg efni til áburðarframleiðslu sem uppfyllir kröfur. Slíkan stuðning og þekkingu vantar bæði hjá mögulegum áburðarframleiðendum og hjá bændum.

Almennt má hins vegar benda á að ef umsækjandi eða vottunarhafi leitar eftir heimild til að nota óvottuð aðföng verður viðkomandi að sýna fram á að aðföngin innihaldi leyfileg efni. Ef ekki er sýnt fram á það þá getur viðkomandi ekki notað umrædd aðföng til lífrænnar ræktunar. Þetta hefur átt við um svepparotmassa.“



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir.

*Aðgengi og upplýsingar*

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir er formaður VOR, félags framleiðenda í lífrænum búskap, og segir hún að eitt af brýnu málunum í framtíðinni sé að aðgengi að nauðsynlegum aðföngum líkt og áburðarefnum sé eins og gott og hægt er, til að tryggja framtíð lífræns landbúnaðar.

„Í því samhengi langar mig að benda á aðgerðaáætlun stjórnvalda til eflingar lífrænnar ræktunar, sem ég geri mér vonir um að sé rétt að fara að líta dagsins ljós. Í drögum hennar, sem matvælaráðuneytið birti í nóvember síðastliðnum, kafla 3.2, er einmitt fjallað um aðföng, meðal annars mikilvægi þess að kortleggja uppsprettur lífræns áburðar og auka gegnsæi fyrir notendur þeirra, svo augljóst sé fyrir notendur að um leyfileg áburðarefni sé að ræða – og að innihald og næringargildi sé ljóst,“ segir hún.

Mikilvægt sé og augljós hagræðing fyrir framleiðendur að hafa aðgengi að upplýsingum um hvar lífræn leyfileg áburðarefni til notkunar í vottaðri framleiðslu sé að fá og eins hvert raunverulegt næringargildi og innihald þeirra sé.




Enn má sjá vottunarmerki á vörum Sunnu, þótt lífrænni vottaðri framleiðslu hafi verið hætt síðasta sumar.

„Það getur í raun skipt sköpum bæði fyrir starfandi framleiðendur og ekki síður þau sem eru að taka sín fyrstu skref í vottaðri framleiðslu. Þetta er eitt af grunnatriðunum.“

*Framleiðsla og sala á áburðarefnum*

„Þá eru líka ótalin verðmætin sem geta skapast vegna framleiðslu og sölu á téðum áburðarefnum,“ heldur Elínborg áfram.

„Það er síðan skoðun VOR að heimildir eigi að vera eins rúmar og hægt er og að samræmi við útfærslur í öðrum löndum Evrópu sé sem mest, án þess þó að það komi niður á trúverðugleika vottunarinnar. Heimildirnar verða að vinna með framleiðendum og gera sem flestum kleift að starfa innan ramma vottaðrar framleiðslu.

Þarna er til dæmis mikilvægt að reglugerðir geri ráð fyrir að nýir áburðargjafar geti komið fram og hefti ekki nýsköpun og þróun.“ /smh


GERUM
MEIRA
TOYOTA HILUX
HILUX
Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.
Verð frá: 8.990.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Á framkvæmdasvæði kornþurrkstöðvarinnar í Eyjafirði á þriðjudaginn.
Mynd / Sigurgeir Sigurgeirsson

# Steypuvinna hafin við kornþurrkstöð

**Í vikunni var lokið við að steypa gólfplötuna undir kornþurrkstöðina sem eyfirskir bændur eru að byggja við Ytra-Laugaland.**

Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafjarðarsveit, segir verkið vera nánast á áætlun. Byggingarefnið, sem sé forsniðið límtré og yleiningar tafðist aðeins, en eigi að skila sér á næstu tveimur vikum. Það komi ekki að sök, því þá gefist færi á að koma vélbúnaðinum fyrir sem berist á næstu dögum. Ef allt gengur eftir gerir Hermann ráð fyrir að hægt verði að ræsa búnaðinn í lok september. Það sé í tæka tíð fyrir þreskingu, sem tefst vegna kulda í vor.

„Það eru helvíti öflugir menn og konur með okkur og við vinnum hérna dag og nótt og erum í heyskap í dauða tímanum þar á milli,“ segir Hermann, en stærstur hluti verksins sé unninn af bændunum sem eiga kornþurrkstöðina. Vinir og ættingjar séu kallaðir til og segir Hermann að þetta sé félagslegt verkefni eins og tíðkaðist áður. „Ég myndi segja að þetta séu fimmtán manns sem eru í reglulegri vinnu. Svo hefur þetta farið upp í töluvert fleiri á góðum dögum, þannig að það er oft hasar.“

Það sem liggi fyrir á allra næstu dögum á meðan beðið sé eftir frekari aðföngum séu ýmis minni verk í kringum húsið, eins og að leggja dren, keyra möl og jafna plön. Norðurorka sé jafnframt að vinna við að tengja afkastamikla heitavatnslögn til og frá stöðinni. Þá eigi eftir að steypa undirstöður fyrir þurrkarann, sem verður að hluta til utan við bygginguna. /ál

# Styrkir vegna kaltjóna

**Bjargráðasjóði hefur borist 81 umsókn frá bændum vegna kaltjóns á túnum. Fresturinn rennur út á miðnætti 31. ágúst og er mat á umsóknum ekki hafið.**

Samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu hafa einhverjir umsækjendur fengið tölvupósta frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands (NTÍ) sem sér um rekstur Bjargráðasjóðs, þar sem óskað er eftir frekari gögnum, eins og myndum. Bent er á að hafi einhverjir litið á það sem höfnun sé það rangt en það kunni að leiða til synjunar á síðari stigum ef engin viðbrögð koma við beiðnunum.

Verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um fjárstyrk vegna tjóns af völdum kals árið 2024 voru samþykktar 10. júní síðastliðinn og sendar Bændasamtökum Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, öllum búnaðarsamböndum á landinu, ásamt fleiri aðilum. Í reglunum stendur meðal annars: „Skilyrði fyrir styrkveitingu er að greinargóðar ljósmyndir og/eða drónamyndir af skemmdum fylgi með umsókninni. Það skal koma skýrt fram af hvaða spildu hver mynd og/eða drónamynd er tekin.“ Bjargráðasjóður getur jafnframt falið sérfróðum aðilum að meta skemmdir í vettvangsferð ef ástæða þykir til.



Kalskemmdir í túni.
Mynd / Eiríkur Loftsson

Ekki verður hægt að stofna nýjar umsóknir eftir 31. ágúst, en umsækjendur geta bætt við gögnum fram yfir umsóknarfrestinn ef ástæða er til. /ál








Einangrunarstöð Nautís á Stóra-Ármóti. Myndir / Sveinn Sigurmundsson

# Útboð á holdagripum

**Nautís seldi bændum tíu hreinræktaða Angus kynbótanautgripi í sumar fyrir samtals 13.200.000 krónur. Þar af voru sjö naut og þrjár kvígur.**

Meðalverð nautanna voru 1.521.000 krónur og kvígnanna 851.000 krónur. Dýrasti gripurinn að þessu sinni var Litur 23405 sem seldist á 1.850.000 krónur án vsk., á meðan það naut sem seldist fyrir lægstu upphæðina var Móði 23409, sem fór á 1.301.000 krónur án vsk. Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Nautís, segir áhugann hafa dreifst nokkuð jafnt, en flestir þátttakendur buðu í alla gripina.



Litur 23405 fór á 1.850.000 krónur, sem var hæsta verðið fyrir naut í þessu útboði. Nautís seldi kynbótagripi fyrir samtals 13,2 milljónir.

### *Nautsfeðurnir norskir*

Kynbótagripirnir sem stóðu til boða eiga rætur sínar að rekja til norsks kynbótasæðis sem var flutt hingað til lands. Allir gripirnir eru undan Laurens av Krogedal, fyrir utan Móða sem er undan Manitu av Høystad. Mæðurnar eru allar hreinræktaðar Angus-kýr sem komu hingað sem fósturvísar þegar innflutningur nýs erfðaefnis hófst árið 2017, eða afkomendur þeirra gripa.

Samkvæmt reglum útboðsins mátti hver þátttakandi eingöngu kaupa eitt naut og eina kvígu. Gripirnir dreifðust því á sjö bæi þar sem þrír aðilar keyptu bæði naut og kvígu. Sams konar útboð verður haldið næsta sumar þar sem kálfarnir sem fæddust í vor verða boðnir til kaups, en að þessu sinni báru kýrnar tíu nautum og ellefu kvígum. Kálfarnir eru settir í níu mánaða einangrun að hausti þar sem fylgst er grannt með hvort þeir beri með sér sjúkdóma.

### *Kröfur Nautís strangar*

Af þeim kálfum sem fæddust í fyrra heldur Nautís eftir þremur kvígum til að viðhalda sínum eigin stofni og hefur eitt af nautunum verið sent að nautastöðinni á Hesti. Þá hafi nokkrum gripum úr þessum árgangi verið fargað þar sem þeir uppfylltu ekki kröfur Nautís fyrir sölu. Sveinn nefnir að eitt naut hafi ekki verið með nógu góða fótstöðu á meðan annað var ekki með nógu gott skap.

Nautís er með 22 hreinræktaðar Angus-kýr og segir Sveinn stöðina fullsetna og að ekki sé hægt að ala upp fleiri naut í senn. Nautís á sæði úr fjórum norskum kynbótanautum sem verða notuð fyrir næsta árgang og telur Sveinn ekki ólíklegt að fluttir verði inn nýir fósturvísar á komandi vetri.

Sveinn segir að tekið sé sæði úr einhverjum nautanna sem fari svo í dreifingu til bænda í gegnum Nautastöðina á Hesti. Sæðingar séu að mati Sveins afar ódýr leið fyrir bændur til að nálgast nýja erfðaefnið. Of fáir holdanautabændur nýti sér þær, en sæðingum fylgi nokkur vinna og þurfi bændur að vera með góða aðstöðu. Bændur séu greinilega spenntari fyrir að kaupa naut til að setja í hjarðirnar. /ál

# Vindmyllur fá grænt ljós

**Gefið hefur verið út virkjanaleyfi fyrir fyrsta íslenska vindorkuverið, Búrfellslund Landsvirkjunar.**

Orkustofnun afgreiddi hinn 12. ágúst virkjunarleyfi fyrir Búrfellslund, sem standa á við Vaðöldu. Landsvirkjun mun í kjölfarið sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra þar sem virðist ríkja jákvæðni gagnvart verkefninu.Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að búið sé að ganga frá tengi- samningi við Landsnet og verið að leggja lokahönd á samning um lands- og vindorkuréttindi við ríkið. Hvort tveggja séu mikilvægir áfangar í undirbúningsferli virkjunarkostsins. Ef öll tilskilin leyfi fáist taki stjórn Landsvirkjunar endanlega ákvörðun um hvort ráðist verði í verkefnið.



Búrfellslundur við Vaðöldu. Um 30 vindmyllur eru áætlaðar sunnan Sultartangastíflu við Vaðöldu, með uppsett afl um 120 MW. Mynd / Landsvirkjun

### *Hátt í þrjátíu vindmyllur*

Búrfellslundur var settur í nýtingarflokk rammaáætlunar árið 2022 og verður fyrsta vindorkuver landsins. Gert er ráð fyrir að 28-30 vindmyllur rísi sunnan Sultartangastíflu á 17 ferkílómetra svæði. Uppsett afl verður um 120 MW. Landsvirkjun auglýsti útboð snemma þessa árs á vindmyllum fyrir Búrfellslund, með fyrirvara um leyfis- og skipulagsmál. Sú leið var, skv. tilkynningu Landsvirkjunar, farin til að styrkja líkurnar á að vindmyllurnar verði farnar að skila orku inn á raforkukerfið fyrir árslok 2026, eins og áætlanir geri ráð fyrir.

Landsvirkjun hefur ekki viljað gefa upp áætlaðan heildarkostnað við verkefnið þar sem það sé í útboðsferli.

### *Ekki allir á eitt sáttir*

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur mótmælt vinnubrögðum Landsvirkjunar í undirbúningi að vindorkuverkinu. Hún telur stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengt Búrfellslundi samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Fleiri aðilar, t.d. Landvernd, kalla eftir skýru regluverki og umgjörð frá stjórnvöldum áður en gefið verði grænt ljós á vindmyllugarða.

Jafnframt hefur sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps sagt að Búrfellslundur, ef af verður, muni takmarka möguleika sveitarfélagsins til uppbyggingar í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. /sá


SUMARTILBOÐ 2024
FÆST Í VEFVERSLUN
VANTAR ÞIG PLÁSS?
Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkin...
Hugmyndir af útfærslum
Verkfærageymsla
Hobby herbergi
Sauna
Skrifstofa
NÝTT
EYRI - 15 fm
25% afsláttur
1.193.000 kr.
895.000 kr.
LOKADAGAR
SUMARTILBOÐS
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
STAPI - 14,98 fm
25% afsláttur
1.100.000 kr.
825.000 kr.
NÝTT
NAUST - 14,44 fm
30% afsláttur
850.000 kr.
595.000 kr.
HLÍÐ - 10 fm
25% afsláttur
732.000 kr.
549.000 kr.
Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar kofaroghus.is
Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð
BREKKA 34 - 9 fm
25% afsláttur
692.000 kr.
519.000 kr.
www.kofaroghus.is - Sími 553 1545
KOFAR OG HÚS
Síðan 2012

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


# Slök frammistaða

**Í þessu tölublaði Bændablaðsins er fjallað um stóran rekstrarþátt ylræktarframleiðenda, koltvísýring, og þá markaðsráðandi stöðu sem eitt fyrirtæki í aðfangakeðjunni býr að.**

Fyrir hefðbundið garðyrkjubú í ylrækt má varlega áætla að 12–15 prósent af föstum kostnaði fari í þennan þátt framleiðslunnar. Hann er þriðji stærsti kostnaðarliðurinn á eftir launum starfsmanna og raforku. Koltvísýringur er grundvallarþáttur þegar rækta á heilbrigða og afkastamikla plöntu. Framleiðslan stendur og fellur með því að koltvísýringur sé til staðar. Aðeins eitt fyrirtæki, Linde Gas, útvegar bændum þessi aðföng. Markaðsráðandi staða þess hér á landi gerir það að verkum að garðyrkjuframleiðsla á Íslandi er háð því að fyrirtækið standi undir hlutverki sínu og skyldum. Linde Gas leigir út gastanka með þeim skilyrðum að koltvísýringurinn sé keyptur frá þeim. Þrátt fyrir að bændur lúti þessum kröfum, og gangist undir sífelldar verðhækkanir á bæði leigu og listaverði á koltvísýringi, hafa þeir samt þurft að þola viðvarandi takmarkanir og gloppótta afhendingu á vörunni. Þetta hefur haft bein áhrif á afköst og rekstur garðyrkjustöðva og þar með framboð grænmetis í verslunum.

> Þessi einokun nær út fyrir framleiðslu matvæla...

Þessi einokun nær út fyrir framleiðslu matvæla hér á landi. Sjúkrahús landsins eru víst einnig háð fyrirtækinu um súrefni. Þannig hefur ríkið engan möguleika á að bjóða út innkaup á súrefni því Linde Gas á tankana og aðrir aðilar eiga því ansi erfitt um vik að komast inn á markaðinn.

Linde Gas er í markaðsráðandi stöðu hér á landi, samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2013, en fyrirtæki í slíkri stöðu hafa efnahagslega styrkleika til að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og getur það starfað án þess að taka tillit til viðskiptavina og neytenda samkvæmt samkeppnislögum.

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu er bönnuð. Orðrétt segir í lögunum að misnotkun geti falist í því að: *a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir, b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns, c) viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt, d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.*

Linde Gas er í fullri eigu alþjóðlegrar risasamsteypu og hefur fyrirtækið verið rekið hér á landi með gasalegum hagnaði undanfarin ár. Lætur nærri að hagnaður sé um þrjátíu prósent af veltu og hafa arðgreiðslur til eigenda verið afar ríflegar, eða þrír milljarðar króna á síðustu fimm árum.

Fyrirtækið hefur yfir að ráða einu virku kolsýruauðlind landsins. Á Hæðarenda í Grímsnesi er hægt að vinna nær hreina kolsýru úr heitu vatni sem nóg er af. Slíkum auðlindum þarf að sinna af myndarskap og heilindum en einhver hörgull virðist vera á vilja eða getu fyrirtækisins til að halda vel utan um innviðina. Samkvæmt bóndanum á Hæðarenda gætu náttúrugæðin með góðu móti framleitt ríflega landsþörf af koltvísýringi. Fyrirtækið hefur hins vegar réttlætt aukinn innflutning, og tilheyrandi verðhækkanir sem þeim fylgja, með erfiðleikum við framleiðsluna í Hæðarenda.

Ekki gagnrýndu allir viðmælendur blaðsins verðskrá fyrirtækisins. En auðheyrt er að garðyrkjubændur eru langþreyttir á gloppóttri afhendingu vöru, sem þeir eru nú þegar búnir að samþykkja að greiða fyrir og þeirri staðreynd að hegðun eins fyrirtækis gagnvart þeim geti haft bein áhrif á framboð og gæði íslenskra garðyrkjuafurða.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.*






**Reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló**

| Sláturleyfishafi | Dilkar 2022 | Dilkar 2023 | Dilkar Breyting milli ára* | Dilkar 2024 | Fullorðið 2022 | Fullorðið 2023 | Fullorðið Breyting milli ára | Fullorðið 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjallalamb | 746 | 899 | +17% | 1.055[3] | 127 | 137 | +40% | 191 |
| Kaupfélag Skagfirðinga | 753 | 908 | +16% | 1.055[2] | 158 | 166 | +13% | 188 |
| Norðlenska | 746 | 899 | +17% | 1.055[3] | 127 | 137 | +40% | 191 |
| SAH afurðir | 746 | 899 | +17% | 1.055[3] | 127 | 137 | +40% | 191 |
| Sláturfélag Suðurlands | 754 | 901 | +16% | 1.043[1] | 182 | 165 | +14% | 188 |
| Sláturhús KVH | 753 | 908 | +16% | 1.055[2] | 158 | 166 | +13% | 188 |
| **Landsmeðaltal** | **748** | **899** | **+17%** | **1.053** | **146** | **151** | **+25%** | **189** |

**) Verðsamanburður milli áranna 2023 og 2024 miðað við afurðaverð fyrra árs með öllum álagsgreiðslum.*
*1) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 8% viðbót ofan á allt sauðfjárinnlegg sem greitt verður vikulega við útgáfu innleggsreikninga.*
*2) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 8% viðbót á afurðaverð sauðfjár sem verður laust til greiðslu samhliða innleggi.*
*3) Reiknað afurðaverð samkvæmt verðskrá með 8% viðbót á afurðaverð sauðfjár vegna innleggs á árinu 2024 sem greitt verður á sama tíma og innleggið sjálft.*

***Heimild:** Bændasamtök Íslands*
*Útreikningar birtir með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misfellur eða önnur augljós mistök áskilja Bændasamtök Íslands sér rétt til að leiðrétta og uppfæra útreikninga til samræmis við þær leiðréttingar hverju sinni.*

# Reiknað afurðaverð hækkar um 17 prósent

**Landsmeðaltal á reiknuðu afurðaverði fyrir kíló dilkakjöts hækkar um 17 prósent á milli ára.**


Í raun eru nú tvær afurðaverðskrár í boði fyrir sauðfjárbændur; frá Sláturfélagi Suðurlands og Kaupfélagi Skagfirðinga. Mynd / smh

Fyrir komandi sláturtíð standa sauðfjárbændum í raun tvær afurðaverðskrár til boða þegar horft er til hefðbundinna kjötafurðastöðva; frá Sláturfélagi Suðurlands (SS) annars vegar og hins vegar afurðastöðvum í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS).

Samkvæmt útreikningum Bændasamtaka Íslands á reiknuðu afurðaverði greiðir SS 1.043 krónur á kíló dilkakjöts með öllum álagsgreiðslum en KS – og afurðastöðvar í eigu þess – 1.055 krónur á kíló dilkakjöts. Fjallalamb fylgir verðskrá Norðlenska, sem er nú í eigu KS.

### *Reiknað afurðaverð hækkar talsvert*

Unnsteinn Snorri Snorrason, sem heldur utan um útreikninga Bændasamtaka Íslands, segir að reiknað afurðaverð hækki talsvert á milli ára.

„Fyrir það fyrsta eru afurðastöðvar að hækka grunnverðskrá um átta prósent en einnig er verið að auka vikulegt sláturálag og þá eru svokallaðar álagsgreiðslur hærri í ár en í fyrra. Eru átta prósent hjá öllum aðilum en voru um fimm prósent í fyrra. Þá hefur flokkun sláturfjár einnig áhrif á hækkun reiknaðs afurðaverðs og hún var mun betri árið 2023 en 2022,“ segir hann.

### *Fækkun og samþjöppun á eignarhaldi*

Kjötafurðastöðvum hefur fækkað á síðustu árum, auk þess sem samþjöppun hefur orðið á eignarhaldi afurðastöðva sem smám saman hefur leitt til fækkunar á afurðaverðskrám.

Kaupfélag Skagfirðinga keypti helmingshluta í Sláturhúsi KVH á Hvammstanga í byrjun árs 2006 og síðan hefur verðskrá KS gilt fyrir bæði sláturhúsin.

Kjarnafæði eignaðist meirihluta í SAH afurðum á Blönduósi á árinu 2015, þar sem sláturhús hefur verið rekið frá 1908. Kjarnafæði og Norðlenska sameinuðust svo árið 2021, en Norðlenska hefur rekið sauðfjársláturhús og kjötvinnslu á Húsavík og stórgripasláturhús og kjötvinnslu á Akureyri. Sameiginleg afurðaverðskrá hefur síðan verið í gildi fyrir Blönduós og Húsavík.

Sláturfélag Vopnfirðinga hætti starfsemi eftir síðustu sláturtíð og frá árinu 2021 breyttist starfsemi Fjallalambs þegar ákveðið var að hætta á íslenskum markaði með lambakjöt. Nú selur fyrirtækið eingöngu svið á innlendum markaði undir eigin vörumerki. Þar er þó áfram slátrað að hausti, en Kjarnafæði Norðlenska hefur keypt allt kjöt. Utan sláturtíðar hefur Fjallalamb sinnt kjötsögun fyrir Kjarnafæði Norðlenska.

KS keypti svo Kjarnafæði Norðlenska í sumar, en kjötafurðastöðvarnar í eigu þess; Norðlenska, SAH afurðir og Sláturhús KVH halda áfram starfsemi sinni með svipuðu sniði og áður.

### *Gott skref í leiðréttingu á afurðaverði*

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir þær verðskrár sem séu komnar fram vera gott skref í leiðréttingu á afurðaverði til bænda. „Að mati okkar hjá deild sauðfjárbænda þarf afurðaverð að vera virkur hvati til að viðhalda framleiðsluvilja stéttarinnar þannig að þeir sem búgreinina stundi geti samhliða rekstri búsins greitt sér viðunandi laun og sinnt viðhaldi eigna. Framleiðsla dilkakjöts hefur dregist saman undanfarin ár vegna afkomubrests og spurning hvort hækkunin núna nái að snúa þeirri þróun við þannig að hægt sé að anna þörfum innanlandsmarkaðar á komandi árum.“

### *Raunverð er breytilegt*

Útreikningar Bændasamtaka Íslands á reiknuðu afurðaverði byggja á landsmeðaltali slátrunar og kjötmats í vikum 34–44 árið 2023.

Vægi einstakra vikna í verðinu byggir á sláturmagni á landinu öllu og sömuleiðis kjötmati á landinu öllu eftir einstökum vikum haustið 2023. Vægi afurðastöðva í landsmeðaltali er síðan eftir hlutdeild þeirra í slátrun á tímabilinu í heild.

Það raunverð sem einstakar afurðastöðvar greiða er síðan breytilegt, enda er niðurstaða kjötmats hjá hverri fyrir sig ekki sú sama og landsmeðaltalið, né heldur sláturmagn í einstökum vikum. Af sömu ástæðum er meðalverð sem einstakir bændur fá líka breytilegt.

Hvetja Bændasamtökin alla bændur til að reikna út afurðaverð samkvæmt forsendum þeirra bús, en samtökin telja þessa útreikninga gefa eins góða mynd og hægt er út frá forsendum sauðfjárframleiðslunnar í heild. /smh

# Sæunn setur öryggið á oddinn

**Hefð er fyrir því að synt sé til heiðurs afrekskúnni Sæunni yfir Önundarfjörð í ágúst og árið 2024 er engin undantekning.**

Um sundið og Sæunni er ítarlega fjallað í 16. tölublaði Bændablaðsins í fyrra og afrek hennar er þekkt. Í stuttu máli stóð til að slátra kúnni Hörpu í sláturhúsinu á Flateyri í október 1987, það þóttu henni vond tíðindi og óásættanleg, hún lék því á alla, sleit sig lausa og synti sér til lífs þvert yfir Önundarfjörð. Þar var hún tekin í fjós á Kirkjubóli í Valþjófsdal og gegndi hún nafninu Sæunn upp frá því.

Núna verður synt í klauffar hennar þann 31. ágúst og í anda Sæunnar verður fyllsta öryggis gætt og til þess að svo megi verða þarf að leita til björgunarsveita og kajakræðara á svæðinu til að fylgja afreksfólkinu yfir fjörðinn, um það bil 2,5 km og stundum í ölgusjó. / bs



Jón Ágúst, stjórnarmaður í Sæunnarsundi, leggur ætíð gjörva hönd á undirbúning og öryggisgæslu og leiðir hann hér þaulvanar Sæunnarsundskonur, Magneu Hilmarsdóttur og Ernu Héðinsdóttur í öruggt skjól eftir sundið yfir fjörðinn.



Ívar Kristjánsson, öryggisstjóri og stjórnarmaður í Sæunnarsundi, mundar hér sjónaukann og hefur vökult auga á öryggisgæslu sundsins. Honum á vinstri hönd er Bernharður Guðmundsson frá Kirkjubóli í Valþjófsdal, sonur Sigríðar og Guðmundar Steinars, sem tóku á móti Sæunni í fjörunni í Valþjófsdal um árið. Bernharður er eins og Ívar í stjórn Sæunnarsunds og forsprakki þessa árlega viðburðar. Myndir / bs



Ef skip Landhelgisgæslunnar er á svæðinu renna þau inn fjörðinn og eru til taks ef á þarf að halda.



Guðmundur Skúli Þorgeirsson fær hér stuðning og aðhlynningu eftir sundafrekið hjá björgunarsveitarstúlkunni Sæunni Líf Christophsdóttur en Guðmundur Skúli hefur synt tvisvar í klauffar Sæunnar og farið létt með.



Hólmfríður Bóasdóttir, hótelstjóri í Holt Inn, er stolt þegar hún kemur í land. Hrönn ásamt bræðrunum Jóhanni og Jóni Ágústi taka á móti henni en sjóriða hrjáir sundmenn yfirleitt þegar stigið er upp úr sjónum.

## Bænder:

# Sumarskjálftinn

**Í síðasta tölublaði Bændablaðsins, nú fyrir sumarfrí starfsmanna, slógum við á létta strengi og ákváðum að setja upp einhvers konar stefnumótasíðu hér á blaðsíðu sjö.**

Ekki er annað hægt að segja en áhuginn hafi verið gífurlegur. Færri komust að en vildu í hóp þeirra útvöldu, en fiðringur fór um landið þegar við hófum úthringingar fyrir efnið.

Eftir að blaðið fór í dreifingu var eins og við manninn mælt að ákafur skjálfti hríslaðist um landsmenn. Fjölmiðlar gripu efnið, bæði útvarp og blöð og vakti það mikla lukku. Til viðbótar fengu starfsmenn Bændablaðsins sendar ýmiss konar fyrirspurnir um hina lukkulegu aðila, auk þess sem mikill áhugi var fyrir að fá að komast að í næsta Bænder.

En nú velta áhugasamir lesendur væntanlega fyrir sér upplifun þeirra sem tóku þátt í Bændernum svo og hvort ástalíf þeirra hafi tekið





stakkaskiptum. Svarið við því er auðvitað ekki á eina vegu, en öll áttu þau það sameiginlegt að mæla hundrað prósent með því að taka þátt – ef ekki væri fyrir annað en skemmtanagildið.

Aðspurð sögðu þau mörg hver ættingja og vini hafa haft sérstaklega gaman af, en einnig gæfu sig á tal við þau ókunnugir sem glottu við tönn og /eða dáðust að þeim á einn hátt eða annan.





Nýjar vinabeiðnir streymdu til sumra viðmælenda, einn var boðaður í viðtal hjá morgunútvarpi Rásar 2 og annar fékk bónorð frá Bandaríkjamanni.

Sá þriðji sem rætt var við sagði heilt yfir lítið nýtt að gerast í ástamálunum en vill benda Viðskiptablaðinu á að það var nær eini fjölmiðillinn sem ekki hampaði Bændernum. Hefur það kannski bak við eyrað þegar Bænder birtist aftur á síðum blaðsins.

Ekki er áætlað að halda stefnumótasíðu Bændablaðsins sem reglulegum dálki, en auglýsum auðvitað ef við tökum upp þráðinn. *sþ*

*Ps. Farið var rangt með nafn Theodóru Drafnar, hún er Skarphéðinsdóttir, ekki Baldvinsdóttir.*

# Vísnahornið

Flestir komnir yfir miðjan aldur muna **Stefán Jónsson** fréttamann. Hnyttinn var hann og hlífði fáum. Þessa fékk fyrrum dagskrárstjóri sjónvarpsins, Emil Björnsson:

*Séra Emil giftir og grefur*
*glatt er í himnaranninum.*
*Eru á ferli úlfur og refur*
*í einum og sama manninum.*

Þegar mynd birtist af Bjarna Ben., þ.e. þeim eldri, sitjandi á úlfalda, orti Stefán fréttamaður:

*Áður voru ær og kýr,*
*yndi landsins barna.*
*En nú er komið kameldýr*
*í klofið á honum Bjarna.*

Um Seltirning sagði hann:

*Seltirningurinn sefur fast*
*í sínu bóli.*
*Ekki er þetta um hann last,*
*en ólíkt hóli.*

Stefán var gráglettinn sem hefur kannski erfst frá honum. Orti hann um starfsmann RÚV sem féll úr söðli og hlaut höfuðskaða. Óttast var um blæðingu á heila:

*Um höfuðbrotið aðeins eitt,*
*ég inna vil.*
*Það blæðir aldrei inn á neitt,*
*sem ekki´er til*

Ekki þarf að kynna **Þórarin Eldjárn.** Hér er ein úr Disneyrímum:

*Nemur löndin Andrés önd,*
*argvítugur steggur.*
*Dauða hönd á dal og strönd*
*Disneyvélin leggur.*

Alltaf er stutt í gamansemi Þórarins:

*Niðri í bæ var gömul geit*
*sem gekk þar teit í leit að beit.*
*Fann hún grænan gróðurreit,*
*grasið sleit og beit spikfeit.*
*Löggan kom í hamsi heit;*
*-Heyrðu geit, þú ert úr sveit.*
*Geitin sagði sár:- Ég veit.*
*Síðasta stráið beit. Og skeit.*

Úr Gamanvísnabókinni:

*Ef menn hafa ekki neitt*
*umtalsvert að segja*
*þá er nú svona yfirleitt*
*ágætt ráð að þegja.*

**Karl Sigtryggsson** verkamaður á Húsavík orti:

*Argir knýja vindar vog,*
*velta skýjaborgir.*
*Margir flýja undan og*
*elta nýjar sorgir.*

**Egill Jónasson** á Húsavík var þekktur og snjall hagyrðingur. Hann mun hafa sneitt að kvensemi Karls Sigtryggssonar í þessari:

*Að þér lið var oft á sjó,*
*allra sviða manndóm barstu,*
*þóttir iðinn aflakló,*
*en aldrei miðaglöggur varstu.*

Miklir jarðskjálftar urðu á fimmta áratug síðustu aldar á Húsavík. Níu mánuðum síðar fæddust óvenju mörg börn:

*Allt er í lagi okkur hjá,*
*eignast börnin hver sem getur.*
*Loksins bregður ljósi á,*
*landskjálftana í fyrravetur.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

Suðurland:

# Anton Kári sveitarstjóri er nýr formaður

**Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra, er nýr formaður stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).**

Samtökin eru landshlutasamtök fimmtán sveitarfélaga á Suðurlandi, frá Ölfusi í vestri til Hornafjarðar í austri. Meginstarfsemi þeirra felst í hagsmunagæslu fyrir íbúa og sveitarfélög á Suðurlandi.

Önnur hlutverk tengjast m.a. samningum og framlögum frá hinu opinbera. Á grundvelli slíkra samninga veitir SASS m.a. ráðgjöf, styrki og aðra þjónustu til handa atvinnu- og menningarlífi á Suðurlandi. Samtökin vinna einnig að ýmsum greiningar- og þróunarverkefnum til hagsbóta fyrir landshlutann á sviði byggðarþróunar og heldur utan um rekstur ákveðinna sérverkefna.


Anton Kári Halldórsson.

„Nýja embættið leggst gríðarlega vel í mig um leið og ég þakka kærlega fyrir það traust sem mér er sýnt með því að fá að sinna þessu verkefni. En auðvitað stendur maður ekki einn, því á bak við mig er einnig nýkjörin stjórn sem skipuð er einvala liði sveitarstjórnarfulltrúa á Suðurlandi,“ segir Anton Kári. Fyrir stjórn liggja nú fjölmörg verkefni. „Það sem mér finnst mest spennandi og áhugaverðast við embættið er að fá að leiða sunnlenskt samstarf á breiðum grundvelli. Það er mikilvægt að við Sunnlendingar stöndum saman vörð um okkar hagsmuni og sjáum til þess að landshlutinn haldi áfram að blómstra og tækifærin eru svo sannarlega hér.“ /mhh

# Nýr bústjóri Nautís


Davíð Ingi Baldursson.

**Davíð Ingi Baldursson hefur verið ráðinn sem bústjóri í einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti í Flóahreppi.**

Davíð hefur þegar hafið störf og segir Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Nautís, starfið felast í almennum bústörfum. Á veturna þurfi að sinna gjöfum á þeim fjörutíu gripum sem einangrunarstöðin rúmar, á vorin þurfi að vakta burðinn og á sumrin séu kýrnar sæddar. Á hálfsmánaðar fresti séu gripirnir sem eru í einangrun vigtaðir og reglulega séu framkvæmdar sýnatökur á öllum gripum stöðvarinnar eins og reglugerð um innflutning erfðaefnis holdanauta gerir ráð fyrir. Sveinn nefnir að núna sé einangrunarstöðin tóm og þá sé keyrður út allur skítur og tækifærið nýtt til að þrífa og sótthreinsa hátt og lágt.

Davíð er uppalinn á Litla-Ármóti, sem er næsti bær við einangrunarstöðina. Hann er lærður húsasmiður og hefur starfað við þá iðn undanfarin ár. Þar að auki hefur hann sinnt afleysingum fyrir Nautís. Sveinn segir stjórn Nautís vænta góðs af störfum Davíðs, ásamt því sem það sé ótvíræður kostur að hann búi á Ármótsflöt sem sé í göngufæri frá einangrunarstöðinni. /ál

Ert þú
**glaðvær dugnaðarforkur**
með þekkingu á safnastarfi
og mikla þjónustulund?



**Sauðfjársetur á Ströndum**
auglýsir eftir
framkvæmdastjóra!

Sjá nánar: **www.saudfjarsetur.is**

**Bændablaðið kemur næst út**
**29. ágúst**


Garðyrkjubændur hafa glímt við ýmsar áskoranir í sumar sem verður þess valdandi að allt grænmeti verður frekar seint á ferðinni og búast má við uppskerumagni undir meðallagi. Mynd / Bbl.

# Allt grænmeti er seint á ferðinni

## – Búast má við uppskerumagni undir meðallagi

**Allt grænmeti verður frekar seint á ferðinni í ár, en garðyrkjubændur hafa glímt við ýmsar veðurfarslegar áskoranir í sumar.**

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að strax í vor hafi víða verið vandkvæðum bundið að hefja ræktun. „Frost í jörðu tafði jarðvinnslu, sáningu og útplöntun. Júní var frekar kaldur og júlí blautur og sólarlítill. Norðanhretið í byrjun júní hafði mest áhrif á Norðurlandi.“

*Það sem komst á legg lítur ágætlega út*

Helgi segir að mikill vindur í sama hreti hafi hrifið dúka og plastyfirbreiðslur af ökrum á Suðurlandi og valdið tjóni nokkuð víða sem seinkar uppskeru. „Einnig varð tjón hjá kartöflubændum þar sem jarðvegur fauk ofan af útsæði.“

Hann segir að það séu ekki eintóm harðindi og skakkaföll í útiræktuninni í sumar. „Það sem komst á legg lítur ágætlega út og ef seinni hluti sumars verður eðlilegur og sæmilega hlýr ættu menn að ná uppskeru þó líklega verði hún undir meðallagi.“

*Nýupptekið gullauga*

„Fyrstu kartöflurnar, fljótvaxin yrki ræktuð undir plasti, komu á markað um miðjan júlí og nú erum við farin að sjá nýupptekið gullauga í búðum. Uppskera á öðru grænmeti byrjaði í lok júlí og eðlilegt framboð ætti að verða núna um viku af ágúst sem er viku til 10 dögum seinna en venjulega,“ heldur Helgi áfram.

Óttast var í vor að skæð kartöflumygluafbrigði myndu berast til landsins með innfluttu stofnútsæði, en Helgi segir að enn hafi ekki orðið vart við slík vandamál enn þá.

*Kuldi og lítil birta*

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi á Flúðum, segir að hjá henni hafi kaldar nætur að vissu leyti verið helsta áskorunin. „Hjá mér hefur verið ágætis hlutfall af þurrki og vætu en það er heldur kalt og birtan er af skornum skammti. Finnum líka fyrir því inni í gróðurhúsum að það eru færri sólarstundir þar sem slokknar á lömpunum.


Helgi Jóhannesson.

Hluti af uppskerunni hefur sjokkerast í kulda og farið illa og hægt af stað á meðan annað sem fór út yfir góða daga er að koma mjög vel út, en er þó nokkrum dögum seinna en við reiknuðum með.“ /smh

# Hópsýking á Rangárvöllum

## – Grunur beinist að E.coli-menguðu neysluvatni

**Nokkur fjöldi ferðafólks, sem átti leið um Rjúpnavelli á Rangárvöllum á undanförnum vikum, veiktist af iðrasýkingu og beinist grunur að menguðu neysluvatni.**

Í umfjöllun á vef Matvælastofnunar um málið kemur fram að tilkynning hafi borist Heilbrigðiseftirliti Suðurlands um að einstaklingar sem höfðu gist á Rangárvöllum dagana 24.–26. júlí hefðu veikst af iðrasýkingu. Farið var samdægurs í eftirlitsheimsókn og vatnssýni tekin til rannsókna.

„Fyrstu niðurstöður þessara rannsókna lágu fyrir föstudaginn 9. ágúst og bentu til E. colimengunar í vatni. Í kjölfarið fengu staðarhaldarar tilmæli um að sjóða allt neysluvatn og að upplýsa gesti um mögulega mengun. Næsta dag barst staðfesting þess að E. coli hafi greinst í vatnssýnum en þó í litlu magni. Þessar niðurstöður benda til mögulegrar mengunar í neysluvatni á svæðinu sem kallar á frekari rannsóknir og aðgerðir,“ segir í umfjöllun Matvælastofnunar.



Í umfjöllun Ríkisútvarpsins 13. ágúst var fjallað um málið og rætt við einn af eigendum Rjúpnavalla. Sagðist eigandinn ekki hafa vitað af mögulegri mengun fyrr en Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kom á staðinn til sýnatöku og því hafði gestum staðarins ekki verið gert viðvart um að neysluvatnið gæti verið óhæft til drykkjar.

Matvælastofnun og sóttvarnalæknir voru upplýst um málið mánudaginn 12. ágúst. „Þriðjudaginn 13. ágúst var boðað til fundar stýrihóps í samræmi við verklag við rannsóknir á vatns- eða matarbornum hópsýkingum. Á þeim fundi voru fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, sóttvarnalæknis, umdæmis-/svæðislæknar Suðurlands og sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans. Á fundinum kom fram að um nokkurn fjölda fólks virðist vera að ræða sem voru á ferðalagi á þessu landsvæði en uppruni og orsök veikindanna hafa ekki verið staðfest. Upplýsingasöfnun var skipulögð með það að markmiði að kortleggja umfang málsins, þ.m.t. fjölda og ferðir þeirra sem veiktust. Heilsugæslan skipuleggur sýnatökur frá einstaklingum sem tengjast málinu,“ segir enn fremur í umfjöllun Matvælastofnunar. /smh

# TRAXTER 1000 6X6
## FYRIR KREFJANDI VERKEFNI

770+ KG
BURÐARGETA

1000CC 82HÖ
ROTAX VÉL



33CM UNDIR
LÆGSTA PUNKT

1.360+ KG
DRÁTTARGETA

**EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU Í JÚLÍ OG ÁGÚST**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess

## Landbúnaðarhorfur 2024–2033:

# Mesti vöxturinn í mjólkurframleiðslu

## – Þrettán prósenta aukningu spáð í heimsneyslu landbúnaðarvara

**Búist er við að neysla á landbúnaðarvörum á heimsvísu aukist um 13 prósent á næstu tíu árum. Jafnframt er viðmiðunarverð þeirra talið muni lækka lítillega að raungildi.**

Gert er ráð fyrir að framleiðsla heimsins á landbúnaðarvörum aukist að meðaltali um 1,1 prósent á ári á komandi áratug.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) segja í nýrri skýrslu, Landbúnaðarhorfur 2024–2033, að neysla landbúnaðarvara á heimsvísu muni aukast um 13 prósent á næstu tíu árum. Áætlað er að vöxtur í mjólkurframleiðslu í heiminum verði meiri en í öðrum landbúnaðarafurðum á því tímabili, um 1,6 prósent á ári. Jafnframt muni viðmiðunarverð landbúnaðarafurða lækka lítillega að raungildi á tímabilinu. Það komi þó ekki endilega til með að endurspeglast í smásöluverði á matvælum því þar séu margar breytur, svo sem í umhverfis-, félags-, pólitísku og efnahagslegu tilliti.

Lág- og meðaltekjulönd knýja áfram vöxt landbúnaðarafurða. Lögð er í skýrslunni áhersla á að þróttmiklir alþjóðlegir markaðir fyrir landbúnaðarvörur verði áfram mikilvægir fyrir fæðuöryggi þjóða og lífsviðurværi dreifbýlis. Þjóðir heims hafi aukið framleiðslu sína hratt, með nýrri tækni, nýsköpun og nýtingu á náttúruauðlindum landanna.




Í nýrri skýrslu OECD/FAO um landbúnaðarhorfur á heimsvísu til ársins 2033 er áætlað að vöxtur í mjólkurframleiðslu í heiminum verði meiri en í öðrum landbúnaðarafurðum, árlega um 1,6 prósent til 2033. Hér má sjá evrópskar kýr í stórbrotnu alpalandslagi. Mynd / Pete Linforth-Pixabay

### *Mjólkurframleiðsla vex meira en aðrar greinar*

Samkvæmt OECD/FAO munu neytendur áfram hafa mjólkurvörur í hávegum sem mikilvægan hluta af heilbrigðu og næringarríku mataræði. Í takt við hækkandi tekjur og fólksfjölgun er áætlað að neysla haldi áfram að aukast á heimsvísu til meðallangs tíma. Einkum knýja Indland og Pakistan þann vaxtarbrodd. Neysla á hvern íbúa á unnum mjólkurvörum heldur einnig áfram að aukast.

Áætlað er að mjólkurframleiðsla í heiminum verði meiri en í öðrum landbúnaðarafurðum á komandi áratug, um 1,6 prósent á ári. Búist er við meira en helmingi framleiðsluaukningar í Indlandi og Pakistan. Gert er ráð fyrir að löndin samanlagt muni standa fyrir yfir 30 prósentum af mjólkurframleiðslu heimsins árið 2033. Innan ESB er gert ráð fyrir að mjólkurframleiðsla minnki lítillega vegna minni eftirspurnar, framleiðslutakmarkana sem tengjast umhverfislöggjöf og útbreiðslu annarra framleiðslukerfa.

Um það bil 7 prósent af þeirri mjólk sem framleidd er í heiminum verður vara á alþjóðlegum mörkuðum.

### *Meira alifuglakjöt innan ESB*

Spáð er að kjötframleiðsla í heiminum muni aukast um 12 prósent á tímabilinu og ná 388 milljónum tonna miðað við skrokkþyngd (cwe). Búist er við stærstum hluta framleiðsluaukningar í Asíu og talið að alifuglakjöt styrki þegar markaðsráðandi stöðu á kjötmarkaði.

Gert er ráð fyrir að neysla á kjúklingi, svínakjöti, nautakjöti og lambakjöti aukist um 16 prósent til ársins 2033. Kjötneysla aukist um 0,5 kíló á mann á ári og verði komin í 28,6 kílóa ársneyslu á mann árið 2033. Í prósentum talið eykst neysla á mann um 2 prósent árið 2033. Það er þó aðeins þriðjungur af vexti síðasta tíu ára tímabils. Ásamt Indlandi og Kína er búist við að kjötneysla aukist mest í Víetnam, Bandaríkjunum og Brasilíu.

OECD/FAO bendir á alþjóðlega þróun þar sem neytendur verði sífellt næmari fyrir dýravelferð og umhverfis- og heilbrigðismálum sem tengjast dýraframleiðslu, sem samkvæmt OECD/FAO gæti leitt til minni kjötneyslu á mann. ESB er nefnt sem dæmi. Þar er gert ráð fyrir að í stað neyslu kjöts af nautakjöti, svínum og sauðfé komi alifuglakjöt. Á heimsvísu er einnig talið að alifuglakjöt standi undir helmingi aukningar kjötneyslu.

Hár framleiðslukostnaður, m.a. fóðurkostnaður, og strangara regluverk hefur haft rík áhrif á kjötframleiðslu undanfarin ár, auk ýmissa sjúkdóma.

Talið er að framleiðendur þurfi að bæta framleiðni sína til að viðhalda samkeppnishæfni, m.a. með afkastaaukningu á grunni bættrar ræktunar og skilvirkari verkferla, bættri fóðurnýtingu og meiri sláturþyngd.

Hlutfall landbúnaðarhráefnis sem fer í fóður er talið munu aukast eftir því sem dýraframleiðsla vex og eflist.

### *Kornframleiðsla eykst um 350 milljónir tonna*

Vöxtur korneftirspurnar mun skv. skýrsluhöfundum ekki aukast og á það rætur að rekja til minnkandi eftirspurnar eftir fóðri, lífeldsneyti og iðnaðarnotkunar korns. Vöxtur í eftirspurn korns er fyrst og fremst tengdur fólksfjölgun í lægri millitekjulöndum.

Búist er við aukinni eftirspurn eftir hveiti og hrísgrjónum í Asíu en í Afríku er reiknað með aukinni neyslu á hirsi, dúrru og hvítum maís. Hrísgrjón eru einnig að aukast í fæðu sumra Afríkulanda. Talið er að kornframleiðsla á heimsvísu aukist um 350 milljónir tonna og verði 3.200 milljónir tonna árið 2033. Um 40 prósent aukningarinnar verður í Asíu.

Að meðaltali fara 17 prósent af kornframleiðslu heimsins á alþjóðlega markaði.

### *Losun dregst saman*

Christina Furustam, sérfræðingur hjá Landssamtökum bænda í Svíþjóð, bendir í umfjöllun sinni um skýrslu OECD/FAO að einkar jákvætt sé að Afríka muni á komandi árum eiga vaxandi hluta framleiðsluaukningar kornvöru. Þá muni landbúnaðarframleiðsla heims losa minna af gróðurhúsalofttegundum á hverja einingu en áður.

Hún tiltekur einnig að mjólkurvörur styrki stöðu sína sem uppspretta næringar og orku fyrir neytendur. */sá*








Frá framkvæmdunum á Espiflöt.

# Gróska hjá blómabændum

## – Aukin framleiðsla á Espiflöt með hækkun á gróðurhúsi

**Á Espiflöt í Reykholti í Biskupstungum hefur á undanförnum vikum verið unnið að hækkun á einu gróðurhúsi blómabændanna sem þar reka garðyrkjustöð sína, í því skyni að skapa skilyrði til aukinnar framleiðslu.**

Mikill uppgangur hefur verið í blómaframleiðslu á undanförnum árum, eða allt frá því að Covid-faraldurinn skall á Íslandi í byrjun árs 2020.

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, stýrir garðyrkjustöðinni á Espiflöt og segir hann að tekið hafi verið gamalt og vel byggt 1.200 fermetra gróðurhús og það hækkað um 1,5 metra.

„Við fengum hollenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þannig aðgerðum til að sjá um verkið. Með aukinni lofthæð skapast betri skilyrði inni í gróðurhúsinu hvað varðar loft og raka. Við getum líka sett upp öflugri vaxtarlýsingu,“ segir Axel.

Axel gerir ráð fyrir að uppskeran aukist um 30–50 prósent þegar framkvæmdinni er lokið og gróðurhúsið komið í fullan gír aftur.



Axel Sæland.

„Sala á blómum jókst mjög í Covid og hefur ekkert dregist saman síðan. Þetta hefur aukið á tekjur okkar og við nýtt það til að reyna að gera enn betur eins og þessi aðgerð sýnir.“ */smh*

# GOTTI

## ALLA DAGA





Nemendur Fiskeldisskóla unga fólksins í Þorlákshöfn en krakkarnir heimsóttu meðal annars laxeldisfyrirtækið First Water. Mynd / Aðsend

# Fiskeldisskóli slær í gegn

**Fiskeldisskóli unga fólksins hefur víða verið vel sóttur í sumar.**

Fiskeldisskólinn er samstarfsverkefni vinnuskóla sveitarfélaga, Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og fyrirtækja í fiskeldi. Honum er ætlað að bæta menntun tengda fiskeldi og miðla þekkingu til krakka á aldrinum 14-16 ára. Kennarar eru nemendur sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri, ýmist útskrifaðir eða enn í námi.

„Skólinn hefur gengið mjög vel og mikill áhugi er á honum. Í sumar vorum við til dæmis að kenna í fyrsta sinn á Húsavík og í Þorlákshöfn en við höfum einnig kennt hann í Vesturbyggð og á Djúpavogi. Fiskeldisskólinn er hluti af „Bridges VET“ verkefni, sem er samstarfsverkefni Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands um nám í fiskeldi,“ segir Guðrún Arndís Jónsdóttir, forstöðumaður í Háskólanum í Akureyri, alsæl með áhuga unga fólksins á fiskeldisskólanum. */mhh*

# Saman í rannsóknir

**Matís og Landbúnaðarháskóli Íslands hafa gert með sér samstarfssamning til að auka þekkingu og bæta þjónustu á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu.**

Samningurinn var staðfestur í júlíbyrjun og er um rannsóknasamstarf bæði í innlendum sem erlendum verkefnum og samstarf um tillögur og sérverkefni fyrir stjórnvöld á sviði landbúnaðar og matvæla.

Segir í fréttatilkynningu að samstarf verði um uppbyggingu rannsóknainnviða og sérfræðiþekkingar þar sem við á. Sérfræðingar beggja munu tengjast betur í gegnum sameiginleg verkefni.

Áherslusviðin þar sem samstarfið mun gagnast eru t.d. sauðfjárrækt, kynbætur (erfðafræði), ný prótein, tenging vinnslu og frumframleiðslu, nýting hliðarafurða, fóður, áburður, vöruþróun og samstarf við neytendur.

Þá er stefnt að nýtingu sértækra rannsóknainnviða hvorrar stofnunar um sig til að skapa samlegðaráhrif í starfsemi og um leið að styrkja rekstrarforsendur innviðanna.

Gert er ráð fyrir vinnu nýdoktora, doktors- og eða meistaranema í völdum samstarfsverkefnum og skulu þeir að jafnaði vera undir leiðsögn sérfræðinga annars eða beggja aðila. Leitast verður við að fjölga doktorsnemum á sviði landbúnaðar og matvæla.

Jafnframt verður lögð sérstök áhersla á nýtingu á erlendum tengslanetum í Evrópu og Norðurlöndum, sbr. UNIgreen og öðrum samstarfsaðilum eftir því sem við á. */sá*






Heimilt er að veiða 800 hreindýr í ár. Nú er búið að veiða rúmlega 120 tarfa og á annan tug kúa. Mynd / pvdberg

## Hreindýraveiðar:

# Þoka hefur torveldað veiðiskap

**Veiðitímabil á hreindýrstarfa hófst 15. júlí og hreindýrskúa 1. ágúst. Það sem af er hafa veiðst u.þ.b. 121 tarfur og 14 kýr.**

Jóhann G. Gunnarsson, sérfræðingur í teymi lífríkis og veiðistjórnunar hjá Umhverfisstofnun, segir veiðar fara frekar hægt af stað. „Mikið hefur verið um þokur í því hægviðri sem verið hefur undanfarnar vikur,“ segir hann. Búið sé að veiða tarfa á öllum veiðisvæðum. Þó mest á svæðum eitt og sex, þar sem kvótinn á torfum sé hvað hæstur.

„Dýrin eru vel á sig komin og búið að fella nokkra tarfa sem hafa verið um og yfir 100 kg í fallþunga. Menn verða að nýta alla góða daga sem gefast í veðrinu og fylgjast vel með þannig að ekki verði örtröð seint á veiðitímanum. Það kvótinn sé lítill á mörgum svæðum þá getur það gerst,“ segir Jóhann. Hann bendir jafnframt á að á veiðisvæði tvö sé lítill kvóti eins og í fyrra vegna fæðar dýra á Fljótsdalsheiðinni og víðar á svæði tvö.

*Átta hundruð dýra kvóti*

Í ár er heimilt að veiða allt að 800 hreindýr; 397 kýr og 403 tarfa. Kvótinn er sá minnsti í mörg ár. Gjald fyrir veiðileyfi á tarf er 193 þúsund krónur og 110 þúsund fyrir kú. Veiðitíma á tarfa lýkur 15. september og á kýr 20. september.

Á tímabilinu 1. nóvember til og með 20. nóvember eru veiðar á kúm þó heimilaðar á svæðum átta og níu samkvæmt þar til bæru veiðileyfi.

Námskeið fyrir nýja leiðsögumenn með hreindýraveiðum var haldið í vetur. „Þeir sem sátu það þurfa svo að fara tvær veiðiferðir sem nemar með reyndum leiðsögumanni og þegar það er í höfn ásamt öðrum skilyrðum þá fá þeir skírteinið í hendur,“ útskýrir Jóhann. Um miðjan ágúst voru 11 af 32 komnir með réttindin.

*Veitt sé sem vestast*

Sérstök tilmæli eru frá Umhverfisstofnun um að veiðimenn leitist við að veiða sem stærstan hluta kvótans á svæði níu vestast á svæðinu í Suðursveit. Er tilgangurinn að draga úr líkum á að hreindýrin á svæði níu leiti milli sauðfjárveikivarnahólfa yfir í Öræfasveit, sem og að stuðla að fækkun hreindýra sem gengið hafi á Breiðamerkursandi og valdi þar gróðurskemmdum. */sá*




Veiðisvæði hreindýra.

## Sýklalyfjaónæmi:

# Aðgerðaáætlun staðfest

**Nú í byrjun ágúst staðfestu íslensk stjórnvöld aðgerðaáætlun gegn sýklalyfjaónæmi, sem talin er vera ein helsta heilbrigðisógn samtímans.**

Hingað til hefur sýklalyfjaónæmi ekki verið jafnstórt vandamál á Íslandi og víða annars staðar, en samkvæmt aðgerðaáætluninni hefur það farið vaxandi hér á undanförnum árum.

Talið er að aukið sýklalyfjaónæmi muni valda erfiðleikum við meðhöndlun ýmissa sjúkdóma og sýkinga, auka dánartíðni og kostnað í heilbrigðiskerfinu. Sú hætta er metin raunveruleg að í náinni framtíð verði ekki hægt að meðhöndla einfaldar og alvarlegar sýkingar með sýklalyfjum.

*Regluleg vöktun*

Undir aðgerðaáætlunina skrifuðu Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra. Aðgerðaáætluninni var skilað til Willums í byrjun árs en að vinnu hennar kom þverfaglegur starfshópur.

Eitt af markmiðum áætlunarinnar er að bæta yfirsýn og þekkingu á útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og sýklalyfjaleifa í umhverfinu, hjá mönnum, dýrum og í matvælum. Það verður gert með því að koma á reglulegri vöktun en til þess þarf Umhverfisstofnun úrræði eins og mannafla og fjármagn – en fyrir því er gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun aðgerðaáætlunarinnar.



Aukin fræðsla til almennings, dýralækna og matvælaframleiðenda er meðal helstu aðgerða sem snúa að landbúnaði og matvælaframleiðslu. Mynd / smh

*Meira eftirlit og aukin fræðsla*

Helstu aðgerðir sem snúa að landbúnaði og matvælaframleiðslu snúa að meira eftirliti með notkun sýklalyfja í dýrum, auka fræðslu til almennings, dýralækna og matvælaframleiðenda.

Áætlunin nær til áranna 2025–2029 og inniheldur sex aðgerðir sem fela í sér 24 markmið og 75 verkefni sem nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd. */smh*

Tiptiptap
ÍSLAND

LEIKTÆKI
GÚMMÍHELLUR




grjotgardar.is/tiptiptap
grjotgardar@grjotgardar.is

GRJÓTGARÐAR EHF

GRJÓTGARÐAR ERU UMBOÐSAÐILI TIPTIPTAP Á ÍSLANDI

Fjarskipti:

# Lokahnykkurinn á ljósleiðaravæðingu

**Stjórnvöld hafa tilkynnt áform um að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins fyrir árslok 2026. Bæta á fjarskiptasamband á 100 stöðum á landinu.**

Stefnt er að því að öll heimili á Íslandi verði orðin ljósleiðaratengd árið 2026. Tengja á 102 smærri þéttbýliskjarna um land allt. Kostnaður er áætlaður um 450 milljónir króna og mun þegar vera fjármagnaður af fjarskiptasjóði og úr byggðaáætlun.

Fjarskiptastofa kannaði í vor áform fjarskiptafyrirtækja og opinberra aðila um uppbyggingu á ljósleiðara í öllu þéttbýli árin 2024–2026. Með þéttbýli er átt við 102 skilgreinda þéttbýlisstaði með 200+ íbúa og byggðakjarna með 50–199 íbúa. Niðurstaðan er sú að tilkynnt áform ná ekki til um 4.900 ótengdra heimilisfanga í þéttbýli með rúmlega 5.600 lögheimilum.


Öll heimili landsins ættu að vera orðin ljósleiðaratengd eftir tvö ár.

### *Langþráð uppfærsla*

Um er að ræða framhald af verkefninu Ísland ljóstengt sem hafði að markmiði að koma ljósleiðaratengingu í dreifbýli þar sem markaðsforsendur væru ekki fyrir hendi. Fjarskiptasjóður studdi þar 57 sveitarfélög til að leggja ljósleiðaranet í dreifbýli sínu og er nú svo komið að um 82% lögheimila í dreifbýli hafa aðgang að ljósleiðara. Nú verður lögð áhersla á að 100% aðgengi náist fyrir árslok 2026, á grundvelli samvinnu íbúa, sveitarfélaga, fjarskiptafyrirtækja og ríkisins, eins og segir í frétt frá Stjórnarráðinu. Um sé að ræða langþráða heildstæða uppfærslu fjarskipta gagnvart þúsundum heimila um land allt.

Til stendur að gera sveitarfélögum tilboð um 80.000 kr. styrk til að kosta jarðvinnu við að tengja hvert ótengt heimilisfang fyrir árslok 2026. Sú upphæð jafngildir áætluðum meðaltals-jarðvinnukostnaði fyrir hvert heimilisfang og er jafnframt sambærileg upphæð og fjarskiptafyrirtæki setja upp sem tengigjald fyrir lögheimili í þéttbýli á markaðsforsendum. Sveitarfélög hafa til 16. ágúst að tilkynna hvort þau þiggja tilboðið.

### *Upphersla á farneti*

Jafnframt verður ráðist í átak til að bæta fjarskiptasamband á um 100 stöðum á landinu. Útbreiðsla farnets síðustu árin hefur verið að mælast um og yfir 99,9% í byggð en samkvæmt frumathugun Fjarskiptastofu eru um 100 lögheimili eða vinnustaðir sem ekki eiga kost á farneti yfir höfuð eða þá að fyrirliggjandi farnet uppfyllir ekki lágmarksskilyrði alþjónustu. */sá*

**Notuð veitingahúsatæki til sölu!**




1. **Hatco Hitaskúffur kr. 100.000.**
2. **Safavél kr. 180.000.**
3. **Staflanlegar innkaupakörfur kr. 900 stk.**
4. **Vitra Hal Stool barstólar frá Pennanum kr. 20.000 stk.** ( Kosta nýir kr. 81.500 )
5. **Hay barstólar hvítir kr. 18.000 kr. stk.** ( Kosta nýir kr. 57.400 )
6. **Hvít borð frá Pennanum – 60*60 cm. kr. 20.000 stk.- -til 18 stk.** ( Kosta ný kr. 110.000 stk. )
7. **Viðarlituð borð frá Pennanum – 60*60 cm. kr. 20.000 stk.- - til 70 stk.** ( Kosta ný kr. 80.000 )
8. **Uppstillingareyjur úr tré – margar stærðir.**
9. **Sveba Dalhen pizzaofn frá Fastus, kr. 500.000.** ( Kostaði nýr kr. 3.500.000 )

**Fyrirspurnir sendist á netfangið: i.magnusdottir@lagardere-tr.is eða í síma 892-0213.**



Tölvuteikning af Líforkuverinu sem mun rísa í Dysnesi í Eyjafirði. Teikning / Quad-studio

# Upplýsingavefur um líforkuver fyrir dýraleifar

## – Áætlað að hægt verði að taka á móti áhættuúrgangi árið 2028

**Vefurinn Líforka.is var formlega opnaður fyrir skemmstu, sem er upplýsingavefur um líforkuver sem áformað er að reisa á Dysnesi í Eyjafirði og getur tekið við þeim dýraleifum sem teljast til áhættuúrgangs.**

Sumarið 2022 féll dómur EFTA-dómstólsins þar sem fram kemur að fyrirkomulag á förgun dýraleifa á Íslandi sé ekki í samræmi við ákvæði EES-löggjafar. Aðeins er ein móttökustöð fyrir slíkan áhættuúrgang rekin á Íslandi, sem er brennslustöðin Kalka í Helguvík á Reykjanesi og annar ekki þörfinni á landsvísu fyrir allri förgun. Því hafa stjórnvöld ekki gert athugasemdir við að verulegur hluti dýrahræja sé urðaður. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, áminnti hins vegar stjórnvöld í lok júní síðastliðnum fyrir að hafa ekki aðhafst í málinu frá því að dómurinn féll.

### *Dýraleifum umbreytt í orkugjafa*

Líforkuverið í Dysnesi verður ekki brennslustöð, heldur mun dýraleifunum verða umbreytt í orkugjafana kjötmjöl og fitu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við uppbyggingu í Dysnesi byrji á næsta ári og starfsemi verði hafin á árinu 2028, en verkefnið er unnið með stuðningi og aðkomu stjórnvalda.

### *Enn unnið að skipulagi söfnunar*

Kristín Helga Schiöth er framkvæmdastjóri Líforkuvers ehf. og segir hún að starfsemi líforkuversins muni snúa að áhættumesta úrganginum (CAT1) fyrst og fremst ásamt hræjum sem falla undir CAT2. „Til einföldunar má segja að það efni sem í dag endar í svokölluðum hrægámum sveitarfélaga, eða er urðað heima á bæ, muni eiga sér farveg í líforkuverinu á Dysnesi, ásamt áhættuvef frá afurðastöðvum.


Kristín Helga Schiöth ávarpar gesti á opnuninni á vef Líforkuvers, en athöfnin fór fram í Hofi á Akureyri. Mynd / Axel Þórhallsson

Áhersla verður áfram á að uppfylla skyldur Íslands gagnvart EES-samningnum þegar kemur að vinnslu og meðhöndlun áhættumesta efnisins og felur það meðal annars í sér að tekin séu heilasýni úr jórturdýrum og að skimað sé skipulega fyrir smitandi svampheilakvillum. Samkvæmt nýsamþykktri Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu þarf að vinna skipulag fyrir sýnatöku úr hræjum samhliða skipulagi söfnunar dýrahræja. Líforkuver ehf. hefur unnið tillögu að slíku söfnunarkerfi að finnsku og norsku fordæmi, og heldur vinna við útfærslu og framkvæmd slíks kerfis nú áfram í samvinnu við stjórnvöld.“

### *Engin söfnun á um helmingi landsins*

Kristín útskýrir að eins og staðan sé í dag fari fram söfnun á dýraleifum á vegum sveitarfélaga á um helmingi landsins, en þar sem úrvinnslustöðvar séu engar er efnið keyrt til urðunar. „Þetta fyrirkomulag uppfyllir ekki skilyrði til meðhöndlunar áhættuúrgangs, þó að sveitarfélögin séu víða að gera sitt besta til að þjónusta bændur. Á hinum helmingi landsins fer ekki fram neins konar söfnun á dýraleifum og því ræður búseta bænda því hvaða þjónusta þeim býðst þegar kemur að afsetningu efnisins. Áhersla verður lögð á að samræmt söfnunarkerfi á landsvísu mæti bændum jafnt, óháð búsetu og fjarlægð frá vinnslustöð.

Matvælaráðherra opnaði vefinn og fundaði með forsvarsfólki Líforkuvers í vikunni.

„Það var bæði ánægjulegt og viðeigandi, enda málefni dýraleifa á ábyrgð matvælaráðherra og undirstrikar opnun vefsins áform stjórnvalda um að styrkja innviði sem stuðla að bættri vinnslu lífræns úrgangs. Verkefnið hefur einnig notið stuðnings umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis enda mun það draga úr losun á beinni ábyrgð Íslands og mun stuðla að framleiðslu innlendra orkugjafa.

Á vefnum er flestum spurningum svarað er varðar líforkuverið, sögu verkefnisins og stöðu þess í dag, en einnig er þar hægt að finna svör við spurningum um sjálfa vinnsluna, staðsetningu, ásýnd og bakhjarla verkefnisins,“ segir Kristín. */smh*

Bláskógabyggð:

# Kettir mega ekki vera á flækingi

**Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt nýjar reglur um kattahald í þéttbýli sveitarfélagsins.**

Þar kemur m.a. fram að köttum skal haldið þannig að þeir valdi ekki hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá beri eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Eigandi eða umráðamaður kattar skal greiða það tjón sem köttur hans veldur.

Markmið samþykktarinnar um kattahald í sveitarfélaginu er að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með þá, tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir séu ekki á flækingi og að af þeim stafi hvorki ónæði né tjón. Markmiðið er einnig að stuðla að verndun fuglalífs.


**Köttur sem ber kraga með bjöllum utan um hálsinn, en slíkur búnaður getur minnkað veiðiafköst katta á smáfuglum. Ný samþykkt Bláskógabyggðar um kattahald er m.a. ætlað að vernda fuglalíf.** Mynd / Aðsend

Í gjaldskrá Bláskógabyggðar vegna kattahalds kemur fram að gjald vegna handsömunar kattar greiðist við afhendingu kr. 12.500. Að auki skal greiða daggjald 3.000 kr. fyrir hvern dag fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar, þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar. */ mhh*

# Ég vil bara vera sprækur

*Einar Bárðarson*



Einar Bárðarson var farinn að finna fyrir verkjum í hnjám við áreynslu, til dæmis þegar hann gekk upp tröppur. Hann segir að Active JOINTS hafi hjálpað sér frá fyrsta degi og hann hafi því mikla trú á virkni þess.

„Fyrir um einu og hálfu ári las ég grein þar sem Hartmann reiðhjólamaður mælti með Active JOINTS frá Eylíf sem bætiefni fyrir liðina. Ég ákvað að prófa og fann mjög fljótt mikinn mun þannig að ég gæti að því að taka það inn daglega. Ef ég var kærulaus og gleymdi að taka Active JOINTS í nokkra daga fann ég mun á mér til verri vegar og passa því að sleppa ekki degi úr,“ útskýrir Einar.

„Ég fann fyrir sting undir hnéskelinni í tröppum og þegar ég reyndi á mig. Þetta er ekkert alvarlegt en ef maður finnur til veigrar maður sér við að gera ýmislegt sem annars er auðvelt. Ég vil vera sprækur eins og ég á að mér að vera,“ segir hann en Einar er þekktur fyrir að koma ýmsu í verk og er athafnasamur.

**Skiptir máli að varan sé íslensk**
Einar segir að vissulega skipti það miklu máli að varan sé að öllu leyti íslensk. „Ég treysti íslenskum náttúruvörum vel og finnst óþarfi að flækja hlutina ef það er hægt að fá góða vöru sem er framleidd hér heima,“ segir hann.

Eftir þá góðu reynslu sem hann hafði af Active JOINTS ákvað hann að prófa líka Happier GUTS frá Eylíf sem er sérhönnuð íslensk vara gerð til að styrkja meltingarkerfið. „Það var sama með Happier GUTS, ég fann fljótt bætta líðan. Betri melting sem skilar sér í allar áttir í kroppnum. Þannig að ég hef tekið Happier GUTS nánast óslitið síðan ég kynntist vörunni. Ég get mælt með Active JOINTS og Happier GUTS frá Eylíf þar sem þær vörur hafa reynst mér vel,“ segir hann.

Einar er önnum kafinn maður með ýmislegt á prjónunum. Til dæmis heldur hann úti vinsælum hlaðvarpsþáttum, Einmitt, sem hafa verið í loftinu frá árinu 2022. „Ég nýt þess að eiga samtöl við fólk sem ég hef mætur á og vil jafnvel kynnast betur, ekki er verra að geta síðan deilt því áfram og framleitt þætti sem fólk hefur gaman af að hlusta á. Það er bara frábært,“ segir hann. „Viðtökurnar hafa farið fram úr öllum væntingum og mér hefur þótt rosalega vænt um það.“

**Hengill Ultra Trail hlaupakeppnin**
Fram undan er landsmót utanvegahlaupara sem nefnist Hengill Ultra Trail en Eylíf er einmitt styrktaraðili hlaupsins. „Ég kom inn í þetta verkefni árið 2017 en á stuttum tíma hefur það sprungið út þrátt fyrir Covid og alls kyns uppákomur. Keppendur í ár verða um það bil 1.500, bæði innlendir og erlendir, þar á meðal eru um 150 erlendir hlauparar frá þrjátíu löndum. Hveragerði mun því breytast í alþjóðlega hlaupaborg yfir helgina 7.–8. júní. Eylíf mun færa keppendum í öllum greinum sem komast á pall verðlaunagjafir,“ greinir hann frá.

**Einar segist vel geta mælt með Active JOINTS fyrir alla hlaupara**
„Ég hef heyrt ánægju með vöruna frá mörgum hlaupurum,“ segir hann. Þegar Einar er spurður hvort hann sé sjálfur duglegur að hreyfa sig, svarar hann: „Það fer nú eftir því hvern þú spyrð en líklegast er alltaf tækifæri til að gera betur.“

**Hlaupum bara af stað!**
Og þá gerir maður einmitt það, segir Einar kátur.




# Mun halda mig við Active JOINTS í framtíðinni

*Guðrún Sigríður Jakobsdóttir*



Active JOINTS frá Eylíf hefur reynst mér vel bæði fyrir liðina og sjónina

Guðrún Sigríður Jakobsdóttir kynntist Active JOINTS frá Eylíf fyrir fjórum árum og mælir sérstaklega með því fyrir þá sem finna fyrir óþægindum í liðum. Sjálf var hún með stöðuga verki í hnjám sem komu í veg fyrir daglega hreyfingu.

Eftir að Guðrún byrjaði að taka Active JOINTS fór líðan hennar að breytast til betri vegar og hún segist ekki finna lengur fyrir óþægindum í liðum. „Mér leið ekki bara betur í hnjánum heldur hafði Active JOINTS, svo ótrúlegt sem það hljómar, einnig áhrif á sjónina. Ég var að bíða eftir augasteinaskiptum þar sem að ský hafði myndast á augasteinana. Svo merkilegt sem það er þá hvarf skýið og sjónin batnaði til muna eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS. Ég á enga aðra skýringu en að það sé fæðubótarefninu að þakka,“ segir Guðrún og bætir því við að hún hafi ekki lengur þörf fyrir augasteinaskipti og fari því ekki í aðgerðina.

**Góð áhrif á margan hátt**
„Það má segja að ég finni fyrir alls konar líkamlegum áhrifum eftir að ég byrjaði að taka Active JOINTS og mun því halda því áfram. Til dæmis hefur það mjög góð áhrif á húðina, mér finnst ég ekki eins viðkvæm fyrir sólinni og fæ fallegan lit. Active JOINTS fylgir mér þess vegna í sólarferðir,“ segir hún og bætir við að hún hafi líka prófað Stronger BONES með góðum árangri.

Mér var upphaflega bent á að prófa Active JOINTS til að minnka þessi óþægindi sem ég var með í hnjánum. Það var full ástæða fyrir mig til að prófa og varð undrandi hversu fljótt ég fann mun á mér til hins betra. Ef ég hætti að taka Active JOINTS í smá tíma finn ég strax áhrif til verri vegar,“ útskýrir Guðrún.

Hún segist stundum hafa farið í fjallgöngur en eftir að hún fór að finna fyrir verkjum í hnjánum hætti hún þeim. „Ég myndi treysta mér til að fara núna. Hef farið í góða göngutúra um Elliðaárdalinn án þess að finna til.“

**Mælir með Active JOINTS frá Eylíf**
Guðrún segir að það sé góður kostur að Active JOINTS sé unnið úr hreinum íslenskum náttúruefnum. „Ég hef verið dugleg að benda vinum mínum og ættingjum á Active JOINTS og margir hafa prófað með góðum árangri. Bróðir minn sem er afar gagnrýninn er til dæmis mjög jákvæður í garð Active JOINTS.“

Guðrún er komin á eftirlaunaaldur en hún starfaði sem bókari hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Special Tours. Eiginmaðurinn er í golfi en Guðrún er í félagsskap sem nefnist Business Professional Women, hún var gjaldkeri Evrópusamtakanna og hafa ferðalög fylgt því starfi. Guðrún nýtur þess að vera þátttakandi í samtökunum og hefur meiri tíma en áður til að vera virkur félagi.

Guðrún segist mæla með Active JOINTS frá Eylíf af heilum hug fyrir alla þá sem finna fyrir einhvers konar liðóþægindum. „Ég get ekki annað en mælt með þessari vöru þar sem hún hefur gert mér gott,“ segir hún.

Eftir að ég byrjaði aftur að taka inn Active JOINTS þá tók það aðeins rúmlega viku þar til ég fór að finna aftur stóran mun á mér. Ég mun alveg pottþétt halda mér við Active JOINTS í framtíðinni.

## Úr hreinum íslenskum hráefnum

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS og Stronger LIVER, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukefnum er bætt við. Framleiðslan er á Grenivík með GMP gæðastaðli. „Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra,“ segir Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi Eylíf.




**Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík**

EYLÍF

**www.eylif.is**

***Active JOINTS frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nettó. Allar nánari upplýsingar eru á eylif.is og bjóðum við upp á fría sendingu með Dropp ef keypt er fyrir 7.000 kr. eða meira.***

*Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.*



Útflutningur á hrossum hefst aftur í september.

## Frestun hrossaútflutnings

**Reglubundin yfirhalning farmflugvélar er ástæða þess að engin hross hafa verið flutt frá Íslandi síðan í byrjun júlí.**

Icelandair Cargo sér um flutning hrossa frá Íslandi. Ein farmvél rúmar bása hrossanna en sú flugvél fór í reglulega skoðun og lagfæringu í júlí. Vélin er áætluð aftur til landsins í september og er gert ráð fyrir að útflutningur hefjist aftur þann 5. september næstkomandi.

Það sem af er árinu hafa 617 hross verið flutt frá landinu, 116 stóðhestar, 229 geldingar og 272 hryssur samkvæmt upplýsingum WorldFengs, upprunaættbók íslenska hestsins. /ghp

## Aukin bandvídd á Vestfjörðum


Daði Sigurðarson.

**Nýr bylgjulengdarbúnaður á stofnneti Mílu á Vestfjörðum styður nú við aukna bandvídd á svæðinu.**

„Þessi uppfærsla tryggir að Míla geti annað bandvíddareftirspurn á svæðinu næstu áratugi og opnar á frekari aukningu með auðveldum hætti," er haft eftir Daða Sigurðarsyni, framkvæmdastjóra tæknisviðs Mílu, í tilkynningu.

„Það er gaman að sjá 30 ára ljósleiðarabræði fá endurnýjun lífdaga með 200 gígabita uppfærslu með nýrri bylgjulengdartækni. Vestfirðir fá þarna góða innspýtingu af bandvídd sem kemur til með að nýtast íbúum, stofnunum og fyrirtækjum á svæðinu. Við eigum svo inni að bæta við fleiri bylgjum til að auka bandvídd enn frekar." /mhh

### Tækniframfarir:

# Bændur í sólarselluverkefni

## – Getur orðið ný aukabúgrein á Íslandi

**Fyrirtækið Alor sérhæfir sig í orkulausnum, meðal annars innleiðingu á framleiðslu rafmagns með sólarsellum og geymslu þess á rafhlöðum hér á Íslandi. Í undirbúningi er verkefni með þátttöku bænda, þar sem markmiðið er að skoða nýtingu slíkrar orkuöflunar í mismunandi búrekstri.**

Linda Fanney Valgeirsdóttir, framkvæmdastýra Alor, segir að verkefnið sé samstarfsverkefni með Bændasamtökum Íslands og muni felast í að setja upp jafnstór kerfi af sólarsellum og rafhlöðum nú í haust á fjórum bæjum; kúabúi með mjaltaþjóni, svínabúi, garðyrkjubýli og aflögðu loðdýrabúi. Hún segir að búið sé að ganga frá samningum um þátttöku við alla nema garðyrkjubændur og óskar eftir því að áhugasamir gefi sig fram við hana. Vonir standa til þess að stærstur hluti kostnaðar verkefnisins verði fjármagnaður með styrkjum úr samkeppnissjóðum og séu styrkvilyrði þegar farin að berast.


Í síðustu viku heimsótti Linda Fanney Valgeirsdóttir tvo bæi í Eyjafjarðarsveit sem munu taka þátt í tilraunaverkefninu. Hér er hún ásamt Aðalsteini Hallgrímssyni í fjósinu í Garði þar sem unnið er að undirbúningi uppsetningar birtuorkukerfis. Mynd / Aðsend

### *Birtuorka fremur en sólarorka*

Að sögn Lindu felst hlutverk Bændasamtakanna í að opna samtal við aðra bændur, halda þeim upplýstum um framgang verkefnisins og aðstoða við að kynna niðurstöður þess. Hún segir að margir haldi að sólarsellur þurfi sól til að safna orku, en það sé ekki rétt. Einungis þurfi tiltekin birtuskilyrði og því sé réttara að kalla ferlið birtuorkuframleiðslu.

„Verkefnið leggur grunn að því að slík framleiðsla geti orðið ný aukabúgrein bænda hér á landi, þar sem rafmagnið er selt inn á raforkukerfið, líkt og í fjölmörgum öðrum ríkjum," segir Linda.

### *Fjölþættir kostir*

Linda segir að í raun sé græn orka uppseld á Íslandi miðað við núverandi forsendur. Því sé raforkuöryggi heimila og fyrirtækja ógnað. Óeining sé um nýtingu á vindorku og frekari vatnsaflsvirkjunum auk þess sem nokkur ár séu í að slíkir orkukostir skili raforku inn í kerfið.

„Sólarsellur og rafhlöður eru tæknilausnir sem nýttar hafa verið með góðum árangri um allan heim og stærri uppsetningar á Íslandi hafi sýnt jákvæðar niðurstöður, svo sem í Grímsey. Sólarsellur eru yfirleitt festar á húsþök eða jarðfastar og eru slíkar framkvæmdir algjörlega afturkræfar. Með því að nýta þennan orkukost, sem lítil áhersla hefur verið á hér á landi hingað til, er unnt að lækka rafmagnskostnað, auka afhendingaröryggi í rafmagnstruflunum, draga úr olíunotkun vegna minni notkunar olíuknúinna rafstöðva og draga úr álagi á raforkukerfið," segir hún.

### *Jafn sjálfsagt og að virkja bæjarlækinn*

Eðlilegt sé að horfa einnig til þessarar nýtingar í því skyni að aðstoða við að standa undir skuldbindingum í loftslagsmálum. Bent hafi verið á mikilvægi birtuorkuframleiðslu til framtíðar í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um bætta orkunýtni og ný tækifæri til orkuöflunar sem kom út í apríl síðastliðnum. Íslensk stjórnvöld átti sig á mikilvægi þessa orkukosts og vinni að því að gera sölu birtuorku inn á kerfið einfalda og aðgengilega.

„Við hjá Alor munum leggja metnað í að styðja við vinnuna og vonumst til þess að innan tíðar verði jafn sjálfsagt að virkja birtuna og bæjarlækinn," segir Linda.

### *Þekkir áskoranir bænda*

Linda segir að gríðarleg aukning hafi orðið í nýuppsettu birtuafli á heimsvísu á árunum frá 2021 til 2023 – eða um 40 prósent. Norðurlöndin séu komin langt á undan okkur í þeirri þróun. „Það er jákvætt fyrir Ísland, meðal annars vegna þess að við getum byggt á áralangri reynslu nágrannaþjóða okkar. Alor er í samstarfi við rótgróið, danskt fyrirtæki og munu fulltrúar þess veita dýrmæta tækniráðgjöf í verkefnum félagsins. Við Íslendingar erum þó sjálf bestu sérfræðingarnir þegar kemur að því að tryggja að búnaður standist veðurágang hér á landi og við vinnum nú að sérhönnuðum festingum í samstarfi við öfluga aðila hér á landi."

Spurð af hverju Alor velji að fara í samstarfsverkefni með bændum, segir Linda að sjálf sé hún fædd og uppalin á sauðfjárbúi í Skagafirði og hafi starfað sem sérfræðingur í ráðuneyti sem fór með málefni landbúnaðar og matvæla. Hún þekki því þær áskoranir sem bændur standa frammi fyrir. „Þeir glíma við afkomuvanda þar sem rafmagnskostnaður er sístækkandi kostnaðarliður – og hamlar í raun vexti til dæmis í ylrækt. Þarna geti verið tækifæri með birtuorkuframleiðslu. Auk þess er rafmagnskostnaður hærri á landsbyggðinni og endurgreiðslutími búnaðarins því styttri en á höfuðborgarsvæðinu."

### *Hagstæðari búnaður en áður*

Kostnaður við kaup og uppsetningu á kerfunum er mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins, en búnaðurinn hefur lækkað töluvert í verði á síðustu árum. Alor setur upp áætlun við kostnað og greinir fýsileikann á nýtingunni á kerfunum. Linda segir að Alor aðstoði einnig við styrkumsóknir og bendir á að opið sé fyrir umsóknir fyrir Sólarsellustyrki Orkuseturs Orkustofnunar til 31. ágúst næstkomandi.

„Áætlað meðaltal af birtuorkuframleiðslu á fermetra á Íslandi er 985 kílóvattstundir (kWst) á ári. Þannig má gefa sér að á 100 fermetra þaki komist fyrir um 50 sellur sem framleiða um 19.000 kWst á ári. Til samanburðar má nefna að meðalheimili notar um 4.000 kWst árlega. Þar sem raforkuverð auk flutnings er í kringum 23 krónur á kWst er áætlað að sparnaður af slíku kerfi geti verið tæplega 450 þúsund krónur á ári, þegar kostnaður við kerfið hefur verið greiddur. Að því gefnu að birtuorkuframleiðslan og notkun haldist í hendur eða orkan sé geymd á rafhlöðum. Birtuorkusellur endast í 25–30 ár með litlu viðhaldi og má þannig áætla að heildarframleiðsla yfir líftíma framangreinds kerfis sé í kringum 580.000 kWst," segir Linda. /smh




### Hestaíþróttir:

# Sigursæl á lánshestum

**Norðurlandamótið í hestaíþróttum fór fram um liðna helgi í Danmörku. Svíar voru þar atkvæðamestir en íslensku ungmennin stóðu sig vel.**

Mótið fór fram í Herning dagana 8.–11. ágúst. Meirihluti knapa í íslenska landsliðinu tók þátt í yngri flokkunum en af tuttugu knöpum Íslands voru eingöngu sex í fullorðinsflokki. Þar fór fremstur Þórður Þorgeirsson sem tryggði Íslandi gull í A flokki gæðinga. Sat hann Gorm fra Villanora en voru þeir efstir að lokinni forkeppni og héldu forystu í gegnum öll úrslitin og sigruðu nokkuð örugglega.


Íslendingar röðuðu sér í þrjú efstu sæti í fimmgangi ungmenna á Norðurlandamótinu. Frá vinstri: Matthías Sigurðsson, Védís Huld Sigurðardóttir og Hulda María Sveinbjörnsdóttir. Mynd / Anja Mogensen

Alslemma var í úrslitum í fimmgangi í ungmennaflokki en þar röðuðu íslensku knaparnir sér í þrjú efstu sætin. Védís Huld Sigurðardóttir á Búa frá Húsavík fór „Krýsuvíkurleiðina" að sigrinum en þau unnu sér þátttökurétt í úrslitunum í gegnum B úrslit. Matthías Sigurðsson var annar á Páfa frá Kjarri og Hulda María Sveinbjörnsdóttir þriðja á Hetju frá Árbæ en Hulda og Hetja hlutu einnig silfur í samanlögðum fimmgangsgreinum.

Í A flokki ungmenna unnu þeir glæsilegan sigur, Matthías Sigurðsson og Gustur frá Stóra-Vatnsskarði og Guðmar Hólm Ísólfsson og Sólbjartur frá Akureyri unnu silfrið. Guðmar vann síðan B flokk ungmenna á Eyvari frá Álfhólum. Ragnar Snær Viðarsson tók silfur í tölti í ungmennaflokki, Dagur Sigurðsson vann brons í unglingaflokki á gæðingavellinum og Herdís Björg Jóhannsdóttir vann silfur í slaktaumatölti í ungmennaflokki.

Flestir keppendur íslenska landsliðsins kepptu á lánshestum en einungis einn hestur var fluttur út fyrir mótið samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi hestamannafélaga.

Svíar tóku heim liðabikarinn en þeir unnu m.a. gull í 250 metra skeiði en Daníel Ingi Smárason og Hrafn frá Hestasýn voru með besta tímann. Sigurður Óli Kristinsson sigraði gæðingaskeiðið á Fjalladís frá Fornusöndum en Sigurður er búsettur í Danmörku og keppti því fyrir hönd heimamanna á mótinu. /hf

limtrevirnet.is

# BYGGT FYRIR ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir skemmur, geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

**Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2024 ÍSLENSKT Framúrskarandi fyrirtæki 2023







Á bændamarkaðnum við Stuðlagil eru vörur úr sveitinni boðnar til sölu sem konur á Jökuldal og brottfluttar, aðallega eldri konur, hafa búið til.



Stuðlagil er fjölsóttur ferðamannastaður á Jökuldal. Myndir / Aðsendar

## Stuðlagil:

# Bændamarkaður á Grund á Jökuldal

**Í sumar hefur bændamarkaður verið rekinn á Grund á Jökuldal við Stuðlagil, fjölsótta ferðamannastaðinn.**

Á markaðnum eru vörur úr sveitinni boðnar til sölu sem konur á Jökuldal og brottfluttar, aðallega eldri konur, hafa búið til. Megnið af þeim eru ullarvörur, en einnig handunnir skartgripir og ýmiss konar annað handverk. Verður markaðurinn opinn fram yfir miðjan ágúst.

### *Tenging við sveitina*

Rekstraraðili er fjölskyldan á Grund á Jökuldal og er Kolbrún Sigurðardóttir 77 ára verslunarstjóri markaðarins. Dóttir hennar, Stefanía Katrín Karlsdóttir, segir ferðamenn afar ánægða með þetta því þeir vilja kaupa af heimamönnum, handgert og tengja sig við þá.

„Undirbúningsvinna fyrir opnun markaðarins stóð yfir í vetur. Til dæmis var lagt mikið í hönnun og voru fengnir hönnuðir til að hanna útlit, vörumerki, umbúðir, merkimiða og fleira. Byggt var á hugmyndafræðinni um að endurnýta, tengja við sveitina, náttúrulegt og liti svæðisins og sögu þess. Þess vegna erum við með upplýsingar um konurnar úr sveitinni sem sitja og prjóna eða föndra yfir veturinn – og við seljum fyrir þær,“ segir Stefanía.

Að hennar sögn styrkti uppbyggingarsjóður Austurlands hluta hönnunarkostnaðar. „Það var gífurlega mikilvægt því undirbúningur og hönnun er oft vanmetinn kostnaður en niðurstaðan og útkoman verður miklu betri. Nú erum við með konsept sem byggir á markaði og skemmtilegu umhverfi hans. Við erum með á þessum sama stað auk markaðar, veitingavagn, salerni, tjaldsvæði og bílastæði fyrir Stuðlagil.“

### *Skógrækt og ferðaþjónusta*

Á Grund var stundaður sauðfjárbúskapur fram á tíunda áratuginn. „Þá var skorið niður og við snérum okkur að skógrækt og núna ferðaþjónustu. Mamma mín er með fast heimili hér ásamt því að vera með heimili á Egilsstöðum,“ segir Stefanía.

Spurð um fjölda ferðamanna við Stuðlagil þetta sumarið, segir segir hún hann vera svipaðan og í fyrra. Þó sé eitthvað færra af rútum með hópa. */smh*



Ingibjörg Friðbergsdóttir og Kolbrún Sigurðardóttir á bændamarkaðnum.







Ullarvörur, handunnir skartgripir og ýmiss konar annað handverk er til sölu á markaðnum.




26. nóvember – 3. desember 2024
Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir
Verð 339.500 kr. á mann í tvíbýli

Aðventuævintýrið byrjar í borginni Obernai í Alsace héraði þar sem fallegustu aðventumarkaðir Frakklands finnast. Nú skarta borgir og bæir sínu fegursta hvert sem farið er og ilmur frá jólaglöggi og kastaníuhnetum svífur yfir. Seinni hluta ferðar dveljum við í fallegu borginni Konstanz við Bodensee vatnið sem er afar heillandi á aðventunni.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars; Björn Ingi Bjarnason, Hannes Sigurðsson, Böðvar Gíslason og síðan séra Kristján Valur Ingólfsson og séra Friðrik Hjartar.

# Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars í Hveragerðiskirkju

**Meðal kirkjugesta í guðsþjónustu í Hveragerðiskirkju sunnudaginn 14. júlí síðastliðinn var Kirkjuráð Hrútavinafélagsins Örvars á Suðurlandi.**

Var samverustundin í guðsþjónustunni hluti af 25 ára afmælishaldi félagsins. Björn Ingi Bjarnason á Eyrabakka er í Kirkjuráðinu og segir hann að Kirkjuráðið hafi sótt messur í nær öllum kirkjum á Suðurlandi á starfstíma ráðsins.

Björn segir að félag fyrrum þjónandi presta og maka hafi stýrt fallegri og innihaldsríkri guðsþjónustu. „Séra Friðrik Hjartar prédikaði og séra Kristján Valur Ingólfsson þjónaði fyrir altari. Ester Ólafsdóttir lék á orgelið í messunni. Að lokinni guðsþjónustu var kirkjukaffi í safnaðarheimilinu þar sem séra Gylfi Jónsson lék á píanó undir fjöldasöng kirkjugesta.

Í lok kirkjukaffisins ávarpaði Kirkjuráðið hina fyrrum þjónandi presta og þakkaði þær mörgu ánægjulegu samverustundir í kirkjum á Suðurlandi sem fært hafa tilverunni fyllingu,“ segir Björn.

# SUMARTILBOÐ

## 10% afsláttur af öllum garðhúsum og flest öllum gestahúsum sem eru til á lager



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/24-01

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

# KYNNINGARTILBOÐ

## Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL LUND - 22,3 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.

VH/24-06



**MODEL LUND 22,3 m²**

Listaverð kr. 12.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 10.500.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







www.volundarhus.is

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**HEILSÁRSHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



## Garðyrkja:

# Óeðlileg einokun á koltvísýringsmarkaði

**Skortur á koltvísýringi og óöryggi við afhendingu hans hefur hamlandi áhrif á ylræktarframleiðslu á Íslandi. Bændur segja að fyrirtækið Linde Gas notfæri sér markaðsráðandi stöðu sína á vafasaman hátt. Einn garðyrkjubóndi fékk nóg og tók málið í sínar eigin hendur.**

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Koltvísýringur, $CO_2$, er kolefnissameind samsett úr einni kolefnisfrumeind og tveimur súrefnisfrumeindum. Á meðan menn lifa af því að anda að sér súrefni, þá lifa plöntur á því að anda að sér koltvísýringi. Með ljóstillífun taka plönturnar koltvísýringinn úr andrúmsloftinu, kljúfa sameindirnar og nota kolefnið sem næringu og skila súrefni út í andrúmsloftið. Koltvísýringur er því lífsnauðsynlegur plöntunum. Hann er til staðar í andrúmsloftinu í ákveðnum styrkleika. Inni í gróðurhúsum, þar sem þéttleiki plantna er oft mikill, er hægt að auka styrkleika koltvísýrings með því að dæla honum inn í framleiðsluhúsin í ákveðnu magni. Með því eykst vöxtur og gæði plantnanna og starfsemi þeirra verður hraustari sem skilar sér í meiri og betri afurðum. Koltvísýringur er því mikilvægt hráefni í ylræktarframleiðslu. Oft er talað um kolsýru í þessu samhengi, eða fljótandi $CO_2$, en til samræmingar verður hér talað um koltvísýring.

### *Framleiðslubrestur vegna skeytingarleysis*

Aðeins eitt fyrirtæki á landinu, Linde Gas, útvegar koltvísýring hér á landi. Á undanförnum árum hefur megn óánægja aukist meðal viðskiptavina þeirra með viðskiptahætti fyrirtækisins. Lýsir það sér meðal annars í skeytingarleysi gagnvart garðyrkjuframleiðslunni, þannig fá bændur ekki það magn af koltvísýringi sem þeir hafa skuldbundið sig til að kaupa og afhending hefur verið gloppótt.

„Það hafa komið tímabil þar sem við fáum annaðhvort tilkynningu um að ekki sé hægt að afhenda vöruna, eða þá að það sé frestun á afhendingu og við því beðin um að skrúfa niður í gróðurhúsunum og spara á meðan," segir Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Bændur hafi lent í því að vera koltvísýringslausir svo vikum skiptir sem hefur bein áhrif á framleiðslumagn og gæði afurðanna. Þetta kemur aftur niður á rekstraröryggi garðyrkjustöðvanna.

Axel segir að Linde Gas hafi sett fyrir sig skort á koltvísýringi. „Þeir vitna yfirleitt í þá borholu sem þeir hafa verið að vinna úr hér á landi," segir Axel og vísar þar í Hæðarenda í Grímsnesi. „Þeir segja að borholan sé ekki að sinna því sem þeir vonuðust til. Þá hefði maður haldið að innflutningur ætti að koma í staðinn, þótt það sé bagalegt að flytja inn til landsins koltvísýring. En þetta er nauðsynleg vara og maður hefði ætlast til þess að fyrirtækið myndi sinna sínu hlutverki, því það hefur augljóslega leiðirnar til að tryggja sér koltvísýring."

Axel bendir á að fyrirtæki sem séu með einokun á markaði lúti ákveðnum skuldbindingum gagnvart markaði.

„Markaðurinn er í dag háður þessu fyrirtæki á Íslandi. Þeir þurfa að vanda til verks og það á að vera viðskiptavinum til góða að geta leitað til trausts aðila."

### *Viðskiptalegur aulaháttur*

„Við erum að keyra 800–900 ppm í húsunum. Í andrúmsloftinu er styrkurinn um 430 ppm," útskýrir Hafberg Þórisson, forstjóri garðyrkjustöðvarinnar Lambhaga sem framleiðir salat. Þegar framleiðsluhúsin hafi engan auka koltvísýring séu plönturnar fljótar að nýta það sem til er í andrúmsloftinu og styrkur koltvísýrings fellur. „Og þegar ppm-ið er komið niður í tvö hundruð, eins og oft hefur átt sér stað, þá er enginn vöxtur í plöntunum."

Hafberg segir að sér virðist sem forsvarsmenn Linde Gas átti sig ekki á þeim vanda sem upp komi í framleiðslunni þegar stöðvar verða koltvísýringslausar. Hann hafi ekki fengið það magn sem hann hafi samið um og hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þessa.

„Við notum nær tíu tonn á mánuði. Í tönkunum eru sjálfvirkir mælar sem gefa boð í stöðvarhúsið til þeirra og þá eiga þeir að koma og afgreiða mig." Það hafi hins vegar ekki gengið eftir og segir Hafberg þetta afskiptaleysi valda því að hann vilji geta leitað til annarra aðila sem afhenda koltvísýring á öruggari hátt.

„Ég ætla mönnum ekki að þeir séu illir út í okkur. Þetta er bara viðskiptalegur aulaháttur sem kemur illa niður á okkur."

### *Stórfyrirtæki í einokunarstöðu*

Árið 1983 var borað fyrir heitu vatni að Hæðarenda í Grímsnesi. Í vatninu sem fannst kom gas sem reyndist vera nær hrein kolsýra. Sett var upp vélasamstæða og fyrirtækið Kolsýruvinnslan var stofnað árið 1988 sem seldi garðyrkjubændum og drykkjarvöruframleiðendum koltvísýring.

ÍSAGA er fyrirtæki sem stofnað var árið 1919 í samstarfi við sænska fyrirtækið AGA. Fyrirtækið starfaði á markaði fyrir innflutning, framleiðslu, sölu, leigu og dreifingu á gashylkjum, gasi og öðrum lofttegundum.

Árið 1998 keypti ÍSAGA verksmiðjuna á Hæðarenda og lagði um leið niður efnaverksmiðjuna Eim sem fyrirtækið hafði keypt árið 1994. Eimur framleiddi koltvísýring í Þorlákshöfn. Var þá öll framleiðsla og sala á koltvísýringi komið undir eitt fyrirtæki.

Árið 1999 keypti þýska efnafyrirtækið Linde fyrirtækið AGA og eignaðist þar með ÍSAGA. Árið 2012 tók ÍSAGA svo yfir viðskiptasamninga og lausafé fyrirtækisins Strandmöllen ehf. sem seldi hér lofttegundir fyrir málmiðnað og heilbrigðisgeirann.

Við þá yfirtöku myndaðist einokunarstaða á markaði hér á landi, að því er fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2013.

Árið 2020 var nafni fyrirtækisins ÍSAGA breytt í Linde Gas. Linde hafði runnið saman við bandaríska gasfyrirtækið Praxair árið 2018. Samsteypan Linde plc er því langstærsta gasfyrirtæki í heimi og raðar sér árlega á lista stærstu fyrirtækja jarðar. Á vef félagsins segir að starfsemi fyrirtækisins sé í yfir hundrað löndum og hjá því starfi yfir áttatíu þúsund manns.

Höfuðstöðvar Linde Gas á Íslandi eru við Búðarhellu í Hafnarfirði en skráðir eigendur fyrirtækisins eru sænskir; þeir Jonas Anders Nyström, Robin Lars Olofsson og Klas Fredrik Stylander. John Olander er forstjóri Linde Gas.





MF 6S 135-200 HP
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR

ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m

EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD
Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd

STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla

MASSEY FERGUSON
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35,
Selfossi
Sími 4800080
www.buvelar.is



Koltvísýringur er lífsnauðsynlegur plöntum og mikilvægt hráefni í ylræktarframleiðslu. Notkun hans stuðlar að heilbrigðri starfsemi plantna sem skilar sér í meiri og betri afurðum. Teikning / Hlynur Gauti.

### *Milljarða arðgreiðslur*

Linde Gas á lóð á jörð Hæðarenda þar sem koltvísýringsverksmiðja fyrirtækisins er. Fyrirtækið vinnur koltvísýring úr borholu í jörðinni og hefur framleiðsla þar verið á bilinu um 3.800–4.900 tonn á ári á sl. tíu árum. Á sama tíma hefur innflutningur verið á bilinu um 1.000–1.800 tonn á ári, en á fyrstu sex mánuðum ársins 2024 voru flutt inn tæplega 1.700 tonn samkvæmt tölum Hagstofunnar. Innflutningur á koltvísýringi er því að aukast.

Í fréttum Ríkissjónvarpsins árið 2017 sagði Þorlákur Kristjánsson, þáverandi verksmiðjustjóri ÍSAGA, að á Hæðarenda væru framleidd um 4.000 tonn af koltvísýringi á ári. Landsþörfin væri þá um 6.000 tonn og það sem upp á vantaði væri því flutt inn með tilheyrandi kostnaði.

Linde Gas er stöndugt fyrirtæki. Hagnaður fyrirtækisins var rúmlega milljarður króna árið 2022 og reyndist það besta afkoma félagsins. Rekstrartekjur félagsins voru tæpir 3,5 milljarðar króna en kostnaðarverð seldra vara um 840 milljónir króna. Framlegðin er því afar góð. Rekstrarhagnaður ársins 2022 fyrir afskriftir (EBITA) nam rúmlega 1,5 milljörðum króna. Eignir félagsins voru bókfærðar á 5,2 milljarða króna árið 2022 og greiddi félagið eigendum sínum milljarð króna í arð fyrir rekstrarárið.

Í reynd hefur félagið þrisvar sinnum á síðustu fimm árum greitt eigendum sínum milljarð króna í arð. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2023 hefur ekki verið birtur.

Forsvarsmönnum Linde Gas á Íslandi gafst kostur á að svara spurningum Bændablaðsins um rekstur og starfshætti fyrirtækisins og bregðast við gagnrýni bænda á skorti og afhendingu koltvísýrings, en kusu að tjá sig ekki þegar eftir því var leitað.

### *Grænmetisframleiðsla minnkar vegna koltvísýringsskorts*

Viðskiptasamband Linde Gas við garðyrkjubændur felst að sögn þeirra í því að bændur gera samning við fyrirtækið um að leigja af þeim tanka fyrir ákveðið mánaðargjald og skuldbinda sig um leið að kaupa af þeim áætlað magn af koltvísýringi. Fyrirtækið á að sjá um að fylla koltvísýring á tankana þegar þeir tæmast. „Bændur þurfa ákveðið afhendingaröryggi svo framleiðslan detti ekki niður. Fyrirtækið vill líka öryggi á notkun tanka sem þeir útvega. Bændur skuldbinda sig fyrirtækinu alveg með því að leigja tank frá þeim, því þeir mega eingöngu kaupa koltvísýring frá Linde Gas,“ segir Axel Sæland.

Hins vegar hafi margir bændur orðið fyrir framleiðslubresti vegna þess að fyrirtækið afhendir ekki koltvísýring á réttum tíma. „Það er bagalegt fyrir bændur að vera að leigja tank sem ekki er fyllt á. Það virðist vera undir hverjum bónda fyrir sig komið, eins og staðan er í dag, að fá leigu á tanki niðurfellda ef tankur er tómur eða ef þeir geta ekki afhent koltvísýring.“

Dæmi séu um að úr sér gengnir tankar hafi verið í notkun á garðyrkjustöðvum og fyrirtækið dregið lappirnar við að útvega nýjan tank en krefji þó um leigu á tanki.

Bændur hafi skoðað þann möguleika að fjárfesta sjálfir í tanki en forsvarsmenn Linde Gas þá sett þeim stólinn fyrir dyrnar með því að skerða þjónustu við þá og hækka verð.

### *Refskák Höllu*

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi og eigandi Sólskins grænmetis, tók þá ákvörðun að hætta viðskiptum við Linde Gas.

„Í fyrsta lagi voru úreltir tankar á báðum garðyrkjustöðvunum hjá mér þegar ég tók við og leiga hafði verið greidd af þeim mánaðarlega svo líklega er ansi langt síðan þeir hafa verið greiddir upp að fullu. Með réttu eftirliti og viðhaldi hefði ég haldið að þeim báðum hefði átt að vera skipt út einhverjum árum áður. Ég varð mjög ósátt við þau kjör sem mér voru boðin til að leigja nýja tanka því við áttuðum okkur á að það tæki bara nokkur ár að greiða upp tanka á láni ef við myndum kaupa þá. Við fórum því í þá vegferð að kaupa sjálf tanka erlendis frá, sem varð til þess að Linde Gas, eini aðilinn á landinu sem selur koltvísýring, hótaði því að þau myndu ekki afgreiða okkur nema á hærra verði, því viðskiptakjörin byggðu á að við værum að leigja tanka af þeim.“

Þau rufu því viðskiptasambandið við Linde Gas og frá síðustu áramótum voru garðyrkjustöðvar Sólskins koltvísýringslausar um nokkurra mánaða skeið sem leiddi til minni framleiðslu en ella. Í vor bárust Höllu svo leigutankar frá erlendu fyrirtæki sem leigir Sólskins grænmeti einnig þriðja tankinn sem þau flytja inn koltvísýring í til reglulegrar áfyllingar á tankana.

Undirbúningsferlið, grunnkostnaður og uppsetning nýrra tanka voru flókin og kostnaðarsöm að sögn Höllu, en í dag þurfi hún ekki að hafa áhyggjur af því að fá ekki þann koltvísýring sem framleiðslan krefst.

„Ef fleiri bændur væru líka með okkur í liði þá væri hægt að gera þetta með enn hagkvæmari hætti. En ég trúi því vel að aðrir hafi verið smeykir hvort þetta myndi ganga upp hjá okkur eða ekki og held að enginn vilji taka áhættuna að vera í sömu stöðu og sama uppskerutapi og í vetur þegar við vorum koltvísýringslaus.

Draumurinn er auðvitað að geta fengið koltvísýringinn hér heima. Við erum líka í þeirri stöðu þá núna að geta keypt af hverjum sem er þegar tankarnir eru ekki skuldbundnir neinum aðila. Ég tel nokkuð öruggt að það muni verða breytingar á framboðinu á næstu árum og þá mun skipta miklu að hafa frjálsar hendur um hvaðan maður getur keypt áfyllingar,“ segir Halla.

### *Breytingar með örum tækniframförum*

Örar tækniframfarir gætu gjörbreytt umhverfi og aðstöðu garðyrkjubænda á allra næstu árum. Axel Sæland bendir á að stórfyrirtækjum í iðnaði verði gert skylt að fanga þann koltvísýring sem þau losi og munu þurfa að finna honum farveg.

„Vonandi munu stór iðnaðarfyrirtæki hér á Íslandi sjá einhvern hag í að hreinsa koltvísýringinn á þann hátt að hann megi nota í gróðurhúsin. Það væri náttúrlega biluð auglýsing fyrir eitthvert álverið að geta sagt að það taki koltvísýring og setji hann í matvælaframleiðslu.“

Einmitt vegna þessa ætti bændum að vera í sjálfsvald sett hvaðan þeir fá koltvísýring í framtíðinni, með þeim fyrirvara að hann sé vottaður og hafi öll tilskilin leyfi fyrir matvælaframleiðslu.

„Koltvísýringur er allt í kringum okkur og menn eru jafnvel að binda vonir við að geta keypt búnað sem settur verði á gróðurhúsin sem beinlínis hreinsar koltvísýring úr andrúmsloftinu og dælir inn í gróðurhúsin. Það er verið að þróa slíkan búnað, þetta er allt bara spurning um kostnað,“ segir Axel.



## Ríkar skyldur fyrirtækja með markaðsráðandi stöðu

Eftirspurn eftir koltvísýringi hefur aukist jafnt og þétt hér á landi en fyrir utan garðyrkjuframleiðslu er hún meðal annars notuð í fiskeldi og þörungavinnslu, drykkjarframleiðslu og matvælapökkun. Stærstu einstöku kaupendur þess hér á landi eru gosdrykkjaframleiðendur og fiskeldisfyrirtæki. Þá eru kjötvinnslur einnig viðskiptavinir Linde Gas.

„Við erum að nota kolsýru og köfnunarefni til pökkunar á kjúklingi. Það sama má segja um flestar ef ekki allar kjötvinnslur landsins,“ segir Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf.

„Mér sýnist að frá því í árslok 2022 hafi verð á kolsýru hækkað um þrjátíu prósent. Köfnunarefni eitthvað minna. Ég hef í gegnum árin þurft að eiga mikil samskipti við Linde Gas og forvera þess, ÍSAGA. Á sínum tíma kom nýtt fyrirtæki hér inn á markaðinn, Strandmöllen ehf., sem bauð umtalsvert lægra verð. Þá skyndilega hafði ÍSAGA samband að fyrra bragði og var tilbúið að veita tugprósenta afslætti. Strandmöllen varð ekki langlíft.“

Árið 2013 birti Samkeppniseftirlitið ákvörðum vegna samruna ÍSAGA ehf., nú Linde Gas, og félagsins Strandmöllen ehf. sem starfaði á sama markaði á árunum 2009–2012. Þá var það mat Samkeppniseftirlitsins að með samruna fyrirtækjanna myndaðist einokunarstaða á þeim markaði en taldi þá ekki unnt að grípa til íhlutunar í samrunann. Hins vegar lagði það upplýsingaskyldu á ÍSAGA í tvö ár, þar sem fyrirtækinu var gert að greina frá verðbreytingum og breytingum á viðskiptaskilmálum og samningum. Þeirri upplýsingaskyldu lauk í febrúar árið 2015.

„Samkeppniseftirlitið hefur á fyrri tíð fjallað um og haft áhyggjur af samþjöppun á markaði fyrir innflutning, framleiðslu, sölu, leigu og dreifingu á gashylkjum og gasi. Hafa fyrri athuganir gefið til kynna að Linde Gas eða forverar þeirra hafi verið í markaðsráðandi stöðu. Hins vegar hafa þessir markaðir ekki komið til athugunar nýlega,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Á fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu hvíli ríkar skyldur samkvæmt samkeppnislögum, m.a. gagnvart viðskiptavinum. „Þannig getur það verið brot á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu að setja ósanngjarna viðskiptaskilmála, setja takmarkanir á framleiðslu eða mismuna viðskiptaaðilum. Þessar skyldur eru ekki síst ríkar ef um einokunarstöðu er að ræða,“ segir Páll Gunnar

Hins vegar áréttar hann að Samkeppniseftirlitið hafi ekki tekið þau álitaefni til formlegrar rannsóknar og því sé ekki hægt að slá neinu föstu um niðurstöður slíkrar athugunar á Linde Gas. „Telji bændur að brotið hafi verið á sér stendur þeim til boða að hafa samband við Samkeppniseftirlitið.“




Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2024

Sumaropnun:
Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga LOKAÐ

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.

## Sumar 2024:

# Gerum okkur dagamun

**Nú eru síðustu hátíðir sumarsins að líta dagsins ljós og með það til hliðsjónar er hér örlítið yfirlit yfir nokkrar þær skemmtanir og húllumhæ sem má finna hérlendis.**

Hér til hliðar má sjá brot af því helsta sem er á döfinni í ágústmánuði, fyrir þá sem vilja gera sér dagamun, en uppákomur næstu vikna verða á dagskrá í næstu blöðum. Hér er um auðugan garð að gresja og næsta víst að ekki komist allt á lista.

Fyrir þá sem vilja koma á framfæri hvers konar skemmtunum, opnunum eða uppákomum, má hafa samband í gegnum netfangið sigrunpeturs@bondi.is og við reynum okkar besta til að koma því að.

***Töðugjöld í þrjátíu ár***

Þrjátíu ára afmæli Töðugjaldanna á Hellu fer fram þessa dagana í Rangárþingi ytra. Fjölskylduhátíðin hófst 11. ágúst og stendur til 18. ágúst.

Í tilefni af hátíðarhöldum hafa fjölmargir íbúar skreytt íbúðarhúsin sín og garða og fegrað nærumhverfi sitt með þemalitum. Þannig má sjá gular skreytingar austan Hellu, grænar og appelsínugular vestan Hellu og rauður litur er allsráðandi í Þykkvabæ.

Einn af hápunktum töðugjaldanna er ókeypis morgunmatur sem borinn er fram í íþróttahúsinu á Hellu laugardaginn 17. ágúst frá kl. 10–12 en þar mun Harmonikkufélag Suðurlands m.a. spila og umhverfisverðlaun og menningarverðlaun Rangárþings ytra verða afhent.

Þennan sama dag verður líka bílasýning á árbakkanum á Hellu og vegleg fjölskyldudagskrá í íþróttahúsinu. Að kvöldi 17. ágúst verður svo glæsileg kvöldvaka við íþróttavöllinn á Hellu sem enginn ætti að missa af.

***Danskir dagar í Stykkishólmi einnig þrítugir***

Nú eru þrjátíu ár liðin síðan Danskir dagar voru haldnir í fyrsta sinn en þessi bæjarhátíð hefur verið haldin allt frá árinu 1994.

Hátíðin dregur nafn sitt af því að bærinn þótti svo danskur að Hólmarar voru sagðir tala dönsku á sunnudögum. Var hún fyrst haldin á 50 ára afmæli lýðveldisins og segir sagan að Ólafur H. Sverrisson, þáverandi bæjarstjóri, hafi tekið fram í setningarræðu að samskipti Dana og Íslendinga hefðu ætíð verið allnokkur, ekki síst í Stykkishólmi þar sem danskir menn og konur hefðu verið áberandi í bæjarlífinu.

Var Stykkishólmur miðstöð verslunar á Vesturlandi á meðan Danir réðu hér lofum og lögum.

Má nærri geta að mikið verður um að vera dagana 15.–18. ágúst, líf og fjör í hvívetna. Til dæmis mætir Jörgen Olsen á staðinn, en hann er annar Olsen bræðra sem unnu Eurovision-keppnina eftirminnilega með laginu „Fly on the Wings of Love“ árið 2000. Þannig nú er um að gera að mæta á svæðið og njóta tilverunnar. */sp & mhh*




**BMX brós sýna listir sínar við mikla aðdáun viðstaddra.** Mynd / Rangárþing ytra



**Það er fríður hópur bjór- og freyðivínshlaupara sem hér stillir sér upp.** Mynd / Hjördís Pálsdóttir



**Lúðrasveit Stykkishólms lék á als oddi 1994.** Mynd / timarit.is



## Hjálpum þér upp og höldum þér uppi!

Við sérhæfum okkur í fallvarnar- og öryggisbúnaði.

Veldu öruggar lausnir á frábæru verði!



Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á **vpallar.is**

VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 787 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is


# Ágústmánuður

## Þriðja helgin, 16.–18. ágúst

**Dagana 11.–18. ágúst fer fram hátíðin Töðugjöld – Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum** sem býður gestum sínum 13–16 ára upp á að taka þátt í axarkasti og bogfimi, sýningu BMX brós, ljúfa tóna frá Harmonikkufélagi Suðurlands sem þenur nikkurnar, hnallþórukeppni, legóbyggingarkeppni, kvöldvökur, tónleika og margt, margt fleira. Nánari upplýsingar má finna í Töðugjaldabæklingnum, en hlekkur á hann er á Facebook-síðu Töðugjalda. Á hátíðin 30 ára afmæli í ár og því mikið um að vera.



**Fræknir kappar í fyrra.** Mynd / Hjördís Pálsdóttir

**15.–18. ágúst fer bæjarhátíð Hveragerðis, Blómstrandi dagar,** fram, en um ræðir fjölskylduhátíð af besta tagi. Tónleikar, markaðir, sýningar, leikir, brekkusöngur, tívolí, flugeldasýning og fjör úti um allan bæ.

**Sveitasæla í Skagafirði, landbúnaðarsýning og bændahátíð verður haldin á Sauðárkróki þann 19. ágúst í Reiðhöllinni Svaðastöðum.** Mikið verður um að vera, allt frá hoppuköstulum, hrútadómum og kálfasýningum til véla- og fyrirtækjasýninga.

**Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum Vatnsleysuströnd, fer fram 15.–18. ágúst** og boðið upp á hina ýmsu skemmtan á borð við hamborgaragrill, bubblubolta, tónleika, varðeld, flugeldasýningu og margt fleira.

**Útsæðið, Bæjarhátíð Eskifjarðar, verður haldin dagana 15.–18. ágúst** og fá gestir að njóta ýmissa skemmtana og samveru. Kvöldvaka, flugeldasýning o.fl.



**Þessir feðgar eru alltaf í rokna stuði.** Mynd / Aðsend

**Dagana 15.–18. ágúst fer bæjarhátíðin Reykhóladagar** fram, en í fjölbreyttri dagskrá má finna eitthvað við allra hæfi. Sirkus Íslands kemur fram auk þess að snúa blöðrur eftir sýninguna. Kandíflossvél verður í gangi, svo og krapvél, pylsur grillaðar, teymt verður undir börnum, andlitsmálning og froðudiskó. Stiklur Ómars Ragnarssonar verða sýndar undir pönnukökuáti ef fólk vill kaupa gómsætar kökurnar, kántrítónleikar verða í gangi, sundlaugarpartí unglinga í Grettislaug, súpa í heimahúsum, kassabílarallí, karaókí fyrir 13–17 ára, dráttarvélafimi, þarabolti og bjórhlaup auk þess sem Herbert Guðmunds og sonur hans, Guðmundur Herberts, trylla lýðinn á föstudagskvöldinu.

**Ein elsta bæjarhátíð landsins, Danskir dagar í Stykkishólmi, er 30 ára nú dagana 15.–18. ágúst** og má nærri geta að gestir eigi von á húllumhæi í tilefni afmælisins. Stuðlabandið spilar, keppt verður í bjór / freyðivínshlaupi, froðurennibraut í hótelbrekkunni í boði Fosshótel (börn á ábyrgð forráðamanna), veltibíll og tívolí eru á staðnum auk flugeldasýningar svo fátt eitt sé nefnt ... og fyrir Eurovision-aðdáendur má ekki gleyma að segja frá því að Jörgen Olsen, stórsöngvarinn og Eurovision-sigurvegarinn mætir galvaskur á svæðið.

**Hvalfjarðardagarnir verða haldnir 16.–18. ágúst, fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði fyrir alla fjölskylduna.**

## Fjórða helgin, 23.–25. ágúst

**Bæjarhátíð á Seltjarnarnesi verður haldin sunnudaginn 25 ágúst.** Fjölbreytt dagskrá gleður gesti, m.a. verður opið í vitann, klifurmeistara á borð við Spiderman bregður mögulega fyrir, lífríkið við Gróttu rannsakað, vöfflukaffi og pylsur verða á staðnum svo og ljúfir hamonikkutónar.

**Grímsævintýri í Borg fer fram þann 24. ágúst á milli kl. 13-16.** Tombóla í gangi - ekkert núll og einungis 500kr. miðinn. Klifurveggur, blúndukaffi, markaður, Sirkus Ananas, andlitsmálun og margt fleira mun gleðja gesti.

**Menningarnótt í Reykjavík. Stærsta afmælis- og borgarhátíð Reykjavíkur verður haldin laugardaginn 24. ágúst 2024.** Segja má að hátíðin sé hápunktur sumarsins þar sem skemmtilegir viðburðir lita mannlífið í miðborginni frá morgni til kvölds fyrir alla þá sem vilja taka þátt í hátíðinni og skemmta sér. Það er orðin hefð hjá mörgum fjölskyldum og vinahópum að mæla sér mót á menningarnótt og eiga skemmtilegan dag saman. Tónleikar, skemmtanir og flugeldasýning.



**Það er alltaf stuð á menningarnótt.** Mynd / Reykjavíkurborg



Sigurvegarar landskeppni Smalahundafélags Íslands í fyrra. Mynd / SFÍ

# Smalahundar etja kappi

**Smalahundafélag Íslands stendur fyrir landskeppni smalahunda 24. og 25. ágúst næstkomandi.**

Landskeppnin verður haldin í samstarfi við deild Snata í Húnavatnssýslu. Fer keppnin fram að Ási í Vatnsdal og verður að vanda keppt í A-flokki, B-flokki og Unghundaflokki. Hefst keppni kl. 10 báða dagana.

Félagið heldur jafnframt aðalfund sinn í aðdraganda helgarinnar, föstudaginn 23. ágúst, í Fellsbúð við Undirfellsrétt í Vatnsdal og hefst hann kl. 19.

Smalahundafélag Íslands birtir upplýsingar um keppnina á vefnum smalahundur.123.is og á Facebook-síðu sinni. */sá*

Arctic Algae
REYKJAVÍK 2024

# Þingað um þörunga

**Alþjóðleg þörungaráðstefna, Arctic Algea, verður haldin í Reykjavík 4. og 5. september.**

Þetta er í annað sinn sem slík ráðstefna fer fram hér á landi. Þörungarækt er í hraðfara vexti í heiminum. Markmið Arctic Algae er að skapa aukna umræðu um þörungastarfsemi og tengja saman fólk úr geiranum til þess að kynnast og læra hvað af öðru.

Á ráðstefnunni verður fjallað um hagræn- og umhverfisáhrif tengd smá- og stórþörungastarfsemi. Ræktun og fullvinnsla smáþörungaafurða er í mikilli sókn og hér á landi hefur byggst upp þörungavinnsla á heimsvísu. Talið er að engin matvælaframleiðsla úr hafinu hafi vaxið jafnhratt á síðustu áratugum og ræktun og fullvinnsla þörunga.

Arctic Algae fer fram í höfuðstöðvum Arion banka við Borgartún og er stýrt af Rækt nýsköpunarmiðstöð lagareldis með Samtökum þörungafélaga og unnin í samstarfi við evrópsku þörungasamtökin EABA. Auk ráðherra matvæla og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar, innlendra aðila og framkvæmdastjóra World Wildlife Fund, taka þátt fulltrúar stærstu félaga í Færeyjum, Noregi og Bandaríkjunum í stórþörungarræktun og fullframleiðslu. */sá*

**Bændablaðið kemur næst út 29. ágúst**

# Vill auka þekkingu um járningar og hófhirðu

**Hófhirða hrossa er viðfangsefni ráðstefnu sem haldin verður í húsnæði Eldhesta í Ölfusi dagana 23. og 24. ágúst.**

Geert Cornelis er einn skipuleggjenda ráðstefnunnar. „Mér finnst enn þá almenn þekking á járningum aðeins of lítil hér á landi samanborið við önnur lönd eins og í Evrópu og Bandaríkjunum. Það er að lagast en það er mikið eftir. Sumir hlutir í kringum þetta, eins og kynbóta- og keppnisjárningar, þessi hófasöfnun sem fylgir þeim oft, er í raun ekki best fyrir dýrið eða hestvænt. Því er svo mikilvægt að segja frá og kynna fyrir fólki hvað sé gott og slæmt,“ segir Geert og bætir við að með góðri járningu sé hægt að auka endingu hjá hrossi um einhver ár.



**Með góðri járningu er hægt að auka endingu hjá hrossi.** Mynd / hf

### *Margt liggur að baki*

Ráðstefnan er ekki eingöngu ætluð fagfólki eins og járningamönnum og dýralæknum heldur öllu hestafólki sem hefur áhuga á heilbrigði hrossa.

„Flestir járningamenn vita hvað þeir eru að gera en tamningamenn og eigendur eru með kröfur um hvernig þeir vilja láta gera þetta og hafa oft áhrif á járningamanninn. Því er mikilvægt að auka þekkingu allra aðila. Það er svo margt á bak við þetta. Járning er ekki bara að setja fjórar skeifur undir hestinn og málið dautt, þótt sumir haldi að það sé bara nóg,“ segir Geert.

### *Skrefalengd og röntgenmyndir*

Á meðal frummælenda verður Aksel Vibe, sem fjallar um notkun röntgenmynda þegar kemur að hófsnyrtingu og járningu. Jonathan Nunn og Josh Nunn munu fjalla um skrefalengd og hvernig hægt er að hafa áhrif á hana. Jeffrey Newnham mun ræða um fylliefni og Michael Weishaupt fjallar um áhrif keppnisjárninga á hreyfingu, stoðkerfi og heilbrigði hófa á íslenskum hrossum. Ráðstefnunni lýkur á verklegum hluta. */hf*




## Á Skaga:

# Unga fólkið í Víkum

Bryndís Sigurðardóttir
bryndis@yfirlit.is

**Þau Karen Helga R. Steinsdóttir og Jón Helgi Sigurgeirsson voru ekkert að hika þegar til kom að jörðin Víkur á Skaga væri föl og festu sér hana við fyrsta hanagal, ef svo má að orði komast.**

Jörðina sátu fjögur systkini sem komin voru á aldur og sagan segir að þau hafi fyrir löngu sagt að ef hún Karen litla frá Hrauni næði sér í duglegan bónda fengi hún Víkur á sanngjarnan prís. Og það gekk eftir.

Karen er fædd og uppalin á næsta bæ við Víkur, á Hrauni, sem hefur verið í hennar ætt frá því 1914 en foreldrar hennar, Merete Ruböla frá Fjóni í Danaveldi og Steinn Rögnvaldsson, tóku þar við búi af foreldrum hans, Rögnvaldi og Guðlaugu, en þau tóku við Hrauni á sínum tíma af foreldrum Rögnvaldar. Jón Helgi segist hins vegar vera hreinræktaður Fljótamaður en flutti þriggja ára með foreldrum sínum, þeim Sigurgeiri Þorsteinssyni og Birnu Sigurbjörnsdóttur, að Varmalandi í Sæmundarhlíð, þar sem lengst af var kúabú en þar er nú stunduð hrossarækt.



Hér getur að líta fjölskylduna í Víkum, Jón Helgi Sigurgeirsson situr með eldri drengina, Þorstein Helga (t.v.) og Sigurstein Finn, en Karen Helga R. Steinsdóttir með litla Jóhann Liljar. Myndir / bs

Karen og Jón eru bæði fædd 1995 og voru því aðeins 21 árs þegar þau tóku við á Víkum árið 2016. Karen hafði þá lokið námi á Hvanneyri og Jón Helgi vélvirkjanámi en draumurinn hafði alltaf verið búskapur og engin ástæða til að hika þegar tækifærið gafst. Það dró fljótt til tíðinda hjá þeim skötuhjúum því frumburðurinn Sigursteinn Finnur kom í heiminn ári seinna og blaðakona getur staðfest að þar er á ferðinni spjallsamur og gestrisinn piltur sem ætlar sér í skóla í haust og segist vera orðinn læs. Aðspurður taldi hann ekki ástæðu til að ákveða hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór því það væri svo langt þangað til.

### *Þegar skemman brann*

Þessi nýorðnu hjón voru ekkert að tvínóna við hlutina og blekið var ekki einu sinni komið á pappírana þegar þau höfu stand og skiptu um þak á fjárhúsunum, þá reyndar í samstarfi við fyrrverandi eigendur. „Þau hafa hjálpað okkur mikið og Finnur var meira eða minna með okkur í öllu fyrstu árin og ég held að þetta sé í fyrsta sinn í fyrra sem hann er ekki með okkur í sauðburði,“ segir Jón Helgi og þau eru sammála um að bæði tvö að aðstoð fyrri eigenda hafi verið ómetanleg.



Það er glæsilegt heim að líta í Víkum, íbúðarhúsið er afar reisulegt og fallegt.

„Við lendum svo í því árið 2018 að skemman brann,“ segir Karen og þá finnst Sigursteini Finni ástæða til að leggja orð í belg.

„Ég vakti mömmu og mamma vakti pabba,“ segir hann og man þetta svo greinilega, þrátt fyrir að vera ekki orðinn ársgamall þegar þetta áfall dynur yfir. Sem betur fer var logn þessa nótt svo aðrar byggingar voru aldrei í hættu en skemman brann til kaldra kola, upptök eldsins að öllum líkindum í dráttarvél.

Nú er komin ný skemma og búið að skipta um svo til öll þök á útihúsunum enda flest komið á tíma. „Við klæddum svo framhliðina á íbúðarhúsinu sem var eftir að klæða og skiptum um hurðir og glugga,“ segir Karen.

Þess má geta að rafmagn var fyrst lagt að Víkum þegar þau tóku við, fram að því var notast við ljósavél.



Jóhann Liljar nýtur þess að ferðast um útihúsin í fangi móður sinnar en hann mun fljótlega skottast um grundir á eigin fótum

### *Börn, sauðfé og hross*

Í Víkum eru nú um það bil 480 skjátur og hrossin telja tvo til þrjá tugi. Jörðin er stór, eða um 2.000 hektarar, og þolir stærri búsmala en húsakost þarf að bæta ef búið á að stækka. Þau hjónin hafa líka haft í ýmsu að snúast, öðru en að snuddast í fjárhúsum því börnunum hefur fjölgað. Þorsteinn Helgi fæddist 2019 og í fyrra, árið 2023, kom Jóhann Liljar í heiminn.

„Það er svolítið erfitt að vera bundin yfir börnum og komast minna í útiverkin,“ segir Karen en hún hefur þó undanfarin ár unnið á leikskólanum á Skagaströnd og þannig drýgt tekjur heimilisins. „Við stefnum á að vinna alfarið bæði við búið,“ segja þau bæði í kór. „Ég lenti óvart í sveitarstjórn árið 2018,“ segir Karen en persónukjör var viðhaft í kosningum í Skagabyggð. „Ég reyndi nú svo sem að gera það sem ég gat, en var örugglega ekki best í þessu,“ bætir hún við. Nú hafa Skagabyggð og Húnabyggð sameinast svo það eru litlar líkur á persónukjöri aftur en þau hjón eru sammála um að þeirra tíma næstu árin sé betur varið í að hlúa að börnum og búskap en pólitík. „En auðvitað vitum við að það þarf að sinna hagsmunagæslu bænda og við munum njóta afraksturs af þeirri vinnu sem aðrir eru að sinna núna og þó við ætlum ekki að taka þátt strax kemur kannski að því seinna,“segir Jón Helgi

Undanfarin ár hafa þau fengið til sín starfsmenn á vegum samtakanna Work away, um er að ræða ungt fólk sem kemur alls staðar að í heiminum, búa á heimilinu og fá laun, fæði og húsnæði. „Við höfum verið mjög heppin með fólk og mörg þeirra koma aftur og aftur í heimsókn,“ segir Jón.

### *Á réttri hillu*

Þessi ungu hjón eru sammála um að þau séu á réttri hillu og að gera nákvæmlega það sem þau vilja. „Þetta er kannski ekki alltaf mjög fjölskylduvænt líf og oft er þetta mikil vinna. Við höfum skroppið til Danmerkur en annars förum við ekki mikið í frí, ég er svo sérvitur og vil hafa yfirsýn yfir það sem þarf að gera og hvernig það er gert,“ segir Jón en Karen skreppur stundum í stutt frí með börnin.



Þorsteinn Helgi og Sigursteinn Finnur sitja fyrir á rúlluvélinni, brosmildir og í fallegum heimaprjónuðum peysum.




Afmælishátíð!
Laugardaginn 17.ágúst
Milli kl. 13 - 16
Verið velkomin!
KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
KB
120 ÁRA
1904 - 2024
Candy Floss
Happdrætti
Leikir
-Axarkast
-Reipitog
-Kerlingadráttur
Kaupfélag Borgfirðinga
Tónlistaratriði
-Friðrik Ómar
-Orri Sveinn
Ís frá Erpsstöðum
Búnaðarfélag Mýramanna grillar
Jökla rjómalíkjör býður upp á smakk
Mjólkursamsalan kynnir vörur og býður upp á smakk
Ýmsir söluaðilar kynna vörur sínar
EUKANUBA
ACANA
Truelove
Brit care
Flügger
GALLAGHER
AB VARAHLUTIR
Milwaukee
FERROZINK
Ferguson Félagið
redder
GG-SPORT
Veiðihúsið Sakka
ASPEN 2
ASPEN 4
GTECHNIQ


MHG VERSLUN
Husqvarna - feel the power
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW
Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm
Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m2 - 20% halli
Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m2 - 45% halli
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Elsti bærinn á Hrauni á Skaga. Myndir / bs



Það er stolt kona sem tyllir sér hér innan um myndir af afkomendum sínum. Guðlaug Jóhannsdóttir á Hrauni 1.

## Hraun á Skaga:

# Bein sjónlína að heimskautsbaug

**Á ysta bænum á Skaga, Hrauni 1, bjó Guðlaug Jóhannsdóttir. Hraun, sem áður tilheyrði Skefilsstaðahreppi er nú í Sveitarfélaginu Skagafirði eftir sameiningu 1998.**

Guðlaug fæddist árið 1936 í Saurbæ í Lýtingsstaðahreppi hinum forna, eins og hún segir sjálf, sá hreppur er ekki lengur til því hann tilheyrir nú líka Sveitarfélaginu Skagafirði, rétt eins og Skefilsstaðahreppur. Foreldrar Guðlaugar voru Jóhann Ingiberg Jóhannesson og Helga Lilja Gottskálksdóttir og var Gilla, eins og hún er alltaf kölluð, fyrsta barn þeirra hjóna saman. Fyrir var ein hálfsystir og í kjölfarið fæddust þeim hjónum fimm börn sem öll komust til fullorðinsára en tvær systur Guðlaugar eru nú látnar. Þegar Guðlaug er þriggja ára flyst fjölskyldan að Sólheimum í Sæmundarhlíð og þar elst barnahópurinn upp. Í Sæmundarhlíð var torfbær sem Guðlaug segir hafa verið ljómandi húsakynni, þiljaður að innan og snyrtilegur.

„Mig rámar þó í að það hafi stundum verið kalt á morgnana," segir hún. Í torfbænum á Sólheimum bjó hún þar til hún flutti tvítug að Hrauni.

Skólaganga Guðlaugar var í anda þeirrar tíðar. „Það var barnakennsla á Hóli og þar mættum við tvær vikur á hvorri önn, eins og tíðkaðist í sveitum á þeim tíma, en svo fór ég í Húsmæðraskóla á Löngumýri."

Guðlaug segir að í Sæmundarhlíð hafi þeim liðið vel, nóg að bíta og brenna og vinnuálag ekki úr hófi, þó auðvitað hafi börnin þurft að vinna. „Ég átti orf sem var sérstaklega smíðað handa mér og það þótti mér gaman."

### *Lífið á Hrauni*

Um tvítugt liggja svo leiðir Guðlaugar og Rögnvaldar Steinssonar saman. Hann var fæddur og uppalinn á Hrauni sem þá þótti mikil og góð hlunnindajörð og taka þau þar við búi af foreldrum Rögnvaldar.

Á þeim tíma var vegasamband lítið sem ekkert og rafmagn kom ekki í sveitina fyrr en árið 1975, fram að því var notast við ljósavél sem kom á bæinn árið 1967. Synir Guðlaugar og Rögnvaldar eru Steinn Leo, Jón, Jóhann Eymundur og Gunnar. Steinn Leo hefur ásamt konu sinni, Merete, tekið við búrekstri á Hrauni en auk hans og Guðlaugar býr Jóhann Eymundur á Hrauni með sína fjölskyldu og á landinu standa nú þrjú myndarleg íbúðarhús. Barnabörnin eru orðin átta og langömmubörnin sex.



Guðlaug og bærinn hennar, þar sem hún bjó í tæp sjötíu ár.

Rögnvaldur lést árið 2013 og býr því Guðlaug ein í elsta íbúðarhúsinu á Hrauni. „Ég er aldrei ein, hér er alltaf fullt af fólki, þessa heims og annars," segir hún kímin. Steinn er fæddur 1957 og Gunnar 1967 svo drengirnir koma á tíu árum. „Aldrei kom til greina að fara frá Hrauni, það eru forréttindi að fá að vera hér á þessum fallega stað. Við ferðuðumst aðeins saman hér innanlands en svo hef ég komið til Danmerkur, Skotlands og Kanada en við undum okkur vel hér heima. Ég nota bara símann þegar ég vil tala við vini og kunningja og svo erum við með saumaklúbb, konurnar í sveitinni," segir Guðlaug og bætir við að hún hafi alltaf verið frekar hraust. „Svo er ég aðeins að prjóna og sauma í kort."

Mikill gestagangur var á Hrauni á árum áður. „Maðurinn minn átti mörg systkini sem komu mikið en það var mikil hjálp í tengdamóður minni með heimilisverkin," segir Guðlaug.

Á haustin þurfti kostur til vetrarins að vera klár, saltaður og reyktur því ekki var einfalt að sækja til heimilisins yfir veturinn, samgöngur leyfðu ekki mikið ráp á milli bæja.

### *Hlunnindajörð*

Hraun hentar vel fyrir sauðfé en eins og áður sagði fylgja jörðinni allgóð hlunnindi sem þarf að sinna. Guðlaug segir að landgæði hafi batnað mikið þegar gröfur komu til sögunnar og hægt að þurrka og byggja upp túnin.

Gjöful veiðivötn eru á Hrauni og einhverjar tekjur hafa verið af veiðileyfum. Kunnugir segja Guðlaugu einstaklega gestrisna og telja að tekjur af veiðileyfum hafi varla dugað til að kosta vel útilátið kaffibrauðið og aðrar veitingar sem hún skenkti veiðimönnunum.

Á Hrauni er líka myndarlegt æðarvarp sem Guðlaug hefur alltaf sinnt, mest var framleiðslan 63 kíló af dúni en eftir að fuglakólera herjaði á kollustofninn hrundi varpið en er nú smátt og smátt að byggjast upp. Þrátt fyrir að vera nær níræð, skottast Guðlaug í varpið og sinnir því á hverju vori. „Auðvitað ekki ein, fjölskyldan hjálpast að," segir hún sposk.

Frá árinu 1942 sáu foreldrar Rögnvaldar um að senda veðurskeyti frá Hrauni og tóku Rögnvaldur og Guðlaug við þeim verkefnum árið 1959, á þriggja tíma fresti frá kl. 6 –21. Á tímabili fannst Guðlaugu að sjómennirnir þyrftu betri þjónustu svo hún sendi aukaskeyti kl. 3 á nóttunni. Nú er sjálfvirk veðurstöð í vitanum hjá Hrauni.

Talsverður reki var alltaf á Hrauni sem var aðallega nýttur í staura en að sögn Guðlaugar hefur rekinn mikið minnkað.

### *Engin einangrun*

Guðlaug er ekki með bílpróf og á ekki bíl en hún pantar allar nauðsynjar í Kaupfélaginu á Sauðárkróki og Jóhann sonur hennar, sem býr líka á Hrauni, ekur skólabílnum daglega og kippir pokunum heim fyrir mömmu sína.

„Ég geng alltaf á hverjum degi, skrepp í hænurnar og svona, halda mér við," segir hún en bætir við að hænurnar séu nú orðnar svo gamlar að þær gefi ekki mikið. „Maðurinn minn var í sér bæði sjómaður og bóndi og ég fór í húsmæðraskóla til geta rekið mitt heimili. Við vorum bæði það sem við vildum vera og þar sem við vildum vera." Það er ekki hægt að gera grein fyrir 88 ára löngu lífshlaupi í stuttri grein, það þarf heila bók til verksins svo vel sé. En Gilla á Hrauni lítur glöð yfir farinn veg og það er kannski galdurinn, góða skapið gæti verið sá lífsins elexír sem hefur fleytt henni í lífsbaráttu afskekktrar byggðar.

### *Lokaorð*

Því miður lést Guðlaug þann 22. júlí, aðeins fimm dögum eftir að viðtalið var tekið við hana, en það er hér birt með samþykki og yfirlestri aðstandenda hennar. Bændablaðið sendir sínar innilegustu samúðarkveðjur. /bs



# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**


*Husqvarna Trowel BG 245*
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm


*Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög*
Sögunardýpt 19 cm


*Husqvarna DM230 Kjarnaborvél*
150 mm Max


*Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög*
Sögunardýpt 12,5 cm


*Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa*
97kg, 500 mm Plata


*Husqvarna FS400 LV gólfsög*
Sögunardýpt 16,2 cm


*Husqvarna Rammer Hoppari LT6005*
230mm Plata, 69 kg


*Husqvarna K970*
Sögunardýpt 15,5 cm


*Husqvarna K4000 Steinsög*
Sögunardýpt 12,5 cm


*Husqvarna K3600 Vökvasög*
Sögunardýpt 27 cm


*Husqvarna K7000 Ring*
Sögunardýpt 32,5 cm


*Husqvarna K7000 Pre Cut*
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

---

Eco Garden
GOTT FYRIR GARÐINN

# Betri lausnir fyrir bændur

## Stæðuyfirbreiðslur, stæðuveggir og stæðuplast

**Helstu eiginleikar:**

- Einfaldar og þægilegar við frágang, engin dekk
- Snyrtilegt eftir að stæða er lokuð
- Heilbrigt gras og engar skemmdir á fóðri
- Þægindi í gjöfum
- Stæðan kemur í nokkrum 2m breiðum renningum sem þú tekur af við gjöf
- Margfalt léttari frágangur en á hefðbundnum stæðum sem notast við dekk eða sandpoka





## Mykjulón

Við bjóðum upp á mykjulón frá D.L plastic sem eru leiðandi í framleiðslu á mykjulónum, mykjutönkum og fiskeldistönkum í Evrópu

**Verð á mykjulónum:**

1000 m3 - 2.300.000 kr,-
2000 m3 - 3.400.000 kr,-
2500 m3 - 3.750.000 kr,-
3000 m3 - 4.450.000 kr,-
3500 m3 - 4.900.000 kr,-
4000 m3 - 5.200.000 kr,-



Verð án vsk og m.v. gengi EUR 149
2ja ára ábyrgð er á lónunum
Við uppsetningu á lónum kemur maður frá D.L. plastic sem sér um skipulag og stýrir ferlinu.

Getum einnig útvegað hrærur í lónið og gert teikningar og tilboð í jarðvinnu.



**Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við:**
Guðmund Karl Eiríksson, Sölustjóra - Sími: 848 -1468
gudmundur@eco-garden.is

ECO-GARDEN ehf.
Lambhagavegur 9, 113 Reykjavík

www.eco-garden.is
eco-garden



Alex Máni Guðríðarson hefur markvisst skoðað fugla í tuttugu ár. Hann hefur skráð hjá sér 292 ólíkar tegundir sem hann hefur séð á Íslandi.
Myndir / ál



**Kría fóðrar unga.** Mynd / Alex Máni Guðríðarson



**Fuglaskoðunarhúsið í Friðlandinu í Flóa.**

## Fuglaskoðun:

# Fann unnustuna í fuglaleit

## – Hefur séð nærri 300 tegundir á Íslandi

**Alex Máni Guðríðarson, fuglaáhugamaður frá Stokkseyri, segist vera þekktur sem einn af „fuglakörlunum“ í nærsamfélaginu.**

„Ég er búinn að vera í þessu í tuttugu ár,“ segir Alex, en hann er tuttugu og sjö ára og segir áhugamálið jaðra við að vera þráhyggja. Hann sé í hópi þeirra sem halda úti lista yfir hversu margar tegundir fugla þeir hafi séð á Íslandi. Að jafnaði séu nálægt níutíu tegundir með fasta viðdvöl á landinu, en fuglaáhugamenn keppist við að sjá sem flesta flækinga sem koma umfram það.

Í heiminum öllum séu í kringum tíu þúsund tegundir fugla og hafa yfir fjögur hundruð þeirra sést hérlendis. Sá einstaklingur sem hefur séð flestar tegundir sé með 341 á sínum lista, en Alex segist hafa barið 292 tegundir augum.

Þó svo að Ísland bjóði ekki endilega upp á flestar tegundir segir Alex marga skemmtilega fugla finnast hér sem séu ekki annars staðar í Evrópu. Þessi dýr séu alltaf til staðar óháð árstíð og telur Alex að lífið væri svart og hvítt og tilbreytingarlaust ef þeirra nyti ekki við.

### *Sá fyrstur flóaskríkju*

Alex segir tilfinninguna að sjá eitthvað sem maður hafi ekki séð áður vera yndislega. „Þeim mun sjaldgæfara, þeim mun betra. Svo þegar maður finnur nýja tegund fyrir landið þá vottar fyrir að maður klikkist aðeins í hausnum í smástund á meðan maður er að ná sér niður á jörðina,“ segir Alex.

Hann var einmitt svo heppinn fyrir nokkrum árum að sjá fugl af tegundinni flóaskríkja, sem var þá í fyrsta skiptið á Íslandi og í sjötta skiptið í allri Evrópu. Í kjölfarið hafi síminn ekki stoppað vegna símtala frá fuglaskoðurum sem vildu vita hvar væri hægt að bera fuglinn augum.

Unnusta Alex var meðal þeirra fuglaáhugamanna sem hringdu til að fá upplýsingar um flóaskríkjuna og voru það þeirra fyrstu kynni. „Svo fór hún að spjalla meira og áttaði sig á hvað er gaman að tala við mig um fugla og við höfum ekki hætt að tala saman síðan,“ segir hann.

### *Farið landshorna á milli*

Með tilkomu samfélagsmiðla hafi orðið aukin vakning fyrir þessu áhugamáli. Í Facebook-hópnum Fuglar á Íslandi séu fimmtán þúsund meðlimir og margir þeirra birti reglulega myndir og skapist líflegar umræður. Þá sé meira fjallað um þetta áhugamál í fjölmiðlum og telur Alex að fólk hafi gaman af „þessum vitleysingum sem keyra landshorna á milli til að leita að sérstökum fuglum.

Þetta er þannig að það fréttist af sjaldgæfum fugli á Stöðvarfirði og menn eru þá komnir í næsta flug á Egilsstaði eða út í bíl og farnir af stað. Þetta getur líka tekið á samböndin hjá fólki, því menn hreinlega verða að fara,“ segir Alex. Fólk þekki hvað annað í þessu áhugamáli og þegar vitað sé að margir eigi eftir að sjá einhvern tiltekinn fugl sé farið saman í hópum.

„Ég myndi skjóta á að þetta væru hundrað manns á Íslandi sem virkilega fara gagngert út til að skoða fugla. Ef það væru fleiri rugladir eins og við sem eltumst við þessa skrýtnu fugla þá myndi sennilega finnast meira.“ Nýjar tegundir flækingsfugla séu þó oft skráðar, þökk sé meðal annars því að almenningur er með góðar myndavélar í snjallsímunum. Fólk, sem hefur ekki endilega þekkingu á flækingsfuglum frá Evrópu og Ameríku, geti því tekið myndir og deilt með öðrum og fengið úr því skorið hvaða tegund um er að ræða.

### *Þarf ekki að vera dýrt*

Helstu tækin sem fuglaáhugamenn noti séu sjónaukar eða öflugar fjarsjár og byggist skrásetning tegunda mikið á trausti. „Ef þú finnur sjaldgæfan fugl verðurðu að leggja fram gögn um hann fyrir flækingsfuglanefnd. Ef þú ert ekki með nógu góða lýsingu getur það verið fellt hjá þér.“ Því séu stöðugt fleiri fuglaskoðarar búnir að koma sér upp öflugum ljósmyndabúnaði.

Þó svo að hægt sé að kaupa fjarsjá fyrir nokkur hundruð þúsund og myndavélabúnað fyrir meira en milljón segir Alex að áhugamálið þurfi ekki að vera dýrt. Mikið sé til af notuðum græjum og hægt sé að komast af með sjónauka sem kosti ekki hálfan handlegg. Helsti kostnaðurinn felist í því að vera stöðugt á ferðinni, en það sé líka jákvætt því þessu fylgi hreyfing. „Það eru margir sem segja að þetta hjálpi við andlegu hliðina.“

Skammt frá heimaslóðum Alex er Fuglafriðlandið í Flóa þar sem er kjörlendi fyrir fjölmargar tegundir. Þar hafa Fuglavernd og Árborg byggt upp fuglaskoðunarhús sem Alex nýtir sér oft. Sambærileg hús megi finna víða um land en Alex bendir á að bíllinn sé oft besta felubyrgið. */ál*



**Helsti búnaður fuglaskoðara er kíkir eða fjarsjá. Myndavélar eru líka vinsælar.**



**Fuglaáhugamenn geta komið sér fyrir í góðu fuglaskoðunarhúsi í friðlandinu í Flóa.**



**Alex var fyrstur til að sjá flóaskríkju á Íslandi sem varð til þess að hann kynntist unnustu sinni, sem er líka fuglaáhugamaður.**
Mynd / Alex Máni Guðríðarson







# Weckman stálklæðningar

H. HAUKSSON EHF.

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

## Bárujárn

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



## Stallað stál

Verð kr. 4.900 m2 með vsk.



## Trapisustál

Verð kr. 3.600 m2 með vsk.



**H. Hauksson ehf.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN

MADE IN FINLAND

## Íslenskar nytjar:

# Töfrar sveppatínslunnar

### – Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur rakst á nýtt afbrigði í Kjarnaskógi

**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is



**Á meðan vætutíð sumarsins hefur ekki endilega glatt hinn almenna Íslending hafa sveppaáhugamenn iðað í skinninu. Gekk sá orðrómur að vegna vætunnar hafi tínsla nú verið möguleg fyrr en ella en telja margir að ferðir í sveppamó eigi helst að eiga sér stað síðsumars.**

Fagmenn á borð við Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur, einn helsta sveppafræðing hérlendis, gefa lítið út á það. Hún segist hafa í lengri tíma reynt að benda fólki á að tínslu sveppa er rétt að hefja mun fyrr en í ágúst og september, ekki sé óvenjulegt að hún geti hafist um miðjan júlí. Segir Guðríður lerkisveppinn vera mettan um það leyti, að minnsta kosti á Norðurlandi og kúalubbinn kominn eitthvað á undan.

Í byrjun september sé hins vegar sveppatíðin nær oftast búin. Næturfrost geti hafist um það leyti og því sé nær að fylgjast vel með hvenær sveppirnir fari að stinga upp kollinum um mitt sumar og þá hægt að vakta það svæði með tilliti til tínslu þegar þeir séu fullvaxnir.

Þá er ágætt að tína það sem maður þarf til sinnar neyslu og ekki taka minni, óvaxta sveppi heldur leyfa þeim að vaxa og þroskast áfram. Svo má hafa bak við eyrað að ef mikill þurrkur er, þá koma kannski engin sveppaldin fyrr en í byrjun september og uppskeran eftir því.

Sveppir eru annars mislengi að vaxa. Kantarellur taka til dæmis langan tíma að stækka almennilega og ætti að leyfa þeim litlum að vera í friði.

*Væta, hiti og árið á undan*

„Væta er ekki bara málið þegar kemur að vexti sveppanna," segir Guðríður. Hiti leiki þar stórt hlutverk og því geti þeir sem spenntir voru fyrir vætunni í sumar staldrað aðeins við.

„Það var til dæmis ákaflega blautt á sunnan- og vestanverðu landinu einhvern tíma fyrir nokkrum árum – og þá var ekkert sérstaklega góð spretta í þeim landshlutum. Fyrir marga þessara matsveppa skiptir árið á undan máli því þeir eru tengdir trjám, sem mynda svepprót. Ekki allir en margir. Í rauninni skiptir árið á undan tréð máli því það skaffar sveppunum næringu. Þeir fá sykurefni frá trénu yfir í sig og skaffa vatn og öll áburðarefnin í staðinn, nota þannig sveppina í raun í staðinn fyrir rætur. En mjög mörg tré hafa stuttar og þykkar rætur, til að mynda lerkirætur sem einnig eru með stuttar hliðarrætur.

Svepprótin tengist þessum hliðarrótum, fer inn í rótina og vefur sig um feitar forðafrumur sem eru í ytri hluta rótarinnar og vefur sig utan um líkt og tvinni á tvinnakefli. Eru þannig í náinni snertingu við frumurnar og þannig fara þessi efnisskipti fram. Tréð lætur þessar sambýlisörverur sínar fá svona frá tíu til tuttugu prósent af þeim sykri sem það býr til með ljóstillífun. Það fer niður í ræturnar og þar fara fram skiptin á áburðarefnum. Þannig að ef tré gengur vel eitt árið þá hafa sveppirnir það afskaplega gott hið næsta."

Guðríður segir það misjafnt í hvaða landshluta sveppirnir vaxa, en nú í ár blómstri matsveppirnir á Vestfjörðum. Kantarellurnar má finna þar og á útkjálkum norðanlands.

Á vef Náttúrufræðistofnunar kemur fram að hérlendis eru skráðar nálægt 3.000 tegundir sveppa, þar af eru fléttur og fléttuháðir sveppir í kringum 850 talsins, en á hverju ári bætast nokkrar tegundir við. Af þeim eru hátt í fjörutíu þeirra taldir hæfir til átu en þó miseftirsóknarverðir. Kúalubbi, lerkisveppur, kóngssveppir og furusveppir eru hvað algengastir svo og reyðilubbi, en einnig þykja kantarellur spennandi kostur.



**Rautt afbrigði tröllasmjörssvepps, *Fuligo septica* var. *rufa* sem ber við himin á kurlhaugi í Kjarnaskógi.**
Myndir / Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir



**Kurlhaugur sem var hlýr að innan og við topp hans voru þrjár gróhirslur rauðs afbrigðis tröllasmjörs, *Fuligo septica* var. *rufa*.**



**Hér sést netið sem gróhirslan er gerð úr og líkami slímsveppsins (sem er frumvera en ekki alvöru sveppur) sem er seigfljótandi og gulur.**



**Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir.**

Guðríður stendur fyrir sveppagöngum Skógræktarfélags Eyfirðinga og er uppskeran yfirleitt elduð að göngu lokinni. Þá er fólki kennt að hreinsa sveppina, sem svo er smjörsteiktir og rjómalagaðir, eldaðir á prímus og bornir fram með brauði. Hún segir afar misjafnt hvort sveppir finnast og gæti hún þess að hafa með sér nokkur stykki úr eigu sinni til þess að gæða fólki á ef lítið finnst.

*Nýtt afbrigði tröllasmjörs*

„Það er skemmtilegt að segja frá því að það var sveppasýning hér í Kjarnaskógi á sunnudeginum um verslunarmannahelgina þar sem stóð til að ég héldi sýningu á þó nokkrum sveppum og mér sjálfri," segir Guðríður.

„Á bílastæðinu neðarlega við skóginn stóð stærðarinnar kurlhaugur, heitur og hlýr – en í slíkum haugum finnast oft hentugir sveppir til slíkra sýninga og var þessi allvænlegur að sjá. Það kom mér þó heldur betur á óvart þegar ofarlega í haugnum sat þessi heljarmikli slímsveppur, sá stærsti sem ég hef nokkurn tíma séð. Skærgulbrún klessa sem úr láku seigfljótandi, gulir dropar af einhverju slímkenndu. Þetta reyndist vera risa tröllasmjör, þrjár gróhirslur rauðs afbrigðis tröllasmjörs, *Fuligo septica* var.*rufa*. Tröllasmjörið hefur fundist hér einhvern tíma áður, fyrir 60–70 árum í gróðurhúsum reyndar, en aldrei hef ég vitað til eða séð neitt þessu líkt hérlendis. Mér reiknast til að hann hafi verið 25 sentímetrar í þvermál og ætli hann hafi ekki verið 40 sentímetrar á hinn kantinn, sat svona kannski 5 sentímetra hár þakinn gulum slímdropum," segir Guðríður og mælir með að fólk líti við á bílastæðinu í Kjarnaskógi og skoði gripinn, enda sé þetta afbrigði ný lífvera fyrir landið.



**Kóngssveppur.** Mynd / Wikipedia



**Lerkisveppir.** Mynd / Wikipedia



**Furusveppir.** Mynd / Wikipedia



**Kantarellur.** Mynd / Wikipedia



**Reyðilubbi/rauðhetta.** Mynd / Wikipedia




FJÓS ERU OKKAR FAG
Innréttingar í miklu úrvali!
Steinbitar
Bitagúmmí
Básamilligerði
Básadýnur
Skágrindur
Átgrindur
Milligrindur
Festingar og stólpar
Útdraganlegar grindur
Læsigrindur
Gjafagrindur
Brynningarbúnaður
Kúaburstar
Kálfabox
...og fleira
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá fræjum til afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir



Nýju bændurnir á Litlu-Ásgeirsá höfðu mikinn áhuga á að verða kúabændur með mjólkurframleiðslu. Þau keyptu jörðina árið 2022 og breyttu 32 kúa básafjósi í lausagöngufjós með mjaltaþjóni. Áður höfðu þau komið undir sig fótunum í holdanautarækt á Auðkúlu í Austur-Húnavatnssýslu, en þau fluttu holdakýrnar með sér. Myndir / ál

## Vestur-Húnavatnssýsla:

# Fóru í framkvæmdir strax eftir kaup

## – Tvöfölduðu framleiðslugetuna og settu upp mjaltaþjón

**Kúabændurnir Ásgeir Ósmann Valdemarsson og Karen Ósk Guðmundsdóttir keyptu Litlu-Ásgeirsá í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu í apríl 2022. Þau höfðu áður byggt upp holdanautarækt á æskuslóðum Ásgeirs í Austur-Húnavatnssýslu en gerðust að auki mjólkurframleiðendur við þessa flutninga.**

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Karen og Ásgeir eru bæði úr Húnabyggð. Hún frá Blönduósi og Ásgeir frá Auðkúlu við Svínavatn. Þegar þau tóku við Litlu-Ásgeirsá var þar fjós sem rúmaði 32 kýr á básum með 175 þúsund lítra framleiðslurétti. Nokkrum vikum eftir flutningana réðst unga parið í miklar breytingar á fjósinu með það að markmiði að fjölga kúnum og auka framleiðslugetuna.

Núna eru þau komin með yfir 400 þúsund lítra greiðslumark og segir Ásgeir þau heppin með að mjólkurkvótinn hafi lækkað í verði. Þau hafa bætt við sig framleiðslurétti á öllum tilboðsmörkuðum með greiðslumark frá því þau tóku við, en eru hætt í bili þar sem þau eru komin með kvóta nálægt framleiðslugetu búsins.

### *Alltaf viljað framleiða mjólk*

„Jörðin var auglýst til sölu og við keyptum hana á opnum markaði,“ segir Ásgeir, en þrátt fyrir að unga parið hafi ekki þekkt fyrri ábúendur hafi kaupin ekki verið óvinnandi vegur. „Það sem hjálpaði okkur var að við vorum búin að koma þokkalega undir okkur fótunum í búskap áður,“ segir hann. Þau voru með 120 holdakýr sem voru farnar að skila tekjum og hafa þau haldið ræktun þeirra áfram á nýjum stað.

„Mig hefur alltaf langað að fara að mjólka,“ segir Ásgeir, en ungu bændurnir segjast vera mjög áhugasöm um kýr. „Mjólkurframleiðslan er nógu mikil vinna til að maður geti verið heima og reynt að lifa af því,“ segir hann, en þau þurftu bæði að vinna utan bús þegar þau voru áður eingöngu í holdanautarækt.

„Við ákváðum að fara strax í að breyta í lausagöngufjós og setja upp róbót,“ segir Ásgeir. Það hafi meðal annars verið þar sem þau vildu auka framleiðsluna og hafa færi á að fjölga kúnum. Þá hafi þau ekki viljað vera bundin í mjöltum kvölds og morgna.

### *Framkvæmdir mikið föndur*

Þeim tókst að fjármagna framkvæmdirnar að stórum hluta með því að selja eitt íbúðarhúsið á Litlu-Ásgeirsá. Kaupandinn var Dani sem hafði verið vinnumaður á Auðkúlu í nokkur ár og hafði áhuga á að setjast að á landinu. Þeim var mikið í mun að velja sér góðan nágranna þar sem húsið er á bæjarhlaðinu.

Mikið föndur hafi fylgt breytingunum þar sem þau gátu ekki hætt að mjólka á meðan. Þau hafi þurft að reka kýrnar yfir alls konar krókaleiðir til að koma þeim í mjaltabásinn þegar búið var að brjóta upp öll gólfin í fjósinu. Í nokkur skipti hafi þurft að reka kýrnar í kringum bygginguna til að koma þeim á sinn stað eftir mjaltir. Álagið hafi verið mikið fyrstu mánuðina; „en núna gerum við ekki neitt,“ segir Ásgeir kíminn.




Ásgeir Ósmann Valdemarsson, 33 ára, og Karen Ósk Guðmundsdóttir, 31 árs. Þau hafa verið saman síðan 2018 og eiga tvö börn. Ásgeir er frá Auðkúlu við Svínavatn og Karen frá Blönduósi.

Raunin sé hins vegar sú að nauðsynlegt er að vera stöðugt á tánum í fjósinu og nefnir Karen að mikilvægt sé að sjá vandamálin fyrir áður en þau koma upp. Fyrstu vikurnar og mánuðina hafi þau þurft að reka sig á ýmsa hluti þar sem mjólkurkýrnar eru mun viðkvæmari en holdakýrnar. Þau hafi verið óhrædd við að spyrja dýralækna og reyndari bændur ráða ásamt því að fletta upp upplýsingum á netinu.

Heildarfjöldi gripa á bænum er á bilinu þrjú til fjögur hundruð ef talin eru með mjólkurkýr, holdakýr og gripir sem eru í uppeldi eða geldstöðu, þó þessi tala sé breytileg eftir árstíma. Þar af séu 60 til 80 kvígur í eldi á Auðkúlu. Þegar þau tóku við Litlu-Ásgeirsá fylgdi nokkur fjárstofn, en þau ákváðu eftir rúmt ár að einbeita sér alfarið að nautgripum og losuðu sig því við allt sauðféð. Þau hafa keypt fjögur hreinræktuð Angus naut í sameign með öðrum bændum og eru holdakýrnar að miklu leyti undan þeim.

### *Selja ung naut á fæti*

„Það eru í rauninni bara kýr og kvígur á búinu,“ segir Ásgeir, en að auki við að selja nautkálfana frá mjólkurkúnum unga, ala þau holdanautin ekki til slátrunar, heldur selja þau fimm mánaða gömul til annarra bænda sem klára eldið. Holdakýrnar bera á vorin og eru kálfarnir afhentir nýjum eigendum í október eða nóvember. „Úti í hinum stóra heimi er þetta meira og minna alltaf gert svona,“ segir Ásgeir, en hann veit hins vegar ekki af nema







Breytingarnar á fjósinu voru mikið föndur, en það var ekki hægt að hætta að mjólka á meðan framkvæmdirnar stóðu yfir. Nú er vinnuaðstaðan öll betri og framleiðslugetan helmingi meiri.

## 5 hlutir sem Ásgeir & Karen geta ekki verið án



**1. Burðartjakkur:** Það er hjálpartæki sem er gott bæði fyrir bónda og menn þegar burður gengur illa.



**2. Avant-inn minn:** „Avant er fjölnota tæki sem á að vera til á hverjum einasta bæ." Mikill rígur er á milli þeirra sem eiga Avant eða Schäffer í sveitinni.



**3. Case-inn:** „Maður er náttúrlega ekki án traktors."



**4. Róbótinn:** „Það væri glatað að eiga ekki róbót."



**5. Tökubás:** Hann er nauðsynlegur í holdanautaræktinni.

einum öðrum stórum bónda hérlendis sem hagar sínu nautaeldi svona.

Parið segir þetta gott viðskiptamódel, en þau eru með þrjá fasta kaupendur af öllum kálfum og svo séu fleiri sem hafi áhuga en komist ekki að. Hver kálfur sé seldur á í kringum 190 þúsund krónur að hausti, en Ásgeir segir að þökk sé hækkandi verði á kjöti megi bændur gera ráð fyrir að fá greitt 450 til 550 þúsund krónur fyrir hvern grip við slátrun ári síðar.

„Við förum í þetta af því að holdakýrnar voru orðnar svolítið margar og við vorum ekki með húspláss fyrir þetta allt," segir hann. Þetta henti þeim vel þar sem þau hafa nægt hey og landnæði og geti látið kýrnar vera að mestu úti allt árið.

Upphaf þessa fyrirkomulags megi rekja til þess að stórt fyrirtæki auglýsti eftir að kaupa ung holdanaut sem stóð til að ala. Ásgeir og Karen hafi selt þeim sína kálfa í tvö ár en hætt því þar sem erfitt var að eiga í viðskiptum við eiganda þess fyrirtækis. „Það er miklu auðveldara að selja bændunum hér í kringum sig þó þeir eigi ekki endilega mikið af peningum en hann á nóg af þeim," segir Ásgeir. „Hann dró mann á asnaeyrunum lengi. Svo á seinustu stundu þegar maður þurfti að losna við kálfana gat hann nefnt einhverja tölu sem maður varð eiginlega að sætta sig við."

### *Engar veiðitekjur kostur*

Ásgeir vill hvetja eldri bændur til að leyfa unga fólkinu að komast að og aðstoða við kynslóðaskipti sem muni stuðla að endurnýjun fólks í sveitum. Honum finnist sem seljendur megi oft vera liprari, þó hann taki fram að það eigi ekki við í þeirra tilfelli, og nóg sé af fólki sem vilji komast í búskap.

Karen segir þau vera heppin með að tekjurnar af veiðiréttindum í Víðidalsánni séu ekki mjög miklar með þessari jörð og það hafi haldið kaupverðinu niðri. „Það er fullt af frábærum jörðum hérna allan dalinn sem er búið að leggja í eyði út af þessari laxveiðiá hérna," bætir Ásgeir við.

Ásgeir og Karen tóku saman árið 2018 og hafa eignast tvö börn; Emil Jóhann, fimm ára, og Dagbjörtu Ósk, fjögurra ára.



Karen Ósk ásamt Dagbjörtu Ósk, fjögurra ára. Þar að auki á unga parið soninn Emil Jóhann, fimm ára.



Ásgeir heldur mikið upp á Avant fjósavélina.







## Bókaútgáfa:

# Ævintýralegar hestaferðir fjallagarps

**Fjöllin, dalirnir, vötnin, fossarnir, sandarnir, jöklarnir og gljúfrin eru Ólafi Magnúsi Schram sem fjölskylda. „Og hver heimsækir ekki ættmenni sín reglulega?“ spyr fjallafarinn sem gefur nú út bók um ævintýri sín.**

Ólafur hefur nú sett saman ferðasögur sínar í bókinni Tölt og bröltþar sem hann segir frá hestaferðum sínum um hálendi Íslands á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.


Ólafur Magnús Schram.


„Klárar mínir að brjótast upp klifið frá brúnni yfir Jökulsá í Lóni.“

### *Öræfingar tala við alla sem jafningja*

„Ég er fæddur í Reykjavík en undi í Öræfunum átta sumur frá sex ára aldri. Þar komst ég í snertingu við náttúruna, landið og í raun lífið. Öræfingar tala við alla, jafnt fullorðna sem börn, sem jafningja. Þeir treysta fyrir verkum, setja aldrei út á heldur gefa frekar góð ráð. Þolinmæði og virðing er fyrir öllu lifandi. Þannig ólst ég upp,“ segir Ólafur.

Eftir tuttugu ára skrifstofuvinnu venti hann sínu kvæði í kross og fór í leiðsögunám og tók meirapróf og árið 1994 stofnsetti hann sitt eigið fyrirtæki í ferðaþjónustu, Fjallafari-Highlander Tours. „Ég hef verið landkynnir í þrjá áratugi. Ég fer ekki bara í ferðir með erlenda gesti heldur einnig upp á mitt einsdæmi, með félögum, fjölskyldu, vegna íþrótta, fundarhalda, framboðsfunda, afmælisveislna, jarðarfara eða Góuhófs. Ég hitti þar af leiðandi margan manninn og líður mér heima hvar sem ég er staddur á landinu. Ég ek hringinn um tuttugu sinnum á ári og er yfirleitt 260–280 nætur að heiman. Ég er ekki alltaf á hótelum því ég hef gist í 160 mismunandi fjallakofum en man ekki hve oft í hverjum,“ segir Ólafur.

### *Lék á dauðann*

Uppsprettu ævintýramennsku Ólafs rekur hann til sumardvala sinna í Öræfunum. „Ég fór með flugi í kjötvélinni að austan hvert haust, þar voru flugmenn í sjálfboðavinnu sem sýndu mér Mýrdalsjökul, Lakasvæðið, Hekluna og Landmannaafrétt. Ég hét því þá að komast á þessa staði.“

Íslenski hesturinn er Ólafi hjartfólginn og er bók hans frásagnir af eftirminnilegum hestaferðum. „Mitt aðaláhugamál var hestamennska. Þó aðeins ferðalög, en ekki ræktun eða keppnir. Í bókinni minni tek ég fyrir fjórar sögur af langferðalögum mínum á hrossum. Sú fyrsta er um Langjökulshringinn, með tíu manns og stuttum dagleiðum, tíu nátta ferð.

Í þeirri sögu koma fram skemmtilegar vísur Jóns úr Skollagróf. Næsta saga segir frá ferð minni eins míns liðs kringum Hofsjökul. Á ýmsu gekk en heppnin var mér samferða, sú ferð stóð í sjö nætur og ég fór langar dagleiðir og þar um sem ég hafði ekki farið áður.“


Fjórir klárar Ólafs prýða forsíðu bókarinnar Tölt og bröltt. Eiðfaxi, Huginn, Hrókur og Högni.

Þriðja ferðin var hringferð um Ísland sem Ólafur lagði upp í árið 1986, og telur hana líklega síðustu reiðferð með lausa hesta í rekstri hringinn í kringum landið. „Þar fór ég með tveimur félögum mínum, Vigfúsi Magnússyni lækni og Þór Guðmundssyni bankamanni. Við vorum alls í 26 nætur, sváfum á 23 bæjum og ræddum við landsbyggðarfólk fram eftir öllu. Sú ferð stendur upp úr sem sú fjölbreyttasta enda sú lengsta.

Fjórða ferðin í bókinni er Vatnajökulsferð. Þar fór ég austur frá Nýjadal og um Snæfell og Lónsöræfi. Það var sannkallaður leikur við dauðann, eða leikur á hann, því ég hefði átt að drukkna átta sinnum í það minnsta. Ég tókst á við rosa vötn, mikla göngu á óreiðfæru landi, þetta voru langir dagar og svefnlitlar nætur. Ég missti sex kíló á sex dögum og var ekki mikill fyrir. Þessi ferð var ævintýralegust þeirra allra.“

### *Hross þurfa umhyggju*

Af slíkum ævintýraförum er ýmislegt hægt að læra. „Þarna var ég í flestum tilfellum einn og gat því gefið landslaginu góðan gaum. Ég tek því ekki sem sjálfsögðu. Þá er betra að hafa heppnina með sér – en treysta henni ekki alltaf. Ég lærði að lesa ár fyrir sundtöku og líta eftir landtöku hinum megin. En fyrst og fremst lærði ég hversu mikilvægt er að gefa hestum sitt rými, næra þá, gæta að nuddi, sárum eða lausum skeifum og sýna þeim umhyggju.“

Ólafur stendur sjálfur að útgáfu bókarinnar og fjármagnaði hana meðal annars með söfnun í gegnum Karolina fund. */ghp*


Úr Vatnajökulsferðinni árið 1991. Á Gæsavatnaleið. Hey tekið með.


Boðið í Afmæli aldarinnar í júlí 1988. Þá staddur á Heiðarbæ á Þingvöllum.


Augnablik úr Vatnajökulsferð Ólafs í ágúst árið 1991. Laugavallaskáli á Laugavöllum. „Þurrka varð allt sem ég var með.“


Reiðfélagið Bruni á ferð. Frá vinstri: Guðrún, Villi, Bjarni, Anna, Jytte, Þóra, Sigga, Siggi, Gummi og Óli.


Trússarar að brjótast upp úr Jökulsá á Fjöllum.


Áning við Fosslækjarskála í Langjökulsferð árið 1988. Guðmundur Gunnarsson, Bjarni Hólm Frímannsson, Guðrún Jónsdóttir, Þóra Ólafsdóttir, Vilhjálmur Guðmundsson, Jón Sigurðsson í Skollagróf, Anna Thorlacius og Sigríður Karlsdóttir.

VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP – HREINSISTÖÐ




- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is


Lara Clemente, sem er frá Brasilíu og vinnur við afgreiðslu í búðinni, er hér með Rakel Ósk Kristófersdóttur í Litlu Bændabúðinni á Melum.


Eggaldin og kúrbítur eru fremur fágætt íslenskt grænmeti.

# Lítill verslunarrekstur í stöðugri þróun

**Á Melum á Flúðum er lítil sveitabúð sem hét Litla Melabúðin, en nafninu var fyrir fáeinum árum breytt í Litla Bændabúðin, sem hugsuð er sem miðpunktur fyrir grósku uppsveitanna.**

Rakel Ósk Kristófersdóttir, nýráðin rekstrarstjóri búðarinnar, hefur verið að bæta við vöruúrvalið í sumar.

Litli verslunarreksturinn er í stöðugri þróun, að sögn Rakelar. „Við leggjum áherslu á að selja hreina og góða matvöru úr nærumhverfi en höfum líka verið að auka sölu á matvöru frá smáframleiðendum víðs vegar að á landinu. Svo höfum við síðustu vikur verið að þróa vöruúrvalið enn frekar í áttina að því að vera meira eins og kaupmaðurinn á horninu. Bætt við hefðbundnum matvörum eins og til dæmis mjólkurvörum og þurrvöru en líka sérvöldum innfluttum matvörum sem fólk rekst kannski almennt ekki á í hefðbundinni verslunarferð svo það fylgir því ákveðin upplifun að kíkja til okkar og jafnvel prófa eitthvað nýtt,“ segir hún.

### *Kaffihús*

Rakel segir að önnur nýjungin sé áhersla á kaffisölu með tilheyrandi bakkelsi og smurðum rúnstykkjum til að styrkja rekstrargrundvöll verslunarinnar. „Við bjóðum upp á kaffisölu í take-away og vonumst til að með þessu getum við haft lengri og meiri opnunartíma, líka yfir vetramánuðina til að þjónusta nærumhverfið okkar betur.

Þess vegna reynum við að leggja áherslu á aukið úrval núna og reynum að ná til ferðamanna til að hafa svigrúm til að styrkja reksturinn,“ segir Rakel Ósk.

### *Afurðir beint frá garðyrkjustöðinni*

„Búðin gefur okkur líka tækifæri, samhliða ræktuninni í garðyrkjustöðinni, til að vera í ákveðnum tengslum við neytendur og markaðinn. Garðyrkjustöðin hefur verið með alls konar kryddjurtir og tómatasortir í prufu, eggaldin, kúrbít og aðrar stærðir af gúrku. Í sjálfu sér getum við prófað okkur áfram með alls konar tegundir í litlu magni og fengið smá tilfinningu fyrir hvernig þær eru í ræktun og hvaða viðtökur þær myndu fá á almennum markaði,“ heldur Rakel áfram.

„Við erum líka með vottaða eldunaraðstöðu og þegar tækifæri gefst prófum við okkur áfram að vinna til dæmis úr öðrum flokki eða útlitsgölluðu grænmeti einhverjar vörur til sölu í búðinni til að styrkja verðmæti framleiðslunnar hjá okkur.

En við reynum líka að hvetja aðra á svæðinu til að hafa samband ef þau vilja koma einhverju í sölu og framtíðarsýnin okkar byggir á því að við getum verið miðpunktur fyrir alla þá grósku sem er í matvælaframleiðslu í uppsveitunum,“ segir Rakel að lokum. Hún vísar áhugasömu fólki um Litlu Bændabúðina að fylgjast með henni á Instagram og Facebook. */smh*


Margvíslegar tómatategundir beint úr garðyrkjustöðinni.










## Mýrar:

# Vaknaðu Brandur, Melur er kominn á sölu

## – Farsæll fjölskyldubúskapur á Mel


Þorkell Guðbrandsson og Guðrún Jónasdóttir á sólpallinum við Furumel.

**„Brandur, Brandur, vaknaðu maður, Melur er kominn á sölu.“ Það var Olli, Þorkell Guðbrandsson, sem þarna var að koma úr partíi í sláturtíðinni í Borgarnesi og æstur reyndi að vekja stóra bróður, Guðbrand Guðbrandsson, til lífsins þegar hann uppgötvaði að jörðin sem þeir bræður hefðu verið að sverma fyrir væri loksins orðin föl.**

Bryndís Sigurðardóttir
bryndis@yfirlit.is



Þetta var haustið 1971 og Olli aðeins 19 ára en svo sannarlega til í að verða bóndi. Brandur, sem orðinn var 24 ára, var ráðsettur heimilisfaðir í Borgarnesi, kvæntur æskuástinni sinni, henni Jónu Jóns, og á þessum tíma voru komin tvö lítil börn í kotið, þau Áslaug og Úlfar. Það varð uppi fótur og fit og pabbi gamli, Guðbrandur Magnússon, fengin í samningagerð við Guðrúnu Guðmundsdóttur á Mel, sem var komin um nírætt og bjó þar ásamt Aðalsteini Péturssyni, syni sínum, en hann var kominn yfir sjötugt og fluttu þau bæði á Dvalarheimilið í Borgarnesi.

Skemmst er frá því að segja að samningar við þau mæðgin tókust, enda Guðbrandur eldri annálaður samningamaður, og á vordögum 1972 fluttu þeir bræður ásamt búaliði í gamla íbúðarhúsið á Mel, það var um það bil 87 fermetrar. Frá rúmruskinu góða sem áður er nefnt hafði einn ungi bæst í hópinn hjá Brandi og Jónu því Guðrún Steinunn skaust í heiminn 14. maí 1972, nóttina fyrir daginn sem þeir tóku við Melnum. Olla hafði tekist að krækja í 16 ára bráðfallega yngismey, Guðrúnu Jónasdóttur, sem að mestu hafði slitið barnsskónum á Grenjum í næstu sveit, steinsnar frá Álftá þar sem Olli hafði alist upp frá fimm ára aldri. Kunnugir gera sér svo grein fyrir að Melur er svo líka í sömu sveit.

### *Þröng á þingi en samkomulagið gott*

Ráðsetta fjölskyldan, Brandur og Jóna, fengu aðstöðu í gamla eldhúsinu á Mel og stærra herbergið á efri hæðinni. Þar var pláss fyrir þau hjón og þrjú börn en sennilega hefur herbergið þó ekki verið stærra en 15 fermetrar. Fyrir unga parið var útbúið lítið eldhús á neðri hæðinni og svo fengu þau minna herbergið á efri hæðinni fyrir sig, þar var hægt að koma fyrir tvíbreiðu rúmi sem var 120 cm og með naumindum var hægt að koma fyrir barnarúmi líka, sem kom sér vel því frumburður þeirra hjóna, Guðbrandur, kom í heiminn í desember ári seinna.

### *Tíu mjólkandi*

Fjósið á Mel var ekki stórt og í fyrstu aðeins pláss fyrir átta mjólkandi kýr og allar voru þær handmjólkaðar en fljótlega var hægt að bæta við tveimur kusum þegar úr vatnsmálum leystist en þannig háttaði til að í fjósinu þurfti að vera söfnunartankur fyrir vatn þegar brunnurinn gaf illa.

„Þarna voru þær Melkorka, Dimma, Fífa frá Fíflholtum og svo tvíburarnir Blíðrós og Sumarrós,“ segir Olli dreyminn en í þá daga fengu gripirnir nafn en ekki bara númer eins og nú tíðkast. Fljótlega var hafist handa við byggingu á nýju 30 kúa fjósi með mjaltakerfi og var það tekið í notkun árið 1975. Þá hafði reyndar færst enn meira fjör í leikinn því Olli og Guðrún höfðu bætt við einum dreng, Jónasi, sem fæddist í mars 1975.

Eins og sumarstúlkan fékk að kynnast var erfitt með vatnið á Mel, þurfti hún stundum að fara á Dontanum með mjólkurbrúsa á Dontakerrunni og ausa vatninu með fötu upp úr ánni í brúsana. En þessi sumarstúlka er sú stúlka sem ber ábyrgðina á þessum skrifum.

Því réðust bræðurnir í það haustið 1975, þegar nýja fjósið var tekið í notkun, að leggja vatnsveitu ofan frá Svarfhólsmúla. Veitan varð upphaf að Vatnsveitu Hraunhrepps sem var síðan árið 1980 plægð áfram niður um alla sveit. Var það gríðarlega góð framkvæmd, því að þótt Mýrarnar séu blautar var mjög erfitt með neysluvatn á bæjunum. „Þetta er það eina sem er utan kvóta,“ er haft eftir Brandi á Mel um barneignir og niður hlóðust börnin, Bjargey Anna fæddist 1976 og Gunnhildur í febrúar 1978 hjá Brandi og Jónu og þá var orðið nokkuð ljóst að til aðgerða þurfti að grípa.

Brandur og Jóna tóku á leigu næstu jörð, Staðarhraun, sem var ríkisjörð og hafði verið í eyði í nokkur ár og þar engar nýtilegar byggingar. Árið 1978 var byrjað að byggja íbúðarhús fyrir þeirra fjölskyldu og fluttust þau að Staðarhrauni fyrir jólin 1979, áfram ráku þau samt saman félagsbúið á Mel. Fljótlega var byrjað á fjárhúsbyggingu á Staðarhrauni og flutti Brandur með kindurnar 1985 en fáum árum seinna með kýrnar og sameiginlegum búrekstri þessara samheldnu fjölskyldna þar með lokið. „En það var alltaf afar gott samkomulagið hjá okkur og aldrei féll styggðaryrði milli Guðrúnar og Jónu, en við bræður vorum ekki alltaf sammála, eins og gengur með bræður,“ segir Olli. „Börnin voru dugleg að leika sér saman,“ segir Guðrún og þau eru sammála um að lífið hafi verið gott þó þröngt hafi verið setið á Mel.

Það eru þrír kílómetrar á milli bæjanna, Mels og Staðarhrauns, og hlupu börnin oft þar á milli eftir að Brandur og Jóna fluttu. Jóna lést eftir skammvinn veikindi árið 2020, Guðbrandur brá þá búi og flutti í Borgarnes.

### *Ætlaði ekki að búa í sveit*

Guðrún, sem er þriðja yngst þrettán systkina og alin upp í sveit, ætlaði nú ekkert að verða bóndi. „En ég hélt að hann yrði svo leiður ef ég vildi ekki koma í sveitina,“ segir hún og þar með voru örlög hennar ráðin. Olli, sem eins og Guðrún á mörg systkini, er næstyngstur af tólf. Foreldrar Guðrúnar voru Jónas Gunnlaugsson frá Hrísdal í Miklaholtshreppi og Guðveig Guðmundsdóttir frá Flesjustöðum í Kolbeinsstaðahreppi en foreldrar Olla og Brands voru Bjargey Guðmundsdóttir frá Syðstu-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi og Guðbrandur Magnússon frá Hallkelsstaðahlíð í sömu sveit.

### *Nýbygging á Mel*

Árið 1984 var tilbúið nýtt íbúðarhús á Mel enda gamla húsið orðið ansi lélegt og þá var lag að stækka fjölskylduna. Gunnar fæddist árið 1979 og engin ástæða til að hætta barnaframleiðslunni enda bráðgerir drengir þessi þrír sem voru fæddir voru fyrir, Guðbrandur, Jónas og Gunnar. 1983 fæðist Rögnvaldur, 1985 Þórey, 1989 Þóroddur, 1991 Ágúst og 1993 kom svo Eva Sóley. Nú voru börnin orðin átta og ákvörðun tekin um að nóg væri komið. Svona í framhjáhlaupi má nefna að á Staðarhrauni hjá Brandi og Jónu voru líka komin á þessum tíma átta börn, til viðbótar við þau sem áður voru upptalin voru Jón Guðlaugur, Hugrún Lukka og Jóhannes mætt og allt er þetta fyrirmyndarfólk.

Það var í nógu að snúast hjá húsfreyjunni á Mel, með átta börn sem gæta þurfti að og þá erum við að tala um allar vaktir, nútildags þriðju, fjórðu og jafnvel fimmtu. Það er verkefni að láta átta grislinga lesa og reikna, passa upp á sundföt og íþróttaföt, eiga til útigalla, ullarsokka og endurnýja vettlinga sem alltaf eru að týnast. Koma þeim í skólarútu, búa um í heimavist þegar það átti við og snýta og skeina eftir þörfum, svo ekki sé talað um að næra allan hópinn svo vel sé.

Hugsanlega ekki framtíðin sem hin unga Guðrún Jónasdóttir sá fyrir sér þegar hún fylgdi kærastanum á Mel. „Ég hefði kannski viljað læra trésmíði,“ segir hún aðspurð um hugsanlega drauma um menntun en ekki er að sjá nokkra eftirsjá. Guðrún er mikil hagleikskona, prjónar, skreytir kerti, smíðar úr silfri og hér á árum áður saumaði hún á börnin.

Þegar um hægðist og börnin komin til manns fór Guðrún að vinna á leikskóla í Borgarnesi við góðan orðstír en hætti störfum árið sem hún varð 67 ára og fannst kominn tími á annað en brauðstritið. Olli hefur um árabil unnið á vinnuvélum meðfram bústörfum og tekur enn í vélarnar þegar vantar í nágrenninu.

### *Byggðu nýtt hús í skóginum*

Nú eru þau hjón sest í helgan stein, Þórey dóttir þeirra hefur ásamt manni sínum, Sigurjóni Helgasyni frá Austvaðsholti í Landsveit, tekið við búskapnum á Mel. Þorkell og Guðrún hafa byggt annað hús fyrir sig í skógarlundi í landi Mels sem þau fluttu í árið 2009. Þar hafa líka synir þeirra, Jónas og Rögnvaldur, byggt sér hús og búa þar með fjölskyldum sínum.




Til flutnings
Gott 170fm timburhús og 67fm bílskúr til sölu til flutnings.
Staðsett í Kópavogi.
Seljast saman eða í sitthvoru lagi. Ýmis skipti koma til greina.
Nánari upplýsingar veitir Ólafur s. 695-4000



Melur um það leyti þegar nýju eigendurnir tóku við búrekstrinum og fluttu með manni og mús.



Nýju bændurnir á Mel. Þarna er hundurinn Glámur, með hjónin Guðbrand Guðbrandsson og Jónu Jónsdóttur sér á vinstri hönd og hárprúði ungi maðurinn er Þorkell Guðbrandsson. Dökkhærða barnið er Áslaug Guðbrandsdóttir og það ljóshærða Úlfar Guðbrandsson



Það er mörg búmannsraunin. Hér eru þau hjón, Guðbrandur og Jóna, í búreikningum á Staðarhrauni.

Það er því mikill samgangur og oft glatt á hjalla hjá Melsurum eins og þau kalla sig, enda barnabörnin 22 og barnabarnabörnin orðin tvö. Jólaboðið og þorrablót Melsara er haldið á heimili þeirra Guðrúnar og Olla en hápunkturinn eru Melsleikar sem haldnir eru á hverju sumri. Hlaupið í skarðið, Yfir og aðrir gamlir og góðir útileikir eru teknir til kostanna og Melsarar taka viðburðinn alvarlega, skipt er í tvö lið og þau merkt með sérhönnuðum bolum og í lokin eru afhentir bikarar fyrir góða frammistöðu og reyndar líka skammarverðlaun þegar það á við. Verðlaunagripir skreyta hillur þessarar elstu kynslóðar Melsara en þar má líka finna skammarverðlaun.

### *Ánægð og hlakka til næstu ára*

„Við erum mjög sátt hérna í skóginum, okkur hefur verið gefið afskaplega mikið,“ segja þau. Húsið þeirra heitir Furumelur og sitt til hvorrar handar eru synirnir Rögnvaldur á Reynimel og Jónas á Birkimel með sínar fjölskyldur og stutt til Þóreyjar.

„Lífið hefur verið okkur gott, ég mæti á fjalirnar þegar leikfélagið kallar,“ segir Olli en hann hefur verið afar liðtækur hjá leikfélaginu og sama má segja um afkomendur þeirra sem kunna vel við sig á sviði. „Svo er ég í tveimur kórum,“ segir hann og augljóslega „helsáttur“ eins og unga fólkið segir. Guðrún hefur nú nógan tíma í handverkið og opinberar draum sinn um húsbíl svo hægt sé að ferðast um landið. Hver skyldi nú hafa séð það fyrir að þessir ungu bræður, Olli og Brandur, sem upp úr miðri síðustu öld fylgdu draumum sínum, hefðu síðan þá margfaldað sig mörgum sinnum og framleitt matvæli fyrir landann í ómældu magni? Ef þeir, og spúsur þeirra, geta ekki horft stolt um öxl, hver getur þá?










Mynd / Jón Eiríksson

# Kaup og sala líflamba

**Mikill áhugi er meðal bænda á sölu og kaupum líflamba með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir.**


Sigurbjörg Bergsdóttir.

Gerður er greinarmunur á sölu/kaupum á líflömbum af líflambasölusvæðum og öðrum svæðum landsins.

Umsóknarfrestur um sölu er til 1. maí ár hvert. Í ár var hann framlengdur til 1. júlí.

**Líflambasölusvæðin** eru fjögur (4): Snæfellsneshólf, Vestfjarðahólf eystra, Norðausturhólf (frá Jökulsá á Fjöllum að Brekknaheiði) og Öræfasveit.

Bú á þessum svæðum geta sótt um leyfi til sölu lamba **af öllum arfgerðum nema þau sem bera genasamsætuna VRQ**, sem er bannað að selja yfir varnarlínur. Umsóknareyðublað 2.11 í þjónustugátt á mast.is.

Bú í Snæfellsneshólfi geta aðeins selt inn í þau varnarhólf þar sem bólusett er gegn garnaveiki. Bú í hinum þremur varnarhólfunum geta selt hvert á land sem er. Alltaf að því tilskildu að viðkomandi bú sé með söluleyfi.

### *Önnur svæði en þau sem teljast til líflambasölusvæða*

Bú í öðrum varnarhólfum en þessum fjórum líflambasöluhólfum geta sótt um leyfi til þess að selja lömb með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir. Umsóknareyðublað 2.46 í þjónustugátt á mast.is. Þessar arfgerðir eru **ARR/x, T137/x, AHQ/AHQ, AHQ/C151 eða C151/C151** (x má vera hvaða genasamsæta sem er nema VRQ). Verklagsreglur um afgreiðslu slíkra umsókna er að finna á heimasíðunni mast.is undir Bændur – Sauðfé og geitur – Flutningar og sjúkdómavarnir.

### *Kaup á líflömbum*

Umsóknarfrestur til kaupa á líflömbum er til 1. júlí ár hvert. Í ár er hann framlengdur til 20. ágúst.

**Við kaup úr líflambasöluhólfum** er fyllt út umsóknareyðublað 2.09 í þjónustugátt á mast.is og nægilegt er að taka fram fjölda hrúta og gimbra sem óskað er að kaupa úr hverju hólfi.

Eins og fyrr segir er eina skilyrðið varðandi arfgerðir lambanna að þau mega ekki bera VRQ genasamsætuna.

**Við kaup á verndandi/mögulega verndandi arfgerðum úr öðrum varnarhólfum** er fyllt út umsóknareyðublað 2.45 í þjónustugátt á mast.is og þar þarf að merkja við hvaða arfgerðir það eru sem óskað er eftir að kaupa, fjölda lamba af hvoru kyni og tiltaka þarf nafn þess bæjar/bæja sem óskað er eftir að kaupa af.

*Höfundur er sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun.*

# Norðmenn veðja á fósturvísa til að flýta erfðaframförum

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



**Á vegum GENO, norska kynbótafyrirtækisins, er nú starfrækt öflug rannsóknarstofa sem er sérhæfð í fósturvísaframleiðslu.**

Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að auka erfðaframfarir NRF kúakynsins en talið er að með því að framleiða fósturvísa megi auka kynbótaframfarir kúastofnsins um að lágmarki 20% umfram hefðbundnar aðferðir!



**GENO hefur stóreflt starfsemi sína við framleiðslu fósturvísa og sér í lagi með glasafrjóvgunartækni.** Mynd / Aurora Hannisdal.

### *Tvær aðferðir við framleiðsluna*

GENO framleiðir fósturvísa með tvenns konar aðferðum. Annars vegar með hefðbundinni skolun, svokallaðri MOET (Multiple Ovulation Embryo Transfer) aðferð og hins vegar OPU (Ovum Pick Up) aðferð. Við hefðbundna MOET framleiðslu er kvígan meðhöndluð þannig að hún fær mörg egglos í einu. Hún er svo sædd og fósturvísarnir skolaðir úr leginu viku síðar. Að meðaltali fást 5–7 fósturvísar með þessari aðferð. Sömu kvígu má svo nota á ný til fósturvísaframleiðslu eftir u.þ.b. tvo mánuði. Með OPU aðferðinni eru ófrjóvguð egg sótt beint úr eggjastokkum kvígunnar með sérstakri nál sem sogar eggin út um slöngukerfi. Þessa aðferð má endurtaka með 2–3 vikna millibili yfir lengri tíma og getur gefið mun fleiri fósturvísa en MOET tæknin. Eftir að eggin hafa verið soguð upp eru þau frjóvguð á rannsóknarstofu GENO með hefðbundinni glasafrjóvgun. Þeir fósturvísar sem verða til með þessari aðferð eru svo meðhöndlaðir með sérstökum hætti í sjö daga. Hægt er að setja upp ferska fósturvísa en hjá GENO eru þeir frystir, svo hægt sé að dreifa þeim betur um landið.

### *Semja við ákveðin kúabú*

Til að tryggja að GENO nái sem bestum árangri hefur félagið samið við fjölda kúabúa víða um Noreg og með því tryggt aðgengi að nægum fjölda kúa sem getur fóstrað nautgripi framtíðarinnar fyrir GENO. Þessar kýr, sem eru þá notaðar til að setja fósturvísa upp í, eru oftar en ekki kýr sem ekki eru heppilegar til að rækta undan en eru heilbrigðar og í góðu standi og því heppilegar fyrir fósturvísana. Búin, þar sem kýrnar eru, fá þessa þjónustu ókeypis frá GENO en á móti kemur að félagið á rétt á að kaupa kálfinn þegar þar að kemur og byggir sú ástæða á arfgerðargreiningu á kálfinum. Ef greiningin bendir til þess að um áhugaverðan kynbótagrip sé að ræða fær bóndinn fasta greiðslu fyrir kálfinn og skiptir ekki máli hvort kynið er. Ef GENO vill ekki kálfinn, heldur bóndinn honum að sjálfsögðu.

### *Kaupa líka kvígur*

Hér áður fyrr vildu kynbótafyrirtæki einungis efnilega nautkálfa á stöðvar sínar en nú er þetta orðið breytt og GENO kaupir því líka inn kvígukálfa, um 130 á ári. Kvígurnar eru keyptar inn þegar þær eru 3–5 mánaða gamlar og svo eru þær nýttar í fósturvísaframleiðslu frá að jafnaði 12 mánaða aldri og í 3–5 mánuði eftir því hve margir fósturvísar eru teknir. Eftir að fósturvísaframleiðslu er lokið er kvígan sædd og þegar hún er með staðfest fang er hún seld frá GENO. Þessar kvígur bera nokkuð seinna en aðrar kvígur eða við um 30 mánaða aldurinn og fær bóndinn sem seldi GENO kvíguna rétt á að kaupa hana til baka, en ef hann vill hana ekki er hún seld annað.

### *Hafa náð góðum árangri*

Þróunin á framleiðslu fósturvísa hefur tekið miklum framförum á undanförnum árum og er árangurinn nú orðinn nánast undraverður. Þannig er t.d. hægt að ná fósturvísum úr ungum kvígum eins og áður segir og eru gæði fósturvísanna mjög góð. Samkvæmt tölum GENO eru líkurnar á því að fá lifandi fæddan kálf í dag frá fósturvísi 50%, þ.e. kálfur fæðist af öðrum hverjum uppsettum fósturvísi!

### *Nota kyngreiningu á sæði*

Undanfarin ár hefur notkun kúabúa á kyngreindu sæði GENO aukist verulega og því hefur snarfækkað fæðingum á nautkálfum í Noregi. Um leið og þetta hefur auðvitað lækkað framleiðslukostnað norskra kúabúa og eflt ræktun norska kúastofnsins þá eru færri fædd naut verra fyrir GENO sem þarf á nautum að halda fyrir sæðisframleiðsluna. Framleiðsla á fósturvísum er því leið að því marki að fá inn í ræktunarstarfið gripi sem henta. Enn fremur notar vísindafólk GENO kyngreint sæði við fósturvísaframleiðsluna, en með því er enn betur hægt að stýra því hvaða gripir fæðast og því hægt að velja með um 90% öryggi hvert kyn kálfsins verður. Fyrir vikið er enn frekar en áður hægt að fá efnileg naut fyrir sæðisframleiðslu og efnilegar kvígur fyrir hefðbundna mjólkurframleiðslu.

**MbryO er skrásett vörumerki GENO fyrir NRF-fósturvísa.** Mynd / GENO

### *Hvetja bændur til að kaupa fósturvísa*

Fósturvísaframleiðsla GENO er í dag ekki einungis til að framleiða efnilega kynbótagripi heldur ekki síður til þess að snarauka erfðaframfarirnar á kúabúum landsmanna. Þannig hvetja samtökin bændur til þess að kaupa erfðavísa og láta setja upp í slakari kýrnar enda er þetta hraðvirkasta leiðin til þess að bæta bústofninn án þess að hreinlega kaupa gripi. Það kerfi sem GENO notar er einkar áhugavert en bóndinn borgar ákveðna lágmarks upphæð fyrir fósturvísinn og uppsetningu hans og eftir að kálfurinn fæðist fær bóndinn lokareikning frá GENO eftir kyni kálfsins. Ef um nautkálf er að ræða, borgar bóndinn ákveðið lágmarksgjald enda má ætla að stefnt hafi verið að því að fá kvígukálf. Ef hins vegar um kvígukálf er að ræða þarf að borga hærra gjald, enda má ætla að kvígan muni standa öðrum framar innan fjóssins þegar fram líða stundir.

### *200 fósturvísar að lágmarki*

Uppsetning fósturvísa krefst töluverðrar æfingar og er GENO í samstarfi við útvalda dýralækna og frjótækna, sem sjá um að setja upp fósturvísana. Rannsóknir GENO sýna að til þess að geta náð góðum árangri við að setja upp fósturvísa þarf dýralæknirinn eða frjótæknirinn að setja upp að lágmarki 200 fósturvísa á ári, svo hann haldi sér í góðri þjálfun og nái viðunandi árangri.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




**Síberíuþinur þarf skjól eldri trjáa í uppvextinum. Hér hefur hann verið gróðursettur í eldri gróðursettum birkireit í Kjarnaskógi og dafnar vel.**
Myndir / Pétur Halldórsson

# Síberíuþinur *(Abies sibirica)*

**Ein fallegasta barrviðartegundin sem vaxið getur á Íslandi er upprunnin í barrskógabelti Síberíu austan árinnar Volgu.**

Útbreiðslusvæðið nær allt norður fyrir 67. gráðu norðlægrar breiddar og liggur um Rússland austan Volgu, Xinjiang-hérað Kína, Kasakstan og fleiri lönd allt austur til Jakútíu. Á sunnanverðu útbreiðslusvæðinu þrífst hún í svölu loftslagi í rökum jarðvegi til fjalla með vatnasvæðum áa og fljóta í um 1.900 til 2.400 metra hæð yfir sjó en á láglendi þegar norðar dregur. Tegundin er kennd við Síberíu í latneska heitinu og líka því íslenska, síberíuþinur.

Þinur þessi er mjög skuggþolinn og stendur af sér mikið frost, allt niður í mínus fimmtíu stig. Hann er því með harðgerustu tegundum sem þekktar eru samkvæmt bandaríska vefnum Conifer Trees Database sem bandaríska barrtrjáasambandið American Conifer Society rekur. Þetta er mjög svo fróðlegur vefur sem geymir miklar upplýsingar um ýmsar tegundir barrviða.

En skyldi tegund sem aðlöguð er meginlandslofti fjarri sjó í Asíu eiga einhverja möguleika á Íslandi þar sem alls staðar er fremur stutt til sjávar og loftslag með því hafrænasta sem þekkist? Ætla mætti ekki, ef skoðaður er árangur af ræktun síberíuþins á Íslandi í árdaga skógræktar á fyrri hluta tuttugustu aldar. Flestir drápust síberíuþinirnir úr sveppsjúkdómnum þinátu – ef þá kól ekki til dauðs – enda nutu þeir ekki skjóls og skugga af eldri trjám og voru útsettir fyrir þeim óteljandi veðrabrigðum sem náttúruöflin efna til á Íslandi.

Síberíuþinur var meðal fyrstu trjátegunda sem reyndar voru í skógrækt á Íslandi. En jafnvel þótt flest trén hafi drepist sem fyrst voru gróðursett eigum við til rúmlega 120 ára gömul eintök bæði í Grundarreit í Eyjafirði og Furulundinum á Þingvöllum. Þessi elstu tré hafa svolítið fjölgað sér með sveiggræðslu. Yfirleitt eru afföll af gróðursettum síberíuþin mikil vegna þinátu eða kals í æsku hérlendis en dæmi eru um mjög vel heppnaða ræktun hans, til dæmis í Kjarnaskógi og Hallormsstaðaskógi þar sem hann hefur verið gróðursettur í skjóli annarra trjáa, ekki síst þar sem þau standa í gróðursettum birkireit eða undir lerki. Síberíuþinur þarf skjól í æsku, helst skerm hávaxnari trjáa, og frjósaman jarðveg. Hann er með öðrum orðum engin frumherjategund og ekki reynandi að gróðursetja hann á skóglausu landi. Helst er árangurs að vænta í eldri skógum í innsveitum þar sem veður er stöðugra en við sjávarsíðuna.

Til helstu kosta síberíuþins telst líklega fegurðin. Þetta er fremur smávaxið tré sem vex hægt en nær með tímanum 30–40 metra hæð í upprunalegum heimkynnum. Hérlendis má búast við að hann geti náð tuttugu metrum eða meira á löngum tíma. Þetta er beinvaxið, einstofna tré með keilulaga krónu eins og títt er með barrtré. Oft er síberíuþin ruglað saman við rauðgreni enda tegundirnar áþekkar að sjá, einkum tilsýndar. Þegar nær er komið sést að barrið er mýkra og meira gljáandi. Síberíuþinur hreyfist tígulega í vindi. Hann hefur fremur ljósgrænan, frísklegan lit sem gerir að verkum að hann er upplagður til að auka fjölbreytni og fegra ásýnd skóga.

Misjafnar skoðanir eru á síberíuþin sem jólatré. Hann hefur óumdeilanlega fegurðina sem til þarf og er barrheldinn eins og aðrir þinir, en mörgum þykir hann svigna um of undan þunga skrauts og jólaljósa. Með léttri seríu og nettu skrauti nýtur hann sín engu að síður mjög vel. Hann ilmar vel og löng hefð er fyrir því að vinna úr honum ilmolíur sem meðal annars eru taldar góðar við hósta og kvefi.

Náskyld tegund kallast mansjúríuþinur á íslensku (Abies nephrolepis). Um hann má lesa á áðurnefndum barrtrjáavef en líka er vert að benda á gagnabrunninn Gymnosperm Database, sem geymir mikinn fróðleik um þini og aðra berfrævinga.

*Pétur Halldórsson*
*kynningarstjóri.*









# Sex ný naut í notkun

**Nú hallar sumri og líður að haustverkum. Hvaða naut eru í notkun hverju sinni kemur þó árstíðum lítið við en þó er það svo að umfang sæðinga fer vaxandi ár hvert þegar daginn tekur að stytta.**



Guðmundur Jóhannesson.

Ákveðið hefur verið að gera breytingar á nautum í notkun, setja sex ný naut inn og taka fimm úr notkun. Fjöldi nauta í dreifingu verður því 22 næstu vikurnar. Úrvalið er því nokkuð og ætti hver og einn að geta fundið naut sem hentar hverju sinni. RML býður jafnframt upp á aðstoð við nautaval með gerð pörunaráætlana fyrir menn.

Þau naut sem koma ný í notkun eru ekki af verri endanum en þau voru valin á sínum tíma út frá erfðamati þeirra. Hér er um að ræða Dúsk 23008, Siffa 23009, Grána 23010, Garra 23014, Hvin 23015 og Nenna 23016. Gerð verður nánari grein fyrir þeim hér að neðan en fyrst skulum við fara yfir hvaða naut fara úr notkun. Það eru:

- Mjölnir 21025 – tæpur í fanghlutfalli
- Kajak 22009 - sæði uppurið (hann verður þó í kútum frjótækna fyrst um sinn)
- Krummi 22025 – tæpur í fanghlutfalli
- Hringur 22028 – lítil notkun
- Sjóður 23003 – lítil notkun

Í notkun verða áfram Beykir 18031, Nafni 19009, Magni 20002, Pinni 21029, Vorsi 22002, Hnallur 22008, Ægir 22010, Flammi 22020, Strókur 22023, Drungi 22024, Úlfar 22026, Þrymur 22027, Hrauni 22030, Reykhóll 23002, Ísjaki 23004 og Miði 23006.



Dúskur 2300.



Siffi 23009.



Gráni 23010.



Garri 23014.

***Ný naut í notkun***

**Dúskur 23008** er frá Róberti og Elsu í Litla-Dunhaga í Hörgárdal, undan Krans 20040 Jörfasyni 13011 og Grétu 722 Hansdóttur 15046. Erfðamat Dúsks segir dætur hans verða mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk undir meðallagi. Þetta ættu að verða frekar bolléttar kýr og í meðallagi háfættar. Júgurgerðin úrvalsgóð, vel borin júgur með góða festu og greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið meðalgott. Heildareinkunn 110.

**Siffi 23009** frá Samúel og Þórunni í Bryðjuholti í Hrunamannahreppi, undan Tanna 15065 Sandssyni 07014 og Bryðju 853 Númadóttur 16038. Erfðamat Siffa gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk aðeins undir meðallagi. Þetta ættu að verða fremur bolmiklar kýr og í meðallagi háfættar. Júgurgerðin góð, vel borin júgur með góða festu og greinilegt júgurband. Spenar aðeins yfir meðallagi að lengd, eilítið grannir og aðeins gleitt settir. Mjaltir góðar og skapið úrvalsgott. Heildareinkunn 115.

**Gráni 23010** er frá Hólmsteini og Katrínu á Þorleifsstöðum í Blönduhlíð, undan Tanna 15065 Sandssyni 07014 og Gránu 592 Tinnadóttur 17018. Erfðamat Grána segir dætur hans verða mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða í meðallagi bolmiklar kýr, júgurhraustar og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin úrvalsgóð, vel borin júgur með mikla festu og greinilegt júgurband. Spenar aðeins langir og grannir og aðeins en vel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið gott. Heildareinkunn 113.

**Garri 23014** er frá Guðrúnu og Gunnari á Búrfelli í Svarfaðardal, undan Ós 17034 Úllasyni 10089 og Blesu 693 Ýmisdóttur 13051. Erfðamat Garra gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með verðefna í mjólk aðeins undir meðallagi. Þetta ættu að verða fremur bolmiklar kýr og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin góð, sérlega vel borin júgur með góða festu og greinilegt júgurband. Spenar fremur stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir góðar og skapið gott. Heildareinkunn 113.

**Hvinur 23015** er frá Ástu og Arnari á Hranastöðum í Eyjafirði, undan Ós 17034 Úllasyni 10089 og Belju 1520 Herkisdóttur 16069. Erfðamat Hvins segir dætur hans verða mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk undir meðallagi en hlutfall próteins um meðallag. Þetta ættu að verða bolmiklar og júgurhraustar kýr og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin góð, vel borin júgur með mikla festu og nokkuð greinilegt júgurband. Spenar um meðallag að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir góðar og skapið í góðu meðallagi. Heildareinkunn 113.

**Nenni 23016** er frá Sigurbjörgu og Gunnari á Hjarðarfelli á Snæfellsnesi, undan Títan 17036 Úranussyni 10081 og Stáss 504 Bambadóttur 08049. Erfðamat Nenna gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kýr með verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu að verða fremur bolmiklar kýr og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin góð, vel borin júgur með góða festu og mjög greinilegt júgurband. Spenar aðeins langir, eilítið grannir og meðalvel settir. Mjaltir mjög góðar og skapið frábært. Heildareinkunn 110.

Eins og sjá má á aldri og ætterni þessara nauta er áhrifa erfðamengisúrvalsins farið að gæta verulega. Allt eru þetta naut sem eru ung eða 14-17 mánaða og Dúskur er undan nauti sem fætt er 2020. Slíkt hefði fyrir örfáum árum verið óhugsandi. Erfðamengisúrvalið mun þannig hraða erfðaframförum með styttingu ættliðabilsins, einkum og sér í lagi í gengum liðinn faðir-sonur.


**Frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður.**





**Vatnspóstarnir frá Drinking Post Waterer hafa fengið frábærar viðtökur.**
**Nú er rétti tíminn til uppsetninga.**

Ekkert rafmagn. Einfalt í uppsetningu, aðeins þrír hreyfanlegir hlutar.
Allt viðhald ofanfrá. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Fyrir allan búfénað.

**Verð kr. 136.000 +vsk.**
**Til afhendingar strax - Sendum hvert á land sem er.**

**Formax Paralamp ehf. – Aqua Icelander Equine. Sími 562-6800.**


Hvinur 23015


Nenni 23016.

Það er þó engin ástæða til þess að gleyma liðnum móðir-sonur og huga í ríkari mæli að ungum kúm og kvígum, sérstaklega með það í huga að æ fleiri kýr sem bera fyrsta kálfi hafa nú erfðamat með sama öryggi og þau naut sem eru valin. Ég vil því eindregið biðja menn að líta nú yfir sinn efnilega kvíguhóp, horfa á erfðamatið og sæða þessa efnisgripi með góðu nauti með það í huga að líkurnar á nautkálfi sem bjóða má á stöð eru nálægt 50%.

Framboð nautkálfa hefur verið með ágætum en þó er nokkur hópur búa sem við söknum þess að vera ekki boðinn kálfur frá. Erfðafræðilega eru allar íslenskar kýr keimlíkar og í öllum fjósum landsins koma fram gripir sem hafa til að bera þá kosti að geta verið nautsmæður. Það liggur í hlutarins eðli að við afþökkum mun fleiri kálfa en við kaupum en þannig á það að vera. Því fleiri sem við höfum úr að velja því meiri líkur eru á að við náum allra bestu nautkálfum stofnsins á stöð, öllum kúabændum til hagsbóta. Með góðri samvinnu og samtakamætti eflum við nautgriparæktina og við höfum ekki efni á öðru en að allir taki virkan þátt.

Erfðamat allra gripa getur tekið breytingum við hverja keyrslu og við keyrum nýtt mat 1–2 sinnum í mánuði. Matið er uppfært jafnharðan í Huppu og yngstu gripirnir fá jafnframt sitt fyrsta mat.

Erfðamat nauta í notkun er jafnframt að finna á nautaskra.is og þar geta menn skoðað hvernig þau standa hverju sinni. Það er um að gera að fylgjast með og skoða mat bæði nautanna og sinna eigin gripa, vega og meta kosti og galla og nýta matið til þess að para gripina saman. Þannig má stuðla að því að næsta kynslóð taki hinum fyrri fram í gæðum.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.*

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



**Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar**

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6-2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvalögn
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum



Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083



EXIDE rafgeymar

Með tilkomu sífellt flóknari og fjölbreyttari farartækja sem eru búin sérhæfðum rafbúnaði, hefur þörfin fyrir öfluga og trausta rafgeyma aukist.

Skannaðu QR kóðann og finndu rétta rafgeyminn fyrir þitt farartæki

**Fyrirtækjaþjónusta Olís**
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

Hafðu samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða pontun@olis.is

olís

# Riðulaust Ísland

## – Nokkur orð um ræktun gegn riðu og nýja landsáætlun

**Þann 8. júlí síðastliðinn var landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu undirrituð. Skjal þetta er í raun stefnuyfirlýsing þar sem mótuð hefur verið sameiginleg stefna stjórnvalda og bænda og þar með stigið stórt skref í að blása til sóknar í baráttunni við riðuna með nýrri nálgun, sem vonandi verður lokabardaginn. En hvað felur þessi áætlun í sér? Hver eru næstu skref? Og hver er núverandi staða ræktunar gegn riðu?**


Eyþór Einarsson.

Landsáætlunin var unnin undir forystu matvælaráðuneytisins (MAR) ásamt fulltrúum frá Matvælastofnun (MAST), Bændasamtökum Íslands (BÍ) og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Stefnuskjalið er yfirgripsmikið og tekur á flestum þáttum tengdum riðunni, s.s. vörnum gegn riðuveiki, vöktun, rannsóknum, viðbrögðum ef upp kemur riða og nýtingu fjármuna. Þar er jafnframt tilgreint hver skuli bera ábyrgð á hverju. Hryggjarstykkið er innleiðing verndandi (V) og mögulega verndandi (MV) arfgerða og verður fókusinn settur á þann þátt í þessum pistli.

Næsta skref er síðan að MAR leggi fram reglugerð á grunni landsáætlunarinnar og er sú vinna í gangi hjá ráðuneytinu,en drög munu verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Landsáætlunin er aðgengileg á netinu, m.a. á heimasíðu RML, undir „Kynbótastarf“ > „Ræktun gegn riðu“.

### *Áhættuflokkun bæja*

Í landsáætluninni eru sauðfjárbú flokkuð í þrjá flokka m.t.t. áhættu gagnvart riðusmiti. Í grunninn byggir flokkunin á varnarhólfunum og því hvenær riða greindist þar síðast. Áhættuflokkarnir eru eftirfarandi:

**Áhættubær** er bær sem hefur faraldsfræðilega tengingu við riðubæ undangengin sjö ár fyrir staðfestingu riðunnar. Tengslin geta verið vegna samgangs fólks eða fjár eða samnýting á tækjum eða tólum (nánari lýsingu er að finna í landsáætluninni). Bær er áhættubær í allt að sjö ár frá uppkomu riðu.

MAST hefur ekki gefið út hvaða bæir tilheyra þessum flokki enda er reglugerðin, sem mun byggja á landsáætluninni, ekki komin í gagnið. Strax við útgáfu nýrrar reglugerðar getur MAST hafist handa við að flokka bæina, en forsendur flokkunarinnar er að finna í landsáætluninni og geta því bændur í riðuhólfum sjálfir skoðað núna hvernig þeirra bú muni líklega flokkast.

**Aðrir bæir í áhættuhólfi** eru þeir bæir í varnarhólfi þar sem riða hefur verið staðfest síðastliðin sjö ár, en eru hvorki riðubæir né áhættubæir.

**Landið allt utan áhættuhólfa.** Í þessum flokki eru öll bú á landinu sem tilheyra varnarhólfum þar sem lengra er en 7 ár frá síðasta riðutilfelli eða varnarhólfum þar sem riða hefur aldrei fundist.

### *Hraði innleiðingar á V og MV arfgerðum*

Eitt af grundvallaratriðum í áætluninni er að ræktaður sé upp þolinn sauðfjárstofn gegn riðuveiki. Allir þurfa að spila með í þessu en gert er þó ráð fyrir að hraði innleiðingar geti verið mismundi eftir svæðum m.t.t. áhættu á riðusmiti. Mikil áhersla verður lögð á hraða ræktun á áhættubæjum. Eins er lágmarkskrafa um innleiðingu hinnar verndandi arfgerðar ARR mismikil eftir svæðum.

Þessar áherslur ættu að gefa ákveðið svigrúm til þess að lágmarka aukningu skyldleikaræktar fyrir stofninn í heild, að sem minnst sé gefið eftir í erfðaframförum í helstu kynbótaeiginleikum og erfðafjölbreytileika í stofninum sé viðhaldið. Þá er lagt upp með að markmiðin séu það rúm að þau séu bændum vel viðráðanleg.


Smalað í Breiðuvík. Búið var að greina hjá Íslenskri erfðagreiningu um 47.000 sýni frá 1. apríl samkvæmt skráningum í Fjárvís. Ef skoðuð eru hrútlömb frá í vor, þá eru í Fjárvís skráð 5.242 hrútlömb sem bera ARR genasamsætuna og þar af 42 arfhreinir hrútar (ARR/ARR). ). Hrútlömb sem bera MV arfgerð (en eru hvorki með ARR né VRQ) eru 4.267. Ef sérstaklega er horft á hvern breytileika fyrir sig, þá hafa verið greind 429 hrútlömb með T137, 396 með C151 og 4.010 með AHQ (H154). Því ætti að vera talsvert svigrúm til að miðla gripum milli búa þannig að sem flestir geti náð sér í þetta erfðaefni. Mynd / Úr safni Bbl

Ef allt gengur að óskum, líkt og útlit er fyrir, mun innleiðing arfgerðanna ganga mun hraðar en markmiðin gefa til kynna. Settar eru upp nokkrar vörður á leiðinni að lokamarkinu en hér verða einungis tiltekin lokamarkmiðin og markmið fyrir haustið 2024 og 2025.

**Áhættubæir:** Fyrir bæi sem gætu tilheyrt þessum flokki, er markmiðið að allar kindur beri V eða MV arfgerðir eigi síðar en haustið 2032. Nokkrar vörður eru á leiðinni. Sú fyrsta er að í haust (2024), að þá beri meira en helmingur ásettra kynbótahrúta V/x arfgerð. Haustið 2025 beri allir kynbótahrútar á þessum búum V eða MV genasamsætur og þar af séu að lágmarki 25% kynbótahrúta arfhreinir V/V eða arfblendnir V/MV. Í landsáætluninni er gert ráð fyrir sérstökum stuðningi við þessa bæi til að hraða ræktun eins og kostur er.

Áætlunin gerir ráð fyrir að þegar >75% áa er með V/x eða MV/x arfgerðir verði takmörkunum aflétt af viðkomandi búi þó minna en 7 ár séu liðin frá uppkomu riðu á tengdum riðubæ.

**Aðrir bæir í áhættuhólfi:** Markmiðið fyrir bú í þessum flokki er að haustið 2032 sé yfir 90% ásettra áa sem beri V eða MV genasamsætu. Markmiðið í haust (2024) er að á öllum búum sé að lágmarki 25% ásettra kynbótahrúta sem ber V/x. Haustið 2025 er markmiðið fyrir þessi bú að yfir 50% hrúta beri V eða MV genasamsætu og að lágmarki helmingur þeirra beri V.

Áætlunin gerir ráð fyrir að takmörkunum verði aflétt af þessum flokki bæja, þó ekki séu liðin 7 ár frá síðasta riðutilfelli í hólfinu ef eftirfarandi árangri er náð: Að >75% kynbótahrúta séu með V/V eða V/MV arfgerðir og restin V/x eða MV/x og >50% ásettra áa sé með V/x eða MV/x arfgerðir.

**Landið allt utan áhættuhólfa:** Í öðrum hólfum en áhættuhólfunum er svigrúm til að fara aðeins hægar í sakirnar. Lokamarkmiðið er að yfir 90% fjár í hverri hjörð beri V/x eða MV/x haustið 2044. Fyrsta varðan í áætluninni er að haustið 2025 sé yfir 50% hrúta í 25% hjarða sem beri V/x eða MV/x.

Þess ber að geta að þó samsetning hrútastofnsins sé hafður til viðmiðunar í markmiðum um innleiðingu að þá er það í raun notkun hrútanna sem mun skipta máli þegar upp er staðið. Notkun sæðingahrúta telur því einnig inn í slíkt mat.

### *Skilvirkast að nota hrúta með tvö „græn flögg“*

Markmiðin fela í sér að í áhættuhólfunum þurfa bændur að tryggja sér kynbótahrúta með verndandi arfgerðir til notkunar strax í haust. Til að ná markmiðunum þurfa áhættubúin helst að setja eingöngu á gimbrar sem bera V eða MV arfgerðir eigi síðar en haustið 2025 og aðrir bæir í áhættuhólfum fari í þann takt ekki síðar en haustið 2026. Skilvirkasta leiðin er að bændur komi sér sem fyrst upp hrútum sem eru arfhreinir V/V eða arfblendnir V/MV þannig að allar gimbrar sem fæðast komi til álita til ásetnings og þörf fyrir arfgerðagreiningar minnki.

Þó bændur á öðrum svæðum landsins hafi meira svigrúm eru allir bændur hvattir til að hefja innleiðingu að einhverju marki strax og sama gildir hér að skilvirkast er að koma sér upp sem fyrst hrútum sem bera V/V, V/MV eða MV/MV arfgerðir. Sú ánægjulega staða er þó uppi að mörg öflug ræktunarbú utan áhættusvæða eru þegar komin í verkefnið af krafti og eru því í



> Þessar áherslur ættu að gefa ákveðið svigrúm til þess að lágmarka aukningu skyldleikaræktar fyrir stofninn í heild ...

lykilstöðu varðandi líflambasölu. Reglur um flutning lamba grundvallast nú þegar að mestu leyti á því að lömbin standist ákveðnar kröfur um arfgerðir. Benda má á heimasíðu MAST varðandi reglur um flutning líflamba og samantekt um þessar reglur sem birt var á heimsíðu RML 22. júlí síðastliðinn.

***Megináherslan á verndandi arfgerðir***

Genasamsæturnar sem stjórna næmi kinda fyrir riðu eru flokkaðar sem verndandi (V), mögulega verndandi (MV) eða næmar (N). Eðlilegt hlýtur að teljast að megináherslan sé á það sem flokkast sem verndandi, sérstaklega á áhættusvæðum. Hins vegar er mikið svigrúm til hagnýtingar á MV arfgerðum í áætluninni enda vilji til að viðhalda þessum breytileikum í stofninum. Þessi nýting MV arfgerða skapar í raun sérstöðu og gerir ræktunarstefnu Íslands gegn riðu frábrugðna ræktunarstefnu Evrópusambandsins. Flokkun arfgerðanna getur síðan tekið breytingum þegar fram líða stundir þegar aukin þekking gefur tilefni til. Í dag er það ARR genasamsætan sem flokkast sem verndandi og er auðkennd í Fjárvís með dökkgrænu flaggi. Mögulega verndandi teljast breytileikarnir H154 (AHQ samsætan), C151 og T137 og bera þeir ljósgrænt flagg í Fjárvís.

***All gott úrval af lömbum með V og MV arfgerðir***

Heilt yfir er staðan nokkuð góð. Í öllum hólfum er að finna sauðfjárbú sem eru komin vel af stað í innleiðingunni. Þátttaka í sæðingum sl. vetur var mjög góð og frábær þátttaka var í arfgerðargreiningum í vor.

Þegar þessi orð eru sett á blað er búið að greina hjá Íslenskri erfðagreiningu um 47.000 sýni frá 1. apríl samkvæmt skráningum í Fjárvís. Tæplega 10.000 sýni eru í greiningarferlinu enn þá. Hugsanlega er eitthvað af sýnum enn sem eiga eftir að koma inn frá vorinu. Ef skoðuð eru hrútlömb frá í vor, þá eru í Fjárvís skráð *5.242 hrútlömb sem bera ARR genasamsætuna og þar af 42 arfhreinir hrútar (ARR/ARR).* Hrútlömb sem bera MV arfgerð (en eru hvorki með ARR né VRQ) eru 4.267. Ef sérstaklega er horft á hvern breytileika fyrir sig, þá hafa verið greind 429 hrútlömb með T137, 396 með C151 og 4.010 með AHQ (H154). Því ætti að vera talsvert svigrúm til að miðla gripum milli búa þannig að sem flestir geti náð sér í þetta erfðaefni.

***Atriði sem gott er að bændur hafi í huga í haust***

• Samkvæmt landsáætluninni þurfa allir bændur í áhættuhólfum að tryggja sér að lágmarki ákveðið hlutfall kynbótahrúta fyrir næstu fengitíð sem bera ARR/x. Sé ætlunin að kaupa hrúta þarf að muna að sækja um leyfi til MAST fyrir 20. ágúst.
• Mikilvægt er að bændur utan áhættuhólfa hefji strax innleiðingu á V og MV arfgerðum – að allir taki þátt þó mishratt sé farið. Bæði til þess að raunhæft verði að ná markmiðum um innleiðingu arfgerðanna fyrir stofninn í heild og einnig til að framleiða kynbótafé/sölulömb.
• Mikilvægt er að allir bændur taki þátt í arfgerðargreiningum. Markmiðið er að allir ásettir hrútar landsins séu arfgerðargreindir.
• Til að sporna gegn óæskilegri skyldleikaræktaraukningu í stofninum samhliða hraðri innleiðingu verndandi arfgerða er mikilvægt að endurnýjun hrúta sé ör. Þannig ætti að skipta sem mest af veturgömlu ARR hrútunum út í haust til að komast einni kynslóð lengra frá upphafshrútunum sem komu frá Þernunesi. Aðeins að horfa til þess að halda áfram í yfirburða gripi.

***Riðulaust Ísland***

Landsáætlun um útrýmingu riðuveiki skapar mikilvægan ramma utan um þetta risastóra verkefni sem þegar er komið á allgott skrið og óskandi að ný reglugerð á grunni hennar muni fljótlega líta dagsins ljós í samráðsgátt stjórnvalda. Sú samstaða sem einkennt hefur þetta verkefni frá upphafi er mikilvæg og vonandi ber okkur gæfa til að halda í hana áfram – að bændur og stjórnvöld vinni saman að því að ná aðalmarkmiðinu, sem er riðulaust Ísland. Afurðin ætti að vera að sauðfjárræktin eflist, hömlur minnki og umtalsverðir fjármunir sparast.

*Höfundur er ráðunautur á búfjárræktarsviði.*






# Frá ráðstefnu ICAR í Bled í Slóveníu

## – 3. hluti

**Árleg ráðstefna og aðalfundur ICAR (International Committee for Animal Recording) voru haldin í Bled í Slóveníu dagana 19.-24. maí sl. Þessi samtök eru á heimsvísu og láta sig varða allt sem viðkemur skýrsluhaldi og skráningum búfjár og má þar nefna staðla fyrir skýrsluhald og rafræn samskipti, arfgreiningar, efnamælingar á mjólk, sæðisgæði og svo mætti áfram telja. Alls eru fyrirtæki og samtök frá 55 löndum aðilar að ICAR nú og fer stöðugt fjölgandi.**


Guðmundur Jóhannesson.

Í þessum þriðja og síðasta hluta frásagnar minnar af ráðstefnu ICAR í Bled beini ég sjónum að síðasta degi hennar þar sem einkum var rætt um tæki til stuðnings við ákvarðanatöku, sjálfbæra bústjórn, hnattrænar áskoranir í erfðavali fyrir minni metanlosun í jórturdýrum og mælingar á mjólk með innrauðri tækni og tengingu þeirra við sjálfbæra búskaparhætti. Dagskráin var keyrð með nokkrum samhliða málstofum þannig að undirritaður varð að velja og hafna, því miður, en allt er þetta mjög áhugavert.

Ég sat fyrst erindi Birgit Gredler-Grandl hjá Háskólanum í Wageningen í Hollandi. Hennar erindi bar yfirskriftina „Erfðaval fyrir minni metanlosun mjólkurkúa – tilbúið til innleiðingar?“ Hún byrjaði á að fara yfir stöðuna og sagði að 2021 hefði metanlosun vegna iðragerjunar hjá fimm stærstu búfjártegundunum numið rúmlega 97 þús. kílótonnum. Þar af ætti nautakjötsframleiðslan rúman helming (55%) og mjólkurkýr tæpan fimmtung (19%). Til þess að geta notfært sér erfðaval þyrfti þó ýmislegt til að koma. Í fyrsta lagi þyrfti að skilgreina framleiðsluumhverfið og ræktunarmarkmiðið, í öðru lagi þyrfti upplýsingar (arfgerðir, ættartengsl, svipgerðir), í þriðja lagi yrði að ákveða hvernig staðið væri að vali gripa til kynbóta, í fjórða lagi miðla upplýsingum og nota þær og í fimmta lagi huga að framförum og erfðabreytileika. Hún sagði að í dag væru til svipgerðarmælingar á metanlosun hjá 27 þús. Holstein-kúm, flestum í Hollandi, Danmörku og á Spáni þar sem í gangi væri skipu- og regluleg gagnasöfnun hvað þennan þátt varðar. Auk þess væru verkefni með mælingar með „GreenFeed“ komnar í gang í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Kanada. Hjá öðrum kúakynjum (rauðum og Jersey) væru til rúmlega 9 þús. mælingar og uppistaðan væru danskar Jersey, rauðar danskar og norskar NRF-kýr. Vandamálið við mælingarnar væri hins vegar að þær væru erfiðar og dýrar ef þær ættu að vera mjög nákvæmar. Með hliðsjón af gæðum, verði og aðgengi væri „GreenFeed“-bás og/eða þefarar (sniffers) raunhæfustu lausnirnar. Rannsóknir hafa sýnt að arfgengi metanlosunar er frá 0,16 upp í 0,32 sem þýðir að hægt er að velja fyrir minni metanlosun. Sterk fylgni er með metanlosun og lífþunga og þurrefnisáts þannig að þær kýr sem eru stórar og/eða éta mikið losa meira metan. Aftur á móti hefur komið fram veik neikvæð fylgni við afurðir í kg mjólkur en veik jákvæð við afurðir í kg verðefna. Arfgengi upp á 0,20 þýðir að til þess að ná ásættanlegu öryggi þarf nálægt 20 þús. mælingar þannig að þess vegna væri hægt að innleiða erfðaval fyrir metanlosun, a.m.k. í Holstein-kúastofninum. Hins vegar væri enn ósvarað hvernig skilgreina ætti eiginleikann og setja ræktunarmarkmið. Á að horfa til metanframleiðslu í g/dag, metan á hverja fóðureiningu, metan á hverja framleidda einingu eða framleitt metan á t.d. hvert kg lífþunga. Hvað verður fyrir valinu skiptir miklu máli og þarf að ákvarðast með hliðsjón og fylgni metanlosunar við aðra framleiðslueiginleika.

Að loknu erindi Birgit skipti ég um málstofu og hlýddi á nokkur erindi um tól og tæki til stuðnings við ákvarðanatöku sem stuðlað gætu að sjálfbærri bústjórn. Fyrsta erindið sem ég hlýddi á flutti Robert Fourdraine, aðstoðarframkvæmdastjóri skýrsluhaldsdeildar Háskólans í Norður-Karólínu, en það fjallaði um tæki fyrir bændur til þess að áætla fjölda kvígna til endurnýjunar. Robert sagði að áður hefði þetta ekki verið neitt mál fyrir bændur, ef þá vantaði kvígur voru þær einfaldlega keyptar af öðrum. Nú væri hins vegar öldin önnur. Blendingskálfar væru mun verðmætari en hreinræktaðir Holstein-nautkálfar og því notuðu bændur eins mikið kyngreint sæði og þeir gætu. Kvígur umfram þarfir væru því einfaldlega ekki til. Forritið aðstoðaði bændur við að taka ákvarðanir út frá lykiltölum eins og hvað þyrfti margar kýr og hversu margar kvígur væru tiltækar. Þetta væri reiknað út frá tölum um ófyrirséða förgun, sölu á kvígum, stækkun búsins, sæðingar/mán., fanghlutfalli, fósturláti, dauðfæddum kálfum, kálfadauða og aldri við 1. burð. Þannig gætu bændur nú tekið upplýstari og betri ákvarðanir um notkun á kyngreindu sæði og holdasæði án þess að eiga á hættu á að það vantaði kvígur til endurnýjunar.

Erindi Valentinu Ferrari við Háskólann í Padova á Ítalíu fjallaði að segja má um það sama. Hún lýsti forriti sem reiknar endurnýjunarþarfir við ítalskar aðstæður þar sem tekið er tillit til kostnaðar við kvíguuppeldi og þess munar sem er á verðmæti hreinræktaðra Holstein-nautkálfa og holdablendinga. Markmiðið er að ala ekki kvígur umfram þarfir og selja eins marga nautkálfa og hægt er til þess að hámarka hagnað. Önnur erindi málstofunnar fjölluðu um tæki til þess að aðstoða bændur við ákvarðanatöku. Má þar nefna app sem metur erfðaframvindu við mismunandi notkun nauta, þ.e. hvaða áhrif það hefur á reksturinn að velja nautin í stað þess að nota þau sem í boði eru án sérstakrar pörunar. Þar kom fram athyglisverður munur þar sem skipulegt val samkvæmt ákveðnu markmiði gefur mun betri raun en tilviljanakennd notkun sömu nauta.


Í fjósi Tomaž Černivec. Fjósið er glæsilegt legubásafjós með nánast öllum þeim tæknibúnaði sem til boða stendur.

Lokaerindi málstofunnar fjallaði svo um viðhorf slóvenskra bænda gagnvart ræktunarmarkmiðum. Það var flutt af Mariu Klopčič, prófessor við Háskólann í Lubljana. Gerð var könnun meðal bænda og voru helstu niðurstöður þær að skipta má þeim í þrjá hópa, þá sem meta framleiðslueiginleika mest, þá sem horfa mest til frjósemis-, heilsufars- og endingareiginleika og þá sem einkum líta til byggingar kúnna og vinnuþátta. Sammerkt öllum var þó að vilja minnka vægi á afurðir, bæði mjólk og kjöt, en auka vægi heilsufars, frjósemi og eiginleika sem auka endingu og minnka vinnu. Maria sagði kannanir sem þessar mikilvægan leiðarvísi fyrir þá sem stýra ræktunarstarfinu til þess að taka ákvarðanir um hver ræktunarmarkmiðin ættu að vera.

Næsta málstofa sem ég sat fjallaði um nákvæmni mjólkurmælinga úr einstökum kúm. Þar voru m.a. tvö erindi um leifar milli kýrsýna (e. carryover) frá vinnuhópi ICAR um mæli- og sýnatökubúnað. ICAR hyggst gera viðmiðunarreglur sem nota má til þess að draga úr líkum á leifum en þær geta leitt til rangrar lyfjameðhöndlunar eða ótímabærrar förgunar á kúm. Matthew Thompson hjá ICBF á Írlandi flutti erindi um fitu- og próteinhlutfall kýrsýna í samanburði við tanksýni. Fram kom að fylgnin er 0,86 fyrir fituhlutfall en 0,92 fyrir próteinhlutfall og þarlendis er magn verðefna vanmetið í skýrsluhaldinu gagnvart innlagðri mjólk, öfugt við það sem við þekkjum hér. Mesta misræmið er á fituhlutfalli. Matthew sagði ekki auðvelt að finna einhverja eina skýringu en þó væri greinilegt að rafræn og sjálfvirk sýnataka væri nákvæmari en handvirk.

Í málstofu sem fjallaði um áhrif erfðatækni á sjálfbærni vakti athygli mína erindi frá Háskólanum í Lubljana þar sem greint var rannsóknum á erfðaefni mjólkur til þess að meta júgurhreysti. Fram kom að nærri 7 þús. erfðavísar finnast á öllum stigum mjaltaskeiðsins, breytileiki er mikill og flest bendir til þess að nota megi arfgreiningu á mjólk til þess að kynbæta fyrir júgurhreysti í framtíðinni. Mark Waters hjá ICBF á Írlandi sagði frá arfgerðargreiningum þar í landi og þeirri ákvörðun Íra að arfgreina allan kúastofninn. Hann sagði það mat þeirra að arfgreiningar skiluðu fjárfestingunni fjórfalt til baka í meiri erfðaframförum og öðrum þáttum, eins og rekjanleika. Á árinu 2023 hefði 60% holdakúa verið arfgreindar en aðeins 6,5% mjólkurkúa. Í ársbyrjun 2024 var átaki ýtt úr vör þar sem innleiddar voru sýnatökur með einstaklingsmerkjum (eins og við gerum hérlendis). Nú væru 65% holdakúnna og 35% mjólkurkúnna arfgreindar og stefnt væri að auka þátttöku enn frekar. Kostnaður við hverja greiningu er 18 evrur (um 2.700 krónur) og skiptist hann jafnt milli mjólkur- og kjötiðnaðarins, ríkisins og bænda. Ætternisvillur virðast nokkuð algengar en Mark sagði þær vera um 15% í mjólkurkúnum og 11% í holdakúnum. Hér á landi hefur þetta hlutfall verið 5–6%.

Með það í huga að fyrir um aldarfjórðung voru kappa-kasein arfgerðir íslenskrar kúamjólkur skoðaðir og íslenska kúamjólkin sögð hafa töluverða sérstöðu vakti erindi frá Ísrael forvitni mína. Þar var sagt frá rannsókn á áhrifum kappa-kasein arfgerða á hleypi- og ystingareiginleika mjólkur úr ísraelskum Holstein-kúm. Í Ísrael fer ríflega fjórðungur mjólkurinnar til framleiðslu harðra osta og um 30% til framleiðslu mjúkra osta. Það eru því verulegir hagsmunir í húfi varðandi nýtingu og eiginleika mjólkurinnar sem hráefni til ostagerðar. Þekktar eru þrjár kappa-kasein samsætur, þ.e. arfgerðir A, B og E, þar sem B hefur jákvæðust áhrif en E neikvæðust. Í Ísrael er tíðni arfgerða þannig að 33% bera AA, 16% BB, 46% AB, AE 3%, BE 2% og EE finnst nánast ekki. Samsætutíðnin er 57% A, 40% B og 3% E samanborið við að snemma á tíunda áratug síðustu aldar var tíðni B samsætunnar 17% og sögðu höfundar aukna tíðni tengjast vali fyrir hærra próteinhlutfalli í mjólk. Það er í takti við þær niðurstöður sem fram komu hér á landi um aldamótin. Rannsóknin staðfesti að ystingareiginleikar mjólkur eru mestir úr kúm með BB arfgerð og minnstir hjá kúm með AA arfgerð. Áhrif mjólkurskeiðs voru einnig til staðar þar sem ostagerðaeiginleikar mjólkur voru betri hjá kúm á 1. mjólkurskeiði




Í fjósi Nada og Martin Jamšek. Kýrnar eru hreinar og fallegar þótt fjósið sé komið til ára sinna.

en eldri kúm. Höfundar sögðu að mælingar á ystingareiginleikum væru tímafrekar og dýrar, leiðin til þess að bæta ostagerðareiginleika mjólkur væri með kynbótum með vali á nautum með B arfgerðir. Hins vegar væri þeim ekki kunnugt um að neins staðar í heiminum greiddi mjólkuriðnaðurinn aukalega fyrir slíka mjólk og því spurning hvað gera ætti.

Sem áhugamanni um nautgriparækt almennt og tækninýjungar lék mér hugur á að vita hverjar niðurstöður Bandaríkjamanna á erfðafræðilegu mati á magnbundnum mjaltahraða og tímalengd mjalta væru. Asha Miles greindi frá niðurstöðum rannsóknar varðandi mælingar á mjólkurflæði og tímalengd mjalta í BNA. Helstu niðurstöður voru þær að arfgengi mjólkurflæðis reyndist vera 0,37 ef allar mælingar voru teknar með en 0,28 ef einungis voru notaðar flæðitölur á mælingardegi. Fylgni milli allra mælinga og mælidagsmælinga var 0,99 sem þýðir að um sama eiginleikann er að ræða. Mjólkurflæði hefur jákvæða fylgni við nythæð og frumutölu, þ.e. kýr sem mjólkast hraðar mjólka meira og hafa hærri frumutölu. Þessar niðurstöður komu ekki á óvart og eru í takti við það sem hefur t.d. komið í ljós á Norðurlöndunum.

Síðasti dagurinn var helgaður heimsóknum á bú. Sem sannur áhugamaður um nautgriparækt fór ég í ferð á tvö kúabú. Bæði þessi bú eru þátttakendur í „Digi4Live“, Evrópusambandsverkefni með það að markmiði að hjálpa evrópska búfjárgeiranum að nýta stafræna tækni og gögn til hagsbóta fyrir bændur og matvæla- og tæknifyrirtæki og auðvelda opinbera stjórnsýslu. Eitt af því sem verkefnið miðar að er að auka dýravelferð, draga úr tapi næringarefna og notkun sýklalyfja fyrir árið 2030, í samræmi við græna sáttmála Evrópusambandsins (e. European Green deal).

Búin sem voru heimsótt voru annars vegar bú Nada og Martin Jamšek í Komenda og hins vegar bú Tomaž Černivec í Radomilje. Hjá Nada og Martin eru 49 Holstein-kýr í básafjósi með rörmjaltakerfi. Ársframleiðslan er rúmlega 720 þús. lítrar með 4,14% fitu og 3,60% próteini, 85% eru seld mjólkurbúinu, 10% á svæðinu í mjólkursjálfsölum og 5% beint til skóla. Um 35 ha. eru nýttir til heyskapar og beitar, 8 ha. skóglendi og 61 ha. í annarri ræktun (maís, sojabaunir, bygg). Á móti okkur tók sonur þeirra Nada og Martin sem er að ljúka háskólanámi í búvísndum og ætlar að taka við búinu. Hann sagði framtíðarstefnuna vera að byggja nýtt fjós á nýjum stað (hærra í landinu) því að í vetur hefði flætt inn í fjósið og kýrnar staðið í 1,5 metra af vatni. Auk þess væri mikilvægt að bæta dýravelferð. Athyglisvert var að heyra viðhorfin á þessu búi þar sem aðallega var horft inn á við, hverjir væru styrkleikar og veikleikar búsins. Á búi Tomaž var annað upp á teningnum. Það bú er mun stærra, 180 kýr í nýju 200 bása legubásafjósi með þremur GEA-mjaltaþjónum, 60 ha. til heyskapar og beitar, 18 ha. skóglendi og 110 ha. í öðru (maís, hveiti, bygg, smárablanda). Í fjósinu er sjálfvirk fóðrun og eldri byggingar nýttar fyrir kvígueldi. Ársframleiðslan er um 1.650 þús. lítrar með 3,93% fitu og 3,36% próteini, 97% seld mjólkurbúinu og 3% í sjálfsölum og í skóla. Á þessu búi var aðallega litið út á við og viðhorf bændanna þau að afkoman réðist aðallega af ytri framleiðsluaðstæðum. Mér fannst sem menn teldu búið standa sterkt og lítið hægt að bæta heima fyrir, það sem aflaga færi væri öðrum að kenna.

Það var skemmtilegt að sjá þessi bú, svo ólík sem þau eru, og móttökurnar voru bæði góðar og höfðinglegar. Maður fékk á tilfinninguna að aðstæður til mjólkurframleiðslu í Slóveníu væru góðar þó vissulega sé landverð hátt en bæði þessi bú eru nokkuð nærri höfuðborginni, Lubljana. Það sem vekur athygli er hið mikla nábýli búanna við þéttbýli og hversu algengt það virðist vera að hluti mjólkurinnar sé seldur milliliðalaust í nánasta umhverfi búanna. Þá virðast viðhorf til landbúnaðar og mjólkurframleiðslu á margan hátt vera jákvæðari en maður upplifir norðar í Evrópu, landbúnaður nýtur ríkari viðurkenningar sem atvinnugrein og almenningur geri sér almennt betur grein fyrir mikilvægi þess að nýta landið, framleiðslu matvæla heima fyrir og þeim afleiddu störfum sem landbúnaðurinn skapar. Þessi viðhorf verður maður því miður ekki mikið var við hérlendis og því án efa margt sem við getum lært af nágrönnum okkar í Evrópu.

Ráðstefnan var, heilt yfir, mjög vel heppnuð, skemmtileg og fróðleg. Auðvitað er kynbótastarfið fyrirferðarmikið og þar beinast sjónir einkum að erfðamengisúrvali og þeim miklu möguleikum sem arfgerðargreiningar skapa. Rannsóknir á því sviði munu taka stakkaskiptum á komandi árum og færa kynbætur enn meira í átt til þess að rækta endingargóðar og hraustar kýr til þess að bæta afkomu nautgriparæktarinnar frá því sem nú er. Mér er nokkuð ljóst, eftir að hafa hlýtt á nokkur erindi um notkun kyngreinds sæðis, að skipulagslaus notkun þess getur leitt okkur til ófarnaðar. Það hefur löngum verið sagt að í upphafi skyldi endinn skoða og það á við hér. Innleiðing kyngreinds sæðis, svo dæmi sé tekið, er eitt af því þar sem mikilvægt er að skoða og læra af reynslu annarra og undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast með, sækja og endurnýja þekkingu erlendis frá. Ráðstefnur sem þessar eru kjörinn vettvangur til þess.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.*


# Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.*

**Eystri-Sámsstaðir – breyting á deiliskipulagi.**
Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir nýrri lóð sem gerir ráð fyrir sex gestahúsum fyrir ferðamenn. Hvert hús um sig verður að hámarki 60 m² að stærð.

**Hólmalækur – nýtt deiliskipulag, samhliða aðalskipulagsbreytingu.**
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 10 lóðum fyrir gestahús fyrir ferðamenn. Heimilt verður að byggja allt að 250 m² gestahús fyrir ferðamenn með möguleika á fastri búsetu á lóð 2-8. Einnig verður heimilt að byggja allt að 300 m² skemmur á lóðunum undir rekstartengdan búnað og 150 m² undir þjónustuhús fyrir rekstur svæðisins. Á lóð 1 er möguleiki að byggja 4-6 hús í 6 klösum innan byggingareitar, heildarbyggingamagn er 2.000 m² og hámarkshæð 8 m. Mannvirki skulu falla inn í umhverfið en að öðru leyti eru húsform frjáls.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 27. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breytinga á aðalskipulagi Rangárþings eystra.*

**Hólmalækur – aðalskipulagsbreyting, samhliða nýju deiliskipulagi.**
Aðalskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB).

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdafrestur veittur til og með 27. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Rangárþings eystra.*

**Fornhagi – breyting á aðalskipulagi.**
Aðalskipulagslýsingin gerir ráð fyrir að 37 ha landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í íbúðarbyggð (ÍB) fyrir allt að18 lóðum.

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 6. ágúst 2024 með athugasemdafrest til og með 6. september 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn

kristjan@sulurehf.is www.sulurehf.is 669 0803

Pistill formanns

# Hin hliðin á peningnum

**Við þekkjum öll** þann einfalda veruleika að það eru tvær hliðar á hverjum peningi. Hvorki fleiri né færri. Í hita umræðuátaka er reyndar stundum skautað fram hjá þessu ófrávíkjanlega lögmáli og sum okkar setja þá gjarnan kíkinn fyrir blinda augað og fyrirgefa yfirsjónina vegna þess að tilgangurinn helgi meðalið.

**Það er hins vegar útilokað** að fyrirgefa sjálfu Viðskiptaráði Íslands, sem að eigin sögn á vef sínum [„...] vinnur að því að efla íslenskt atvinnulíf og skapa þannig forsendur til framfara og bættra lífskjara.“ setur fram villukenningu sem jafnvel mætti kalla falsfrétt um sparnað í heimilisbuddu landsmanna með því að afleggja tolla á innflutt matvæli.



Trausti Hjálmarsson.

**Viðskiptaráð Íslands** er frjáls félagasamtök sem segjast hafa unnið samkvæmt framangreindu leiðarljósi allar götur síðan 1917. Nokkuð augljóst virðist vera að á þeim bæ teljist íslenskur landbúnaður ekki lengur til atvinnulífsins og þrátt fyrir fagurgala um bætt lífskjör almennings virðast þröngir sérhagsmunir ráða alfarið för þegar slengt er fram staðhæfingum um búhnykk heimilanna með ótolluðum matvælainnflutningi. Hjá hagfræðingunum, sem í þessu tilfelli mætti kannski frekar kalla spunameistara, er hinni hliðinni á peningnum algjörlega sleppt og hlýtur hún þó að vera hverjum manni augljós.

**Okkur þótti öllum vænt um** að heyra á sínum tíma þau fleygu orð falla frá fyrrverandi forsetafrú okkar í hrifningarvímu á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008 að „Ísland er ekki lítið land – það er stórasta land í heimi“. Það er hins vegar grafalvarlegt ef því er í alvörunni trúað innan veggja Viðskiptaráðs Íslands að samfélagið okkar sé af þeirri stærðargráðu að við getum ein allra þjóða heims sagt okkur úr lögum við heimsmarkaðinn hvað tollvernd varðar. Samningar allra þjóða um tollvernd eru nefnilega gagnkvæmir. Okkar matvæli bera mismunandi mikla tolla inn í viðkomandi lönd og samningsstaða okkar í þeim efnum myndi veikjast til mikilla muna ef hér væri einfaldlega „ókeypis aðgangur og allir velkomnir“. Tollvernd þjóða heims byggist á gríðarlega stóru og flóknu alþjóðakerfi marghliða samninga sem allir lúta að því að jafna aðstöðumun og tryggja rekstrargrundvöll landbúnaðar hverrar þjóðar.

**Það er auðvitað einfalt reikningsdæmi** að finna út mögulega verðlækkun ef engir væru tollar eða aðflutningsgjöld á matvæli. Það væri eflaust líka hægt að lækka skatta á heimilin með því að leggja t.d. niður löggæslu í landinu og jafnvel dómstólana líka. En hverjar yrðu afleiðingarnar? Hvernig yrði hin hliðin á peningnum? Og hvað myndi það þýða þegar upp er staðið ef t.d. bæði íslenskum landbúnaði og væntanlega um leið langstærsta hluta ferðaþjónustunnar myndi blæða út? Ég er þá ekki eingöngu að hugsa um atvinnumissi bænda og landbúnaðartengdra starfa. Og ég er heldur ekki að hugsa eingöngu um tekjur þjóðarbúsins af hinum blómlega ferðamannaiðnaði. Ég hef líka í huga þann landbúnaðartengda menningararf sem íslenskri þjóð er í blóð borinn í gegnum árhundruðin frá landnámi Íslands. En ekkert af þessu kemst inn í reikningsformúlur sérfræðinga Viðskiptaráðs.

**Þeir hafa reiknað út umtalsverðar lækkanir** á innfluttum matvælum ef tollar yrðu aflagðir. Væntanlega yrði matvaran um leið langt undir verði í viðmiðunarlöndum okkar. Kannski er það reyndar eitt og sér of gott til að geta verið satt. En hvernig skyldu þessir sömu reiknimeistarar íslenskra innflytjenda útskýra íslenskt útsöluverð á t.d. húsgögnum, fötum og skóm? Allt eru þetta vörur sem fluttar eru til landsins án nokkurra tolla eða aðflutningsgjalda. Samt er verðið langt fyrir ofan það sem býðst utan landsteinanna og Íslendingar flykkjast enn tugþúsundum saman í innkaupaferðir til útlanda eða kaupa varninginn af alþjóðlegum netverslunum.

**Þetta útspil Viðskiptaráðs Íslands** er að mínu viti langt í frá málefnalegt innlegg í umræðu um heildarmyndina þegar efling íslensks atvinnulífs og hagur heimilanna er annars vegar. Og auðvitað veldur það vonbrigðum líka, enda þótt það komi e.t.v. ekki á óvart, að framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, eða ætti ég í þessu tilfelli að tala frekar um „félag innflytjenda“ stökkvi á vagninn og taki undir heilshugar. Það er hins vegar vonandi að fólkið í landinu gjaldi varhug við málflutningi af þessu tagi og hafi það í huga að á þessum peningi eru klárlega tvær hliðar – og önnur þeirra er vægast sagt ófrýnileg. Þess vegna var gott að sjá þau afdráttarlausu viðbrögð fjármálaráðherra fyrr í vikunni að honum þætti þetta fráleit hugmynd enda þótt hann orðaði það eilítið kurteislegar.

*Trausti Hjálmarsson,*
*formaður Bændasamtaka Íslands.*






**Úr matvöruverslun. Katrín telur að hugtakið „nægileg aðvinnsla“ sé afar matskennt en undir þeirri túlkun má merkja vörur með íslenska þjóðfánanum, þótt þær innihaldi ekki íslensk hráefni.** Mynd / ghp

# Íslensk innflutt vara (með nægilegri aðvinnslu)

**Ísland er á meðal fámennustu fullvalda ríkja í heiminum, í 172. sæti af 195. Samtímis getum við sagt stolt að íslenskir bændur framleiða heilnæmar landbúnaðarafurðir með velferð dýra að leiðarljósi og samkvæmt ríkum aðbúnaðarkröfum ásamt lágmarks notkun á sýklalyfjum og plöntuvarnarefnum. Það er óumdeilt og það er aðdáunarvert.**



Katrín Pétursdóttir.

Sýklalyfjaónæmi er ein stærsta heilbrigðisógn sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag og fer hún vaxandi með hverju ári. Neytendur geta því stigið skref í því að sporna gegn sýklalyfjaónæmi meðal annars með því að kaupa íslenskar landbúnaðarafurðir og koma þannig í veg fyrir frekari útbreiðslu.

Samkvæmt könnunum sem framkvæmdar hafa verið hér á landi vilja flestir íslenskir neytendur styðja innlenda matvælaframleiðslu, verslun og þjónustu. Flestir vilja vita hvaðan hráefnin koma, hvar og hvernig matvælin voru framleidd o.s.frv. og telja það mikilvægt. Framleiðendur íslenskra vara vilja margir hverjir svara kalli neytenda og markaðsetja vöru sína með óyggjandi hætti svo neytendur geti auðsjáanlega séð að vara eða framleiðslan sé íslensk í raun.

Bændasamtök Íslands og Samtök iðnaðarins sendu Alþingi erindi árið 2015 og impruðu á mikilvægi þess að unnt verði að nota þjóðfána Íslendinga til að auðkenna íslenska framleiðslu og töldu það styrkja íslenska framleiðslu og þar með atvinnulífið. Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið var ætlað að bæta úr annmörkum á þágildandi löggjöf og opna fyrir þann möguleika að nýta megi þjóðfánann til auðkenningar á vöru og þjónustu sem er íslensk að uppruna. Orðin „íslensk að uppruna“ voru nýmæli og til þess að vara gæti talist slík yrði hún að vera framleidd hér á landi úr innlendu hráefni að uppistöðu til.

Frumvarpið varð að lögum en þó með þeim breytingum að vara úr aðfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti telst íslensk að því skilyrði uppfylltu að hún hafi hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis. Tilgangur þess er að tryggja að nægilegur hluti virðisaukningar vöru verði til í landinu. Undantekning á því er að ef aðflutta hráefnið telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt búvöru eða vöru sem er framleidd hér á landi á garðyrkjubýli, gróðrarstöð eða garðyrkjustöð.

Lögin fjalla ekki nánar um hvað sé nægileg aðvinnsla og lagði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að ráðherra verði falið að útfæra nánar í reglugerð hvað teljist nægileg aðvinnsla, hvað teljist einkennandi hluti vöru og eðlislíkt hráefni og skilgreiningu framleiðslulands.

Ráðherra setti reglugerð nr. 618/2017 þar sem skilgreind er nægileg aðvinnsla á eftirfarandi hátt: „Framleiðsla eða vinnsla vöru sem skapar næga virðisaukningu til þess að unnt sé að meta vöruna íslenska.“ Erfiðlega reynist að sjá að um nánari útfærslu sé að ræða í reglugerðinni og verður að telja hugtakið „nægileg aðvinnsla“ enn matskennt og galopið til túlkunar.

Neytendur ættu að geta treyst því að með kaupum á vöru, þjónustu eða framleiðslu sem ber íslenska þjóðfánann styðji þeir að styðja við innlenda framleiðslu. Með þessum forsendum sem liggja fyrir í málinu er enn óljóst hvers konar aðvinnsla sé nægileg, sem tryggir að nægilegur hluti virðisaukningar vöru hafi verið til í landinu til þess að uppfylla skilyrði laganna að nota þjóðfána Íslendinga í markaðssetningu. Það er ekki „Íslenskt staðfest“.

Þetta kallast á góðri íslensku að varalita svínið.

*Höfundur er lögfræðingur.*

Af vettvangi Stjórnarráðsins

# Líforkuver á Dysnesi

**Í síðustu viku opnaði ég nýjan vef Líforku. Opnun vefsvæðisins er hluti samstarfsverkefnis matvælaráðuneytisins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) um almennt söfnunarkerfi dýraleifa á landsvísu.**



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Markmið verkefnisins er að koma á fót samræmdu söfnunarkerfi dýraleifa á landsvísu og koma þeim í viðeigandi úrvinnslu á Dysnesi í Eyjafirði. Í dag er ekkert slíkt kerfi til staðar og förgun dýraleyfa er ekki í föstum skorðum.

Frá árinu 2013 hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) rekið mál gegn Íslandi vegna ófullnægjandi innviða til förgunar á aukaafurðum dýra. Í júlí 2022 var Ísland dæmt brotlegt af EFTA dómstólnum. Verði ekkert að gert gæti þetta leitt til þess að ESA stöðvi matvælaútflutning frá Íslandi sem myndi hafa alvarleg áhrif á íslenska matvælaframleiðslu, þar með talinn útflutning á fiski. Með uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi erum við að tryggja að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar og stuðla að öruggri matvælaframleiðslu.

Uppbygging líforkuversins og söfnunarkerfisins hefur þó meiri og ríkari tilgang en að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar. Í uppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sem kynnt var í sumar, var ákveðið að hefja uppbyggingu nauðsynlegra innviða fyrir líforkuver á Dysnesi. Samkvæmt áætluninni er markmiðið að árið 2027 verði verksmiðjan í stakk búin til að taka við 10.000 tonnum af lífrænum úrgangi árlega. Þetta verkefni er lykilatriði til að ná loftslagsmarkmiðum Íslands og minnka losun gróðurhúsalofttegunda sem kemur til vegna urðunar. Þá mun líforkuverið á Dysnesi nýta nýjustu tækni til að umbreyta lífrænum úrgangi í kjötmjöl og fitu sem má nýta í orkugjafa svo sem lífdísil.

Nú er unnið að tillögu um hvernig söfnun dýraleifa verður háttað, með það að leiðarljósi að kerfið verði sem einfaldast og íþyngi ekki bændum. Markmiðið er að byggja upp kerfi sem tryggir að dýraafurðir verði meðhöndlaðar á öruggan og viðurkenndan hátt, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og umhverfisverndarstaðla. Líforkuverið á Dysnesi verður ekki aðeins hjartað í þessu nýja kerfi, heldur einnig tákn um hvernig við getum umbreytt úrgangi í verðmæti og skapað tækifæri til orkuvinnslu og endurnýtingar í anda hringrásarhagkerfisins.

Líforkuverið á Dysnesi er lifandi dæmi um hvernig nýsköpun og framfarir geta farið hönd í hönd með umhverfisvernd og efnahagslegum ávinningi. Ég tel að við eigum að fara að fordæmi Finna þar sem er eitt líforkuver enda kostnaðarsamt að koma slíku á laggirnar.

Ég hlakka til að fylgjast með framgangi þessa verkefnis og þeirri jákvæðu breytingu sem það mun hafa á íslenskt samfélag.

*Höfundur er matvælaráðherra.*

# Staðan á lamba- kjötsmarkaðinum

**Heildarsala á dilkakjöti frá haustinu 2023 var í júní 4.931 tonn. Sem er um 8,6% samdráttur borið saman við sama tímabil árið áður.**



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Birgðir af dilkakjöti voru þann 1. júlí 1.421 tonn sem er um 400 tonnum meira en á sama tíma árið áður. Miðað við áætlaða sölu fram að næstu sláturtíð er birgðastaða ásættanleg. Til samanburðar var birgðastaða á dilkakjöti á sama tíma árið 2017 um 2.467 tonn.

Útflutningur á dilkakjöti heldur áfram að dragast saman milli ára. Frá síðastliðnu hausti hafa verið flutt út um 980 tonn af dilkakjöti sem er 33% samdráttur frá árinu áður. Árið 2018 höfðu verið flutt út á sama tíma um 3.584 tonn af dilkakjöti.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands var 12 mánaða meðalverð á öllu útfluttu kindakjöti 840 kr/kg í júní. Í júní var 12 mánaða meðalverð á frosnu dilkakjöti 1.334 kr/kg og hefur líklega aldrei verið hærra. Frá áramótum hefur mest verið flutt út af kindakjöti til Bretlands og Noregs líkt og var árið 2023 þegar helmingur alls útflutnings fór á þessa markaði.

Á þessu ári hefur verið aukin eftirspurn eftir kindakjöti á mörkuðum í Evrópu samhliða samdrætti í framleiðslu, einkum vegna áhrifa þurrka á Spáni og Grikklandi en einnig má sjá samdrátt í öðrum löndum þótt minni sé. Samdráttur í framboði leiddi til hækkunar á verði til bænda í upphafi árs. Eftir að lömb fædd á þessu ári fóru að koma til slátrunar hefur framboð aukist og verð til bænda lækkað lítið eitt. Meðalverð til bænda inna ESB í viku 31 var 8,13 evrur/kg sem er um 1.200 kr/kg.

*Höfundur er verkefnastjóri.*
















RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

**Ráðunautur í jarðrækt**

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni sem gæti sinnt fjölbreyttu þróunar- og ráðgjafarstarfi á sviði jarðræktar, fóðrunar og umhverfismála.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Þátttaka í ráðgjafateymum RML sem sinna jarðræktar-fóðrunar og umhverfismálum.
- Vinna við almennar leiðbeiningar í jarðrækt og á útiræktuðu grænmeti.
- Ráðgjöf í jarðvinnslu, áburðargjöf og val á yrkjum.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. líkanagerð í excel og þróunarverkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking eða framhaldsmenntun á sviði jarðræktar, fóðrunar eða umhverfismála.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Reynsla eða þekking á landupplýsingarkerfi kostur.
- Þekking á verkefnastjórnun kostur.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfsemi RML. Æskilegasta staðsetning er Eyjafjörður eða Suðurland, en aðrar starfstöðvar koma einnig til greina. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar. Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst.

**Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Borgar Páll Bragason bpb@rml.is fagstjóri.**



# Íslandsmeistaramót í hrútadómum

**Starfsemin á Sauðfjársetrinu á Ströndum hefur gengið mjög vel í sumar og aðsókn verið góð. Nú er fram undan Íslandsmót í hrútadómum sem verður þann 18. ágúst og hefst keppnin sjálf kl. 14, en kjötsúpuveisla og markaðsdagur fyrr um daginn á vegum Beint frá býli.**


Ester Sigfúsdóttir.

Íslandsmeistaramótið í hrútadómum hefur verið haldið frá árinu 2003, en féll niður tvö ár í röð vegna Covid. Í ár er því keppnin haldin í 20. sinn og hlökkum við mikið til. Þennan dag kemur fólk alls staðar að af landinu, bændur og búalið, til að taka þátt eða fylgjast með, en það hafa verið á bilinu 300 og upp í 500 gestir á hrútaþuklinu undanfarin ár.

Á síðasta ári stóð Jón Stefánsson frá Broddanesi á Ströndum uppi sem sigurvegari og er núverandi Íslandsmeistari. Strandamönnum þykir alltaf nokkuð gott þegar heimafólk vinnur titilinn og munu því væntanlega reyna eins og þau geta til að halda í þann heiður. Sigurvegarinn í flokki vanra fær verðlaunagripinn Horft til himins til varðveislu í eitt ár en auk þess eru veglegir vinningar í báðum flokkum. Að venju verður kjötsúpa á boðstólum og kaffihlaðborð allan liðlangan daginn.

Á þessu ári er Beint frá býli dagurinn haldinn samhliða hrútaþuklinu í Sævangi frá kl. 13–16, sem er sérlega skemmtilegt. Þar munu framleiðendur verða með kynningu og sölu á sínum vörum. Gert er ráð fyrir að um 10 framleiðendur taki þátt í markaðnum og verður fjölbreytt úrval vara til sölu. Nánari upplýsingar um þann viðburð má finna á heimasíðunni beintfrabyli.is.

### *Náttúrubarnahátíð og skemmtiferðaskip*

Sauðfjársetrið á Ströndum er sjálfseignarstofnun og viðurkennt safn sem sinnir öllum þáttum safnastarfs, en er líka mikilvæg menningarmiðstöð í héraðinu. Hér hittist heimafólk og á saman góðar stundir á margvíslegum viðburðum.

Sumarið hefur gengið vel og aðsóknin verið frábær það sem af er sumri. Gestir á Kaffi Kind, sem rekin er í tengslum við Sauðfjársetrið, hafa einnig verið margir. Náttúrubarnahátíð var haldin með pomp og prakt um miðjan júlí og gekk mjög vel en það komu rúmlega 300 manns á hátíðina. Markmið Náttúrubarnahátíðarinnar er að kenna fólki að veita náttúrunni athygli og að börn upplifi og fræðist um náttúruna í gegnum leik úti í náttúrunni. Sú nýbreytni er í sumar að við fórum að fá skemmtiferðaskip í heimsókn til okkar á setrið. Undirbúningur hefur staðið yfir í rúmt ár, við fengum eitt skip í fyrrasumar til prufu og svo hafa komið skip átta sinnum í heimsókn í sumar. Þetta eru skemmtiferðaskip í minni kantinum og eru öll frá norska skipafélaginu Hurtigruten. Þetta hefur gengið frábærlega, gestirnir koma á safnið og skoða sýningar, fá rabarbaraköku og kaffi, fara í fjallgöngu og fuglaskoðun, tína rusl í fjörunni og ýmislegt fleira. Náttúrubarnið og þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir fer svo jafnan með fyrirlestur og safnaskemmtun um íslenskar þjóðsögur og flytur farþegum pistilinn um borð í skipinu. Við vonum svo sannarlega að það verði framhald á þessum heimsóknum.


Frá Íslandsmótinu í hrútadómum árið 2015. Sverrir Guðbrandsson frá Bassastöðum og hrúturinn Kroppur.

### *Fjórar sýningar uppi*

Starfsemin er öflug og reksturinn hefur verið í jafnvægi síðustu ár. Nokkrar sýningar eru jafnan á Sauðfjársetrinu. Fastasýningin heitir Sauðfé og sveitafólk á Ströndum og er í aðalsalnum í Sævangi sem var áður félagsheimili Tungusveitunga. Auk þess eru nú uppi þrjár aðrar sýningar. Sýning um förufólk og flakk í gamla sveitasamfélaginu sem opnuð var árið 2022 og svo voru tvær nýjar sýningar opnaðar í vor. Annars vegar Ullarfléttan sem er á listasviðinu, Ásta Þórisdóttir, listakona á Hólmavík, hannaði þá sýningu. Hins vegar er málverkasýning Hólmfríðar Ólafsdóttur í Kaffi Kind. Fjórða sérsýningin er svo utandyra, við göngustíginn Sjávarslóð sem liggur frá Sauðfjársetrinu út í Orrustutangann. Þá sýningu er hægt að skoða allan sólarhringinn og allt árið en fjöldi upplýsingaskilta er við stíginn og einnig listaverk og skúlptúrar eftir listamanninn Arngrím Sigurðsson.

### *Verðlaun og viðburðir*

Það gladdi okkur óskaplega að fá tilnefningu til íslensku safnaverðlaunanna í vor, fyrir starf í þágu samfélagsins. Þá fékk safnið líka Lóuna – menningarverðlaun Strandabyggðar núna í sumar. Sauðfjársetrið er opið daglega yfir sumartímann, frá kl. 10–18, og yfir veturinn í tengslum við viðburði og heimsóknir hópa. Setrið stendur einnig fyrir margvíslegum viðburðum, bæði fyrir heimamenn og gesti, til dæmis Þjóðtrúarkvöldvöku sem jafnan er haldin í september og sviðaveislu í október. Heimafólk kemur saman og spilar félagsvist á safninu og þar eru líka sögustundir yfir veturinn, tónleikar af og til, og síðustu ár hafa þar verið æfð og sýnd leikrit í samvinnu við Leikfélag Hólmavíkur.

Eftir að skemmtiferðaskipin fóru að koma í heimsókn á þessu ári er meirihluti gesta Sauðfjársetursins í fyrsta skipti erlendir ferðamenn, en sýningartextar eru á íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Helstu bakhjarlar Sauðfjársetursins eru Uppbyggingarsjóður Vestfjarða og Safnasjóður, en sá stuðningur gerir allt þetta starf mögulegt og erum við þeim því mjög þakklát.

Verið öll hjartanlega velkomin á Sauðfjársetrið í sumar.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sauðfjárseturs á Ströndum.*





Félaginu Líforkuveri ehf. hefur verið fengið það hlutverk að vinna tillögu að útfærslu samræmds söfnunarkerfis dýraleifa í áhættuflokki eitt á landsvísu.
Mynd / smh

# Líforkuver á Dysnesi við Eyjafjörð

**Það er ástæða til að fagna því að skriður sé kominn á innviðauppbyggingu förgunar aukaafurða dýra á Íslandi.**


Njáll Trausti Friðbertsson.

Söfnun og ráðstöfun dýraleifa í efsta áhættuflokki og opinbert eftirlit hefur í áraraðir verið ófullnægjandi. Þarna liggja mikilvægir hagsmunir undir varðandi matvælaöryggi, varnir gegn dýrasjúkdómum og umhverfisvernd. Að baki liggja viðskiptahagsmunir enda hefur söfnunarkerfi dýraleifa og ráðstöfun þeirra gengið á skjön við alþjóðlegar skuldbindingar gagnvart EES-samningnum sem er grundvallarstoð fyrir viðskipti með sjávarafurðir og önnur matvæli. Söfnunarkerfi dýrahræja og sláturúrgangs er undirstaða þess að uppfylla skuldbindingar Íslands um tilhlýðilega meðhöndlun og vinnslu aukaafurða dýra og tryggja öryggi manna og dýra hvað varðar smitsjúkdómavarnir.

> Til að tryggja matvælaöryggi, varnir gegn dýrasjúkdómum og umhverfisvernd þarf að byggja innviði hér á landi fyrir söfnun.

### *Frumkvæði stjórnvalda*

Aukaafurðir dýra eru sá hluti sem ekki er nýttur til matvælaframleiðslu. Slíkar afurðir falla til við veiðar, slátrun, frumframleiðslu matvæla sem og aðra matvælaframleiðslu, í náttúrunni, á sveitabæjum, í sjávarútvegi, við slátrun og vinnslu á mjólkurafurðum. Fólki og dýrum í nánd getur stafað áhætta af aukaafurðum, sem unnt væri að minnka með viðeigandi meðhöndlun.

Ríkið hefur haft frumkvæði að einu landsbundnu söfnunarkerfi fyrir dýrahræ og sláturúrgang, líkt og tíðkast í nágrannalöndum. Verkefnið fellur að hluta innan lögbundins hlutverks sveitarfélaga varðandi meðhöndlun úrgangs.

Sérstaklega mikilvægt er að koma á útfærslu á söfnunarkerfi dýraleifa á landsvísu í „áhættuflokki eitt“, og tryggja viðeigandi úrvinnslu eða förgun. Efninu verði fundinn farvegur með vinnslu þess á Dysnesi í Eyjafirði.

### *Verkefni líforkuvers*

Félaginu Líforkuveri ehf. hefur verið fengið það hlutverk að vinna tillögu að útfærslu samræmds söfnunarkerfis dýraleifa í áhættuflokki eitt á landsvísu. Að auki vinnur félagið að undirbúningi innviðauppbyggingar á Dysnesi svo hægt sé að vinna efnið með ábyrgum hætti. Það er í eigu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Akureyrarbæjar, Hörgársveitar og Kjarnafæðis/Norðlenska. Félagið hefur leitað innlendrar og alþjóðlegrar ráðgjafar til að meta hvaða kröfum þyrfti að mæta hér á landi og hver kostnaðurinn yrði.

### *Samvinna á Dysnesi*

Það er ljóst að ríkisvaldið þarf að tryggja fjármögnun söfnunarkerfis dýraleifa á landsvísu í áhættuflokki eitt. Vegna kostnaðar verður einungis ein slík úrvinnsla reist á Íslandi. Það skyldi vera á Dysnesi í Eyjafirði. Að þessu verkefni verða margir að koma eigi vel að vera. Sveitarfélög, afurðastöðvar og atvinnurekendur í landbúnaði þurfa hér að taka virkan þátt.

Ástæða er að fylgjast með uppgangi félagsins Líforkuvers við Dysnes. Undir liggja miklir hagsmunir matvælaiðnaðar auk þess sem verkefnið er í anda nýrra tíma umhverfisverndar.

Gengi verkefnið eftir yrði það mikil lyftistöng fyrir mikla uppbyggingu hafnarinnviða sem stefnt er að á Dysnesi. Því metnaðarfulla verkefni væri loks hrint af stað. Það væri vel fyrir athafnalíf byggðar við Eyjafjörð. Það yrði gæfuspor fyrir Ísland.

*Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.*




# Áhrifaþættir matvælaverðs á Íslandi

**Í umræðum um matvælaverð hérlendis má oft sjá borið saman verð matarkörfu hérlendis og erlendis í krónum talið. Þó vissulega geti verið um áhugaverðan samkvæmisleik að ræða þá er slíkur samanburður marklaus, enda launastig viðkomandi samanburðarríkis ekki tekið inn í myndina. Í slíkum samanburði stendur Ísland nefnilega ágætlega enda kaupmáttur hér á landi hár í alþjóðlegum samanburði.**


**Margrét Gísladóttir.**

Samkvæmt gögnum frá Eurostat má sjá að útgjöld íslenskra heimila til matarinnkaupa, sem hlutfall af heildarútgjöldum, eru svipuð og þekkist á hinum Norðurlöndunum og nokkuð lægri en meðaltal ESB-ríkja. Árið 2022 stóð hlutfallið í 11,9% hérlendis á meðan ESB-meðaltalið var 13,6%. Írland mælist nú sem áður með lægst hlutfall, eða 8,6%, og Rúmenía áfram með hæsta hlutfallið, eða 25%.

### *Hinn gullni meðalvegur*

Framleiðslukostnaður hérlendis er nokkuð hærri en í löndunum í kringum okkur. Framleiðslueiningar eru smáar, markaðurinn lítill og dreifður, launa- og vaxtastig hátt og landfræðilegar áskoranir þónokkrar hér á eyju í Norður-Atlantshafi. Því má segja að það sé nokkur árangur að halda hlutfalli matarútgjalda af heildarútgjöldum á sama reiki og á löndum á meginlandi Evrópu, en það skýrist einnig af háu launastigi hérlendis. Það þýðir þó ekki að ekki sé hægt að gera betur. Hins vegar krefst ákveðinnar jafnvægislistar að ná fram verðlækkunum og bættum hag framleiðenda á sama tíma. Þar hafa Samtök fyrirtækja í landbúnaði beint spjótum sínum að lækkun framleiðslukostnaðar og frekari stuðningi við greinina til hagsbóta fyrir bændur og neytendur.

Stórt skref var tekið fyrr á þessu ári þegar afurðastöðvar í kjöti fengu undanþágur frá samkeppnisreglum, áratugum á eftir nágrannalöndum okkar. Þannig er loks komið tækifæri til að ná fram töluverðu hagræði í slátrun og vinnslu og fagna ég því, þó fyrr hefði mátt vera. Hins vegar leið ekki á löngu þar til ný gjaldskrá Matvælastofnunar var kynnt til leiks sem felur í sér grundvallarbreytingar á innheimtu eftirlitsgjalda. Mótmæltu samtökin þessum áformum harðlega þegar gjaldskráin var kynnt enda þýða breytingarnar gríðarmikinn kostnaðarauka fyrir greinina. Lítið var hlustað á þá gagnrýni og nú hefur eftirlitskostnaður sláturhúsa margfaldast, þó svo að kröfur um eðli eftirlitsins hafi ekki tekið breytingum. Þannig tekur ríkið sjálft dágóðan hluta af mögulegu hagræðingunni strax aftur til sín og minna skilar sér til bænda og neytenda.

### *Samkeppnishæfni Evrópu versnar*

Samkvæmt nýrri skýrslu OECD og FAO um landbúnaðarhorfur næsta áratuginn mun neysla landbúnaðarafurða aukast um 13% á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að milliríkjaviðskipti með landbúnaðarvörur aukist en hlutfall Evrópu af heildarmatvælaframleiðslu heimsins minnki. Þar er talið fram að aukin áhersla ESB á sjálfbærni, með tilheyrandi auknum kröfum tengdum umhverfis- og loftslagsmálum, geti aukið framleiðslukostnað og hugsanlega rýrt samkeppnishæfni framleiðenda á svæðinu. Ein helsta áskorun Evrópu á næstu árum verði því að finna leiðir til að ná fram sjálfbærri framleiðniaukningu til að vega upp á móti aukakostnaði sem af þessum kröfum hlýst, til að styrkja landbúnaðinn á svæðinu gegn utanaðkomandi samkeppni og áföllum sem muni líklega aukast á tímabilinu.

Í ljósi þessa – og í vegferð til að lækka framleiðslukostnað – er mikilvægt að vel sé haldið á spilunum hérlendis við innleiðingu nýrra laga og reglugerða frá ESB. Ísland er um margt ólíkt löndum innan ESB, bæði vegna landfræðilegra ástæðna sem og smæðar markaðarins, og því eðlilegt að regluverkið taki mið af þeim veruleika. Góð byrjun væri að hætta með öllu blýhúðun, þ.e. þegar regluverk er innleitt en íslensk stjórnvöld ákveða að setja auknar kröfur á innlenda starfsemi. Annað mikilvægt verkfæri er að sækja um undanþágur þegar það á við og er í boði en þar tel ég að við höfum hreinlega sofið á verðinum.

### *Framtíðarhorfur í orkumálum*

Við þurfum einnig að vera vakandi á öðrum sviðum. Það er flestum ljóst að orkumálin þarf að taka föstum tökum. Þar er bæði framleiðsla og dreifikerfið undir, sem og áherslur í gjaldskrám. Við höfum séð meira af orkuskerðingum til stórnotenda undanfarin ár sem kalla á notkun varaafls, með tilheyrandi auknum kostnaði og mengun. Orkuþörfin eykst en engin samstaða er um hvaða skref skuli taka til að svara henni. Ef stjórnvöld ætla að fylgja stefnu sinni um græna atvinnuuppbyggingu þarf að styrkja kerfið á öllum stigum. Sé matvælaframleiðslan sérstaklega tekin út fyrir sviga þá er stefna stjórnvalda að stórauka grænmetisframleiðslu á landinu en þar er raforkan stærsti einstaki kostnaðarliðurinn. Þar er hægt að gera mun betur til að ná niður framleiðslukostnaði, t.d. taka tvískipta gjaldskrá dreifiveitna til gagngerrar skoðunar sem brenglar samkeppnishæfni sveitarfélaga og dregur úr hvata til atvinnuuppbyggingar á svæðum sem flokkast sem „dreifbýli“.

Það er að mörgu að hyggja en tækifærin eru víða. Séu stjórnvöld vakandi fyrir þeim væri hér hægt að bæta samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar, sem og annarra atvinnugreina, til muna.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far

Ölduhverfi, Eyjafjarðarsveit – breyting á deiliskipulagi
Eyjafjarðarsveit
Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 13. júní 2024 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna breytinga á deiliskipulagi Ölduhverfis skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lega gatna breytist; ný gata (Austuralda) bætist við á norðausturhluta svæðisins og Hringöldu er skipt í tvær götur. Lóðir, byggingarreitir og húsnúmer færast til í kjölfarið og götuheiti breytast að hluta. Húsagerðir haldast þær sömu en hlutfall einbýla hækkar á móti hlutfalli fjölbýla og fækkar íbúðum á svæðinu um eina. Þá bætist leiksvæði við Austuröldu, lóð og byggingarreitur veitustöðvar færist neðan við aðkomuveg og kvöð um aðgengi að skógrækt bætist við enda Norður- og Austuröldu.
Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 26. júlí og 6. september 2024, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri 948/2024.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 6. september 2024. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málinu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar má nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.
Skipulags- og byggingarfulltrúi

**Skráning tjóna** vegna kuldatíðar í júní



**Bændur eiga nú möguleika á að skrá afföll á búfé og tjón á ræktunarlöndum sem rekja má til óveðurs og kuldatíðar í júní sl.**

Hvatt er til þess að skrá sem fyrst allt það tjón sem rekja má til kuldakastsins. Fyrir liggur að í sumum tilvikum verður tjónið ekki ljóst fyrr en lengra líður á haustið. Gert er ráð fyrir að skráning verði opin a.m.k. til 1. nóvember nk.

Vinnuhópur fulltrúa matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins mun fara yfir þær skráningar sem berast og gera tillögur um framhaldið.

Skráningarkerfið gerir ráð fyrir að tjón séu flokkuð með ákveðnum hætti en einnig er hægt að skrá önnur tjón sem falla þar fyrir utan. Þýðingarmikið er að skráningar geri eins skýra grein fyrir umfangi tjónsins og mögulegt er.

Bændur geta leitað til RML eftir aðstoð við skráningu.

→ *Skráning fer fram á torg.bondi.is*

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið

Hannyrðir:

# Búðarháls

## – Uppskrift að vesti fyrir Ullarviku á Suðurlandi 2024





**Efni:**
Hulduband frá Uppspuna 100 m / 50 gr.6 (8) hespur eða 350 (450) gr alls. Ef valið er að gera rúllukraga má bæta við einni hespu.

**Annað garn sem hentar vel:**
Feldfjárlopi (plötur) eða Þingborgarlopi samtals 350 (450 gr).
Prjónað með lopanum tvöföldum.
Dóruband (fæst í Þingborg) 350 (450) gr.

- Hringprjónar nr 5,5 og 6,0 mm.

-Fjórar stórar tölur (38mm eða stærri). Við mælum með roðtölum gerðum úr fiskroði frá Roð og hnappar.

**Stærðir:**
S-M (L-XL)

**Prjónfesta og stærð:**
12 lykkjur gefa 10 cm breidd.
Yfirvídd (ekki ummál) 49 (62) cm.

**Aðferð:**
Vestið er prjónað ofan frá og niður, fyrst er kragi prjónaður með sléttu og brugðnu, skipt yfir í slétt prjón út á axlirnar og síðan klukkuprjóni í sitt hvoru lagi að framan og aftan. Stroff neðst og hliðarkantur er prjónað með sléttu og brugðnu.

Möguleiki er gefinn fyrir tvær gerðir af kraga, þar sem sumum hentar ekki að hafa ullina alveg upp í háls í rúllukraga.

**Víður kragi:**
Fitjið upp á hringprjón nr 5,5mm 72 (78) lykkjur, tengið í hring og prjónið 1sl og 1br 4 umferðir. Setjið prjónamerki (pm) í byrjun umferðar og eftir 36 (39) lykkjur. (Pm eru á öxlunum).

Skiptið yfir á prjóna nr 6,0 mm og aukið út um 6, (7) lykkjur um leið og þið prjónið upp á stærri prjóninn. Á milli útaukninga eru 12 (11) lykkjur.

Á prjóninum eiga nú að vera 78 (85) lykkjur.

Prjónið 2 umf slétt.

Aukið síðan út með því að gera göt; *prjónið 6sl (5sl), sláið upp á prjóninn.* Endurtakið *-* út umferðina. Götin myndast svo í næstu umferð þegar prjónað er slétt yfir allar lykkjurnar.

Nú eru 91(102) lykkjur á prjóninum. Prjónamerkin eru í sitt hvorri hlið vestisins. Á minna vestinu eru 45 lykkjur á framstykkinu og 46 á bakstykkinu en jafnmargar lykkjur á báðum stykkjum (51) á stærra vestinu.

Prjónið 2 umferðir slétt og ef þið óskið má gera upphækkun að aftan tvisvar sinnum með styttum umferðum. (sjá útskýringar).

Prjónið slétt og aukið út um 5 lykkjur jafnt yfir bakstykkið, 1 lykkju á hvorri öxl bakstykkis megin og 2 (3) lykkjur jafnt yfir framstykkið ((milli útaukninga á bakstykki eru 9 (10) lykkjur og á milli útaukninga í framstykki eru 22 (17) lykkjur) = 9 (10) lykkjur í viðbót.

Á framstykkinu eru 49 (54) og á bakstykkinu 51 (56) lykkjur.

Prjónið 6 umferðir slétt og skiptið svo yfir í klukkuprjón.

Næst er prjónaður bolur.

**Rúllukragi:**
Fitjið upp á hringprjón nr 5,5 mm 64, (72) lykkjur, tengið í hring og prjónið 2 sl, 2 br þar til kraginn mælist 18, (20) cm. Setjið prjónamerki (pm) í byrjun umferðar og eftir 32 (36) lykkjur. Pm eru á sitthvorri öxlinni.

Byrjað er á hægri öxlinni.

Skiptið yfir á prjóna nr 6,0 mm og aukið út um 8 lykkjur jafnt yfir umferðina um leið og þið prjónið upp á stærri prjóninn. =72 (78) lykkjur. Prjónið eina umf. slétt og aukið síðan aftur út um 6 (7) lykkjur jafnt yfir umferðina.

Á prjóninum eiga nú að vera 78 (85) lykkjur.

Prjónið eina (tvær) umf. slétt.

Aukið síðan út með því að gera göt; *prjónið 6sl (5sl), sláið upp á prjóninn* Endurtakið *-* út umferðina. Götin myndast þegar næsta umferð er prjónuð slétt yfir allar lykkjurnar. Nú eru 91(102) lykkjur á prjóninum.

Prjónamerkin eru í sitt hvorri hlið vestisins. Á minna vestinu eru 45 lykkjur á framstykkinu og 46 á bakstykkinu en jafnmargar lykkjur á báðum stykkjum (51) á stærra vestinu.

Prjónið 2 umferðir slétt og ef þið óskið má gera upphækkun að aftan tvisvar sinnum með styttum umferðum. (sjá útskýringar.

Prjónið slétt og aukið út um 5 lykkjur jafnt yfir bakstykkið, 1 lykkju á hvorri öxl bakstykkis megin og 2 (3) lykkjur jafnt yfir framstykkið ((milli útaukninga á bakstykki eru 9 (10) lykkjur og á milli útaukninga í framstykki eru 22 (17) lykkjur) = 9 (10) lykkjur í viðbót.

Á framstykkinu eru 49 (54) og á bakstykkinu 51 (56) lykkjur

Prjónið 6 umferðir slétt og skiptið svo yfir í klukkuprjón.

**Næst er prjónaður bolur**
Bolur eins á báðum útgáfum.

Á prjóninum eru 100 (112)lykkjur. Það eiga að vera fleiri lykkjur að aftan en að framan.

Geyma þarf tvær lykkjurá prjónamerki eða bandi í sitt hvorri hlið vestisins. Takið 1 (0) lykkjur af framstykkinu og 1 (2) af bakstykkinu, þannig að það sé slétt tala á báðum stykkjum.

Á framstykkinu eru 48 (54) lykkjur og á bakstykkinu 50 (56) lykkjur.

Prjónið fyrst framstykkið. 48 (54)L og geymið bakstykkið á öðrum prjóni (eða nælu / snúru).

Á prjóna nr. 6,0mm er prjónað klukkuprjón fram og til baka; byrjið á lykkju þar sem bandinu er slegið upp á og lykkjan tekin fram af og endið á lykkju sem er prjónuð slétt. Prjónað er eins á framhlið og bakhlið.

Prjónið klukkuprjón þar til stykkið mælist 38 (40) cm. eða 7-10 cm styttra en þið viljið hafa það. Þetta eru að minnsta kosti 70 umferðir og athugið að klukkuprjón telur fram og til baka sem eina umferð.

Athugið einnig að klukkuprjón teygist mikið og því má toga í það þegar það er mælt. Eins er gott að fara í vestið og athuga hversu sítt þið viljið hafa það og hafið í huga að 10cm eiga eftir að bætast við.

Endið á röngunni og byrjið að prjóna stroffið á réttunni. Bætið einni lykkju við í upphafi fyrstu umferðar, þannig að slétt lykkja sé á báðum endum á framhliðinni. 49 (51) lykkjur í stroffi. Prjónið 1sl og 1br fram og til baka þar til stroffið mælist 7-10 cm. (Þið ráðið sídd).

FELLIÐ MJÖG LAUST AF. (Ég nota gjarnan prjón sem er númeri stærri en þann sem ég prjónaði með. Prjóna upp á hann og steypi lykkjunum yfir, þá haldast lykkjurnar aðeins víðari og affellingin verður laus).

Prjónið bakstykkið eins, en athugið að lykkjurnar eru 2 fleiri og það má vera síðara að aftan en að framan.




## Útskýringar

**Prjónið styttar umferðir þannig:** Prjónið að prjónamerki á vinstri öxl, snúið við og takið fyrstu lykkjuna fram af með bandið fyrir framan prjóninn, togið í bandið þannig að lykkjan verður tvöföld og prjónið svo brugðið áfram að hinu prjónamerkinu, snúið við og gerið eins nema nú er prjónað slétt og þegar kemur að lykkjunni sem var tekin fram af í fyrri umferðinni, prjónið þið hana tvöfalda. Prjónið slétt áfram og prjónið hina tvöföldu lykkjuna einnig sem eina. Prjónið eina umferð á milli og endurtakið síðan styttu umferðina en prjónið nú 2 lykkjum lengra en prjónamerkið og snúið þar við á báðum öxlum.

**Klukkuprjón:** Klukkuprjón er prjónað fram og til baka og er eins í báðar áttir. Því er sama hvernig flíkin snýr. Í rauninni er það þannig að önnur hvor lykkja er prjónuð, en hin tekin fram af óprjónuð ásamt bandinu, eins og þú ætlir að prjóna brugðið og bandið látið fylgja óprjónuðu lykkjunni (sjá mynd 1). Þetta telst sem ein lykkja. Næsta lykkja er prjónuð slétt. Þegar prjónað er til baka er þessu víxlað. Þá er lykkjan sem var óprjónuð í fyrri umferðinni, með bandi slegnu yfir prjóninn, prjónuð slétt með bandinu sem fylgir (sjá mynd 2) og lykkjan sem var prjónuð í fyrri umferðinni tekin óprjónuð fram af og bandið látið fylgja með. Á prjóninum eruð þið alltaf með eina prjónaða lykkju og eina óprjónaða lykkju ásamt bandi sem telst sem ein lykkja (sjá mynd 3). Þægilegast er að byrja prjóninn á að taka óprjónuðu lykkjuna og enda á að prjóna samsettu lykkjuna.


Mynd 1.


Mynd 2.


Mynd 3.

**Hliðarlistar:**
Takið upp hverja lykkju á allri hliðinni hægra megin (bæði framstykki og afturstykki), líka þessar tvær sem voru geymdar (ekki sleppa lykkjum eins og stundum er gert á listum- takið upp lykkju fyrir hverja umferð). Teljið lykkjurnar og skráið hjá ykkur, því þið viljið hafa jafnmargar lykkjur báðum megin á vestinu.

Prjónið 1sl og 1br þar til listinn mælist 5 - 7 cm. (Leyfið ykkar mati að ráða). Gerið nákvæmlega eins hinum megin. Passið að taka upp jafnmargar lykkjur á báðum hliðum.

ATHUGIÐ að það eru ekki hnappagöt á vestinu, heldur eru tölurnar saumaðar fastar í gegnum bæði stykkin EFTIR AÐ VESTIÐ HEFUR VERIÐ ÞVEGIÐ – þær eru þá eingöngu skraut en ekki til að hneppa. Það er óþarfi, því vestið er vítt og auðvelt að fara í það og úr.

Ef óskað er eftir hnappagötum,- þá skuluð þið fara í vestið áður en þið prjónið hliðarlistana, setja prjónamerki þar sem þið viljið hafa tölurnar og setja hnappagöt þar á móti. Fallegra er að hnappagötin séu á framstykkinu.

**Hnappagat er gert þannig:**
Prjónið hliðarlistann 2,5 cm fram og til baka. Sláið tvo hringi upp á prjóninn þar sem hnappagatið á að vera og prjónið næstu tvær lykkjur saman.

Gott er að hafa í huga að þegar horft er á framhliðina á vestinu, þá sé slegið upp á prjóninn fyrir hnappagat við slétta lykkju og 2 lykkjur prjónaðar brugðið saman, því lykkjan er fallegri í sléttu línunni en þeirri brugðnu.

Í næstu umferð er snúningurinn tekinn af en ekki prjónaður og í þriðju umferð er lykkjan prjónuð eins og venjulega. Síðan eru prjónaðar 3 umferðir slétt og brugðið og síðan fellt af.

FELLIÐ MJÖG LAUST AF.

Skolið úr vestinu og leggið til þerris. Gott er að leggja rúllukragann í brot en það er ekki nauðsynlegt.

Festið tölurnar á eftir að vestið er orðið þurrt, þá lenda þær akkúrat þar sem þið viljið hafa þær. Best er að fara í vestið og setja merki þar sem þið viljið hafa tölurnar.

*Það væri gaman að sjá myndir af tilbúnu vesti á Instagram og Facebook með myllumerkjunum #uppspuni #Búðarhálsvest*











Hér til vinstri er Ullarvikan auglýst með víkingastemningu en til hægri er Guðný Sörenge Sigurðardóttir, ein Þingborgarkvenna, glöð í bragði. Myndir / Aðsendar

# Ullarvika á Suðurlandi

**Ullarvika á Suðurlandi verður haldin í þriðja sinn dagana 29. september til 5. október á ýmsum stöðum innan Suðurlands.**

Frá Ölfusi í vestri og allt austur í V-Skaftafellssýslu, en aðalmiðstöð Ullarviku verður í félagsheimilinu Þingborg sem staðsett er skammt austan við Selfoss.

Mikið verður um að vera enda vikan hugsuð til þess að gera íslensku ullinni hátt undir höfði. Er gestum meðal annars boðið á sauðfjárlitasýningu, hægt verður að kíkja í litunarpotta Hespuhússins á Selfossi, njóta fræðslu í formi fyrirlestra og heimsókna í ýmsar vinnustofur víðs vegar um svæðið, auk þess að líta við á markaðstorginu sem verður haldið ásamt kaffihúsi á Þingborg. Smáspunaverksmiðjan Uppspuni opnar dyr sínar gestum en þar fara fram bæði námskeið og viðburðir sem eru frekar auglýstir á vefsíðu Ullarvikunnar, www.ullarvikan.is. Á vefsíðunni er einnig að finna kort yfir vinnustofurnar, en allar almennar upplýsingar eru þar vandlega fram settar.

Að Ullarvikunni standa Feldfjárbændur, Spunasystur, Uppspuni, Þingborgarkonur ásamt fleiri aðilum og því um að gera að taka sér tíma og kíkja í sveitina.

/sp


**Landskeppni**
**Smalahundafélags Íslands**



Dagana 23.-25. ágúst nk. mun Smalahundafélag Íslands í samstarfi við deild Snata í Húnavatnssýslu halda aðalafund og landskeppni í Vatnsdal.

**Aðalfundurinn byrjar kl. 19 föstudagskvöldið 23. ágúst í Fellsbúð við Undirfellsrétt í Vatnsdal.**

Landskeppnin fer fram að Ási í Vatnsdal laugardag og sunnudag og að venju verður keppt í A-flokk, B-flokk og Unghundaflokk.

Keppni byrjar kl. 10 báða dagana.

Nánari upplýsingar auglýstar síðar á heimasíðu félagsins; *smalahundur.123.is og facebook síðunni: Smalahundafélag Íslands*

***Stjórn SFÍ.***








**Hulduband**
hentar mjög vel í **Búðarhálsvestið**. Það er framleitt í **Uppspuna** sem er smáspuna-verksmiðja í Lækjartúni í Ásahreppi.
Ullin sem notuð er í **hulduband** er 100% íslensk og kemur af kindunum okkar og nágranna okkar.
Við einbeitum okkur að sauðalitunum eins og kindurnar gefa okkur, en litum aðeins líka.
**Hulduband** má nota í margskonar verkefni og heppileg prjónastærð er 3,5 - 4,5mm.
**Hulduband** má kaupa hjá okkur í Uppspuna, á www.uppspuni.is, á netfanginu huldauppspuni@gmail.com eða í síma 846-7199
**Annað garn sem er heppilegt í vestið er nefnt í uppskriftinni.**






**Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is**

Vélabásinn:

# Sjálfkeyrandi ítölsk kerra

## – Prufuakstur á Piaggio Porter



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Bændablaðið fékk til prufu vinnubíl af gerðinni Piaggio Porter sem er nánast óþekkt bílategund hér á landi. Þetta er lítill og nettur pallbíll þar sem burðargeta, nytsemi og lágt verð eru í fyrirrúmi.**

Umræddur vinnubíll er að miklu leyti byggður á kínverskri bifreið, en endurhannaður og framleiddur af Piaggio á Ítalíu. Þessi ökutæki eru algeng í sunnanverðri Evrópu og hefur undirritaður oft undrað sig á því af hverju Piaggio hefur ekki fengist hérlendis hingað til.

Að utan er bíllinn í sjálfu sér ekkert ólíkur Mercedes Benz Sprinter eða Volkswagen Transporter pallbílum, nema Piaggio Porter er nokkrum númerum minni. Smæsta útgáfan er ekki nema 1.680 millimetra breiður, sem er svipað og Toyota Aygo. Stærsta útgáfan með tvöföldu að aftan er hins vegar rúmir fimm metrar að lengd.

Aðalatriði þessa bíls er pallurinn og mætti hugsa um Piaggio Porter sem sjálfkeyrandi kerru. Ökutækið í þessum prufuakstri var minnsti bíllinn sem umboðið flytur inn, en samt sem áður með burðargetu upp á 950 kílógrömm. Þá er pallurinn 1.680 millimetra breiður og 2.800 millimetra langur, en fæst stærri. Skjólborðin eru fellanleg og allt það sem skiptir máli virðist vera sterkbyggt og einfalt í notkun.



Piaggio Porter er ítalskur vinnubíll sem hefur nýlega hafið innreið sína hingað til lands. Helstu styrkleikar þessa bíls eru lágt verð og mikil nytsemi.

Myndir / ál



Porter er með einfaldri bensínvél sem hentar vel í allt snatt.



Sjálfkeyrandi kerra sem krefst ekki aukinna ökuréttinda.



Innréttingin gæti allteins verið úr ökutæki frá síðustu öld.



Aðgengi er að vélinni undir sætunum.

### *Fyrir tvær nánar manneskjur*

Þegar stigið er um borð þarf að byrja á því að beita nokkru afli til að loka á eftir sér hurðinni. Þá blasir við innrétting sem gæti þess vegna verið úr ökutæki frá tíunda áratug síðustu aldar. Alls staðar er grjóthart, dökkgrátt plast sem gefur frá sér tómahljóð við bank. Helsti munaðurinn í bílnum er útvarp, rafknúnar rúður og regnskynjari fyrir rúðuþurrkurnar.

Aftan við sætin og við A-bogann blasir við stál í sama lit og bíllinn. Sætin eru með svörtu tauáklæði og á gólfinu eru þykkar gúmmímottur. Í báðum hurðum eru rúmgóðir hurðavasar á meðan hanskahólfið er nokkuð nett. Fyrir framan gírstöngina er lítill bakki fyrir smáhluti, ofan á mælaborðinu er hentugur standur fyrir síma, en hvergi sést augljós glasahaldari. Þá er hægt að troða ýmsu drasli á bak við sætin.

Ökumannshúsið rúmar tvær manneskjur sem þola mikla nánd. Höfuðplássið er í það tæpasta fyrir þá allra hávöxnustu og mun efri brún framrúðunnar lenda í sjónlínu þeirra. Að öðru leyti er útsýnið með besta móti og blindir punktar í lágmarki.

### *Hressandi en hastur í akstri*

Aksturinn á Piaggio Porter er hressandi tilbreyting frá hefðbundnari ökutækjum. Undirritaður myndi þó aldrei vilja fara á bílnum í langferðir vegna þess að sætin eru nokkuð stíf og öll hljóðeinangrun er í lágmarki. Vélin fer í 3.000 snúninga þegar ekið er í fimmta gír á níutíu kílómetra hraða með tilheyrandi látum.

Innanbæjar er þetta hins vegar skemmtileg græja þar sem Porter er viðbragðssnöggur og með léttan gírkassa. Vandalítið er að leggja í þröng stæði þar sem auðvelt er að átta sig á stærð bílsins og stýrið er létt. Porter er samt sem áður ekki með neina fjarlægðarskynjara, akstursaðstoð eða viðvörunarhljóð. Aksturinn leggst því alfarið á herðar ökumannsins. Eina pípið sem heyrist er þegar ekki er farið í belti.

Eftir þennan prufuakstur hefur sá sem þetta ritar komist að raun um að stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins eru alls ekki eggsléttar, heldur alsettar litlum misfellum sem finnast vel, þökk sé litlum dekkjum og stífri fjöðrun Piaggio Porter. Ekki gafst færi á að prufukeyra bílinn með farmi á pallinum, en ökutæki sem þessi eru yfirleitt mýkri við þær aðstæður.

### *Bensínvél undir sætunum*

Piaggio Porter er með 1,5 lítra, fjögurra strokka bensínvél undir sætunum sem skilar 106 hestöflum. Togið er merkilega mikið á lágum snúningum sem gerir að verkum að ökumaðurinn þarf ekki stöðugt að hræra í gírkassanum.

Mörgum gæti fundist undarlegt að vinnubíll sem þessi sé bensínknúinn, enda dísilvélar ráðandi í þessum flokki. Þessi orkugjafi meikar hins vegar fullkomlega sens fyrir ökutæki sem þetta.

Í fyrsta lagi eru bensínvélar ódýrari. Í öðru lagi verður Piaggio Porter ugglaust mest notaður í styttri ferðir sem fara illa með viðkvæmar sótsíur og mengunarvarnarbúnað sem gerð er krafa um í nýjum dísilbílum.

### *Að lokum*

Piaggio Porter er góður í því sem honum er ætlað að gera og vegna hins lága verðs er auðvelt að fyrirgefa alla áðurnefnda ókosti og líta á þá frekar sem merki um karakter. Eins og áður segir var grunnútgáfan tekin fyrir í þessum prufuakstri, en möguleikarnir eru hins vegar fjölmargir og er til að mynda hægt að fá sturtupall eða tvöföld dekk að aftan fyrir aukna burðargetu.

Porter fæst sem grindarbíll og sjást ýmsar sértækar lausnir í markaðsefni framleiðandans. Þar má nefna krana tengdan við vökvaaflúrtak, krókhreysi, frystikassa og eldunaraðstöðu. Bíllinn fæst líka sem metanbíll með bæði bensín- og metantanki í fullri stærð. Þá stendur til að hefja sölu á rafmagnsútgáfum næsta vor.

Verðið er frá 3.990.000 krónum án vsk. Helstu mál eru í millimetrum: Lengd, 4.815; breidd, 1.680; hæð, 1.840.

Heildarþyngd með farmi er 2.260. Áðurnefndar tölur eru breytilegar milli útfærslna.

Auðvelt er að mæla með viðfangsefni þessarar greinar sem vinnubíl þar sem starfsfólk þarf að vera í miklu snatti. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Véltindum, sem hafa nýlega fengið umboðið fyrir Piaggio.




Bærinn Þurranes hér á fallegum vetrardegi. Myndir / Aðsendar



Gulrætur og nípur undir akrýldúk.



Fjölskyldan öll samankomin.

Bóndinn:

# Endalaus verkefnalisti

**Ofaldar hryðjuverkahænur, rótargrænmeti, ferðamenn og kindur þrífast vel á Þurranesi í Dalabyggð en á næstu dögum geta lesendur fylgst með fjölskyldunni sem þar býr á Instagram-reikningi Bændablaðsins.**

Ábúð fjölskyldunnar hófst 1926 þegar langafi og langamma Jóns Inga keyptu Þurranes og hófu þar búskap. Við tóku föðuramma hans og svo foreldrar og svo Jón Ingi árið 2015. Framan af var stundaður blandaður búskapur í Þurranesi en foreldrar Jóns Inga, Ingunn Jóna Jónsdóttir og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson, hættu mjólkurframleiðslu, stækkuðu sauðfjárbúið og byggðu síðar upp ferðaþjónustu. Linda, kona Jóns Inga, flutti síðan í Þurranes árið 2022 ásamt dóttur sinni.

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Þurranes er í Saurbæ í Dalabyggð og er tæplega 100 hektarar, þar af 40 ha ræktaðir. Fjölskyldan á einnig jarðirnar Staðarhól og Hvammsdal sem eru nýttar til ræktunar, beitar og sem upprekstrarland.

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)?** Jón Ingi Ólafsson og Linda Guðmundsdóttir búa í Þurranesi, ásamt þremur börnum – Ólafi Vigni, 18 ára, Huldu Sophiu, 11 ára og Emmu Lísu, 8 ára. Þá búa foreldrar Jóns Inga á jörðinni hluta úr ári en þau eru eins og farfuglarnir – koma á vorin og fara á önnur mið á haustin. Tveir kettir og einn hundur eru á heimilinu en þau búa samt öll í fjárhúsunum.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Þurranes er fjárbú með tæplega 450 fjár. Þá rekur Linda fyrirmyndar hænsnabú með tveimur oföldum hryðjuverkahænum. Tíu hestar eru á bænum. Auk þess er rekin ferðaþjónusta í Þurranesi, með 38 gistirýmum. Sumarið 2023 hófum við ræktun á gulrótum og nípum og stefnum á að það verði þriðja stoðin í búrekstrinum.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Foreldrar Jóns Inga voru með gott fjárbú og hefð var fyrir sauðfjárrækt í Þurranesi. Það lá því beinast við að halda henni áfram þegar Jón Ingi tók við búinu enda mjög áhugasamur um sauðfjárrækt. Linda hefur alltaf haft áhuga á grænmetisrækt og var ákveðin í að hefja grænmetisræktun þegar hún flutti í sveitina. Við skoðuðum saman hvað við vildum rækta. Lindu hefur alltaf fundist gaman að rækta gulrætur og svo langaði okkur að skapa okkur sérstöðu og prófuðum því að rækta nípur (e. parsnips). Við stefnum á að rækta íslenskar nípur fyrir verslanir landsmanna, hótel og veitingastaði.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn vinnudagur er að maður kemur sér á lappir og reynir að saxa á hinn óendanlega verkefnalista, sem er misjafn milli árstíða.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi og hverjar eru áskoranirnar?** Það er bæði áskorun en einnig jákvætt og skemmtilegt að vinna í því að bæta árangur á milli ára. Þá er skemmtilegt hvað starfið er fjölbreytt og gott að vera eigin herra.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegustu bústörfin eru heyskapur í góðu veðri, uppskera og að sjá rígvæn lömb koma heim af fjalli. Leiðinlegustu bústörfin eru sauðburður í skítaveðri, að gera við bilanir í heitum pottum í ferðaþjónustuhúsunum og þegar skepnur veikjast og það þarf að lóga þeim.

**Hvernig væri hægt að gera búskap ykkar hagkvæmari?** Með því að leiðrétta afurðaverð til sauðfjárbænda og ná niður vaxtastigi í landinu.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Þegar rekstrarafkoma sauðfjárbúa nær viðspyrnu mun leiðin liggja upp á við. Íslenskur landbúnaður getur náð ótrúlega langt ef ríkisvaldið stendur með bændum af því að velvilji neytenda er til staðar. Bændur þurfa að átta sig á því að búrekstur er fyrirtækjarekstur. Með ódýru lánsfjármagni geta bændur byggt upp, framleitt og lifað af því. Með þessum forsendum er framtíð landbúnaðar björt.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það er ekkert eitt sem stendur upp úr, margir litlir áfangar og takmörk sem hafa náðst sem fyllir mann stolti.



Þrjár kynslóðir saman í fjárhúsunum, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson, Jón Ingi Ólafsson og Ólafur Vignir Jónsson.



Hulda Sophia og Sigurbjörg, systir Jóns Inga, að gefa lömbunum selen.



Féð gæðir sér á myndarlegri heysátu af bestu lyst.












Matarkrókurinn:

# Piparosta-grísapasta

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com





Þeir sem eru ekkert í svíninu geta prófað sig áfram með að nota steikta sveppi í staðinn. Mynd / Hari

**Eftir gular viðvaranir og alla þessa rigningu hættir sér ekki nokkur út að grilla lengur. Þá er gott að geta bara soðið smá pasta og haft það kósí.**

Þegar ég var ungur og að hefja búskap var aðal pastarétturinn að bræða piparost í rjóma eða mjólk og brytja út í hann brauðskinku. Bera svo fram í tagliatelle pastahreiðri, sem var nýlunda þá. Þessi réttur er tileinkaður honum.

Til að gera kremkennda sósu þarf ekki alltaf rjóma. Að þessu sinni er það blanda af pastavatni og osti sem mun framkalla rjómalega sósu. Ég notaði grana padana, af því að það var þriðjudagur, en auðvitað má nota parmesan eða jafnvel pekkórínó ef hann finnst. Muna að það er mjög fonkí bragð af honum.

Til að pastavatnið blandist saman við ostinn þarf að framkalla það sem á íslensku kallast fleyti. Það á við töfrana að blanda saman vatni og olíu. Olían flýtur um í vatninu í míkródropum. Alveg eins og majónes er fleyti og bernaise líka. Þar er eggið, vatnið og olía eða bráðið smjör feitin. Hér er það feitur ostur og sterkjuríkt pastavatn.

*Pastaval*

Það er hægt að nota hvaða pastatýpu sem er; spagettí, penne eða hvað sem er. En gott að hafa í huga að því betra pasta sem notað er því betri verður sósan. Því betra pasta gefur frá sér meiri sterkju.

Ein leið til að sjá muninn á góðu og ekki alveg jafngóðu pasta er að því betra sem pastað er því mattara er það og yfirleitt ljósleitt að lit. Dökkgult og glansandi pasta er fínt í hakk og spagettí en yfirleitt ekki nógu gott í svona eldamennsku.

Til að fá sem allra mesta sterkju í vatnið er um að gera að sjóða pastað í eins litlu vatni og hægt er. Þannig þykknar það og blandast auðveldlega með ostinum. 400 grömm af pasta er hægt að sjóða í hálfum lítra af vatni.

Gott að nota víðan pott eða jafnvel pönnu með loki. Nota lokið og hræra reglulega í pottinum. Þegar upp er staðið ætti að vera um helmingurinn af vatninu eftir. Salta vatnið ekki of mikð. Tæp teskeið er nóg því það er salt úti um allt í hinu hráefninu.

*Skinkan*

Í staðinn fyrir skinku er tilvalið að nota grísasíðu. Líka hægt að nota beikon ef draumurinn er að fá smá reykbragð. Salta síðubitana á öllum hliðum með minnst klukkutíma fyrirvara, skera svo í litla bita og passa að ekkert af rifjunum endi í pönnunni.

Getur verið smá maus að skera í litla bita þegar kjötið er hrátt og þá er bara fínt að skera í kubba steikja þá örlítið og taka svo upp úr pönnunni og saxa hálftilbúna bitana.

Þeir fara svo aftur ofan í pönnuna til að klára að steikjast. Við viljum að bitarnir verði sæmilega stökkir og nær öll fitan sé bráðin. Tilvalið að pipra vel þegar steikingin er hálfnuð svo piparinn brenni ekki. Matskeið eða svo af nýmuldum og muna að setja ekkert salt því það var þegar komið á kjötið.

## Innihald

Pasta, 400 grömm

Svínasíða, 1 bakki

Pastavatn, 250 millilítrar

Parmesanostur, 100 grömm

Kotasæla, 50 millilítrar

Pipar, 1 matskeið

Salt, 1 matskeið

Svínafita, 1 matskeið

*Fleytið*

Það eru margar leiðir til að ná árangri með þennan rétt en auðveldasta leiðin er að nota eitthvert gott eldhústæki sem snýst hratt. Best að nota blandara eða töfraprota en jafnvel handþeytari virkar líka.

Rífa parmesanost, 100 grömm eða svo, og blanda við 250 ml af volgu pastavatni. Til að fá extra góða sunnudagssósu er gott að skutla 50 ml af kotasælu út í blönduna.

Blanda saman í nokkrar sekúndur þangað til úr verður silkimjúk og rjómakennd sósa.

Rétturinn er kláraður með því að hræra sósunni og svínabitunum saman við pastað. Gott að hræra líka matskeið eða svo af olíunni sem safnaðist í steikarpönnunni.

Bera fram með hressilegu magni af parmesan, ferskum pipar og mögulega hvítlauksbrauði.

# KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Rauða skrímslið í Borgarfirðinum

**Þessa dagana eru briddsarar á ferð og flugi landshorna á milli í Bikarkeppni Bridgesambands Íslands.**

Sveit Norðurljósa mætti Borgfirðingum á heimavelli hinna síðarnefndu á dögunum og var ekkert lát á skiptingarspilum.



Björn Þorláksson.

Hlynur Angantýsson í sveit Norðurljósanna fékk mikið skrímsli á hendina. Ekki bara 6-6-skiptingu í rauðu litunum heldur eru spilin svo sterk að segja má að aðeins sé einn tapslagur á hendinni. Og þá er það milljón dollara spurningin: Hvernig meldar maður svona?

D 8

| | | |
|---|---|---|
| | **Norður**<br>♠ QJ64<br>♥ J108<br>♦ 54<br>♣ 9864 | |
| **Vestur**<br>♠ 732<br>♥ 643<br>♦ 32<br>♣ J7532 | | **Austur**<br>♠ AK1098<br>♥ 9<br>♦ 1076<br>♣ AKQ10 |
| | **Suður**<br>♠ 5<br>♥ AKQ752<br>♦ AKQJ98<br>♣ | |

| W | N | E | S |
|---|---|---|---|
| P | P | 1♠ | 5NT |
| P | 6♣ | P | 6♦ |
| P | 6♥ | P | P |
| P | | | |

6♥ N NS: 0 EW: 0



Karl Grétar Karlsson virðir fyrir sér skrímslið.

Eftir tvö pöss var opnað á spaða Hlyni á hægri hönd. Eftir umhugsun stökk hann í fimm grönd sem lýsti tveggja lita hendi. Makker hans, Karl Grétar Karlsson, meldaði þá leitandi 6 lauf, Hlynur leiðrétti með 6 tíglum, Karl meldaði 6 hjörtu og málið dautt.

Sigurbjörn Haraldsson, landsliðsmaður Íslendinga í bridds, skoðaði spilin hans Hlyns í umræðu um spilið. Sigurbjörn minnir á sagnevenju sem ekki er víst að allir lesendur Bændablaðsins séu kunnugir. Opnun á 4 gröndum spyr um ása eftir sortum. Margir þekkja RKCB eða Roman Keycard Blackwood lykilspilaspurninguna en ef opnað er á fjórum gröndum er oftast svarað þannig að ef enginn ás er á hendinni meldar svarhönd 5 lauf. Ef einn ás er á hendi þá er svarað í viðkomandi lit. Með laufás þarf þó að melda sex lauf af því að 5 lauf eru frátekin fyrir engan ás. Ef ásarnir eru tveir meldar svarhöndin 5 grönd.

En aftur að spilinu. Borgfirðingarnir sem öttu kappi við Hlyn og félaga melduðu líka 6 hjörtu með því að nýta Michaels sagnvenjuna til að byrja með og spilið féll.



### Menntskælingar læra bridds

Mikil uppsveifla varð í skólabridds í fyrravetur þegar iðkendum íþróttarinnar fjölgaði svo um munaði. Dæmi voru um að ungir nemendur og spilarar á elliheimilum tækjust á í spilinu. Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Bridgesambands Íslands, segir að öllum framhaldsskólum á landsbyggðinni verði boðið upp á online briddskennslu næsta vetur, ýmist þriggja eða fimm eininga nám. Matthías segir að fjöldi rannsókna sýni fram á fylgni milli briddskunnáttu og góðs námsárangurs. Einkum hvað varðar raungreinar.

Myndin var tekin af nýjum framhaldsskólameisturum í tvímenningi ungmenna að loknu Íslandsmóti í vor.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Skákblinda

**Orðið skákblinda er stundum notað þegar maður sér ekki góða leiki hjá andstæðingum sem setur mann í klemmu.**



Hermann Aðalsteinsson.

Það getur verið verulega svekkjandi þegar maður fær á sig mjög sterkan leik frá sínum andstæðingi sem maður sá ekki fyrir.

Stundum er leikurinn það góður að maður getur gefið skákina strax. Allir skákmenn hafa fengið svona leiki á sig á ferlinu og er það alltaf jafn svekkjandi þegar maður áttar sig á að oftast var hægt að redda sér út úr þessu hefði maður leikið öðrum leik næst á undan.

Undirritaður tefldi við Rúnar Ísleifsson, skógarvörð á Vöglum í Fnjóskadal árið 2020 í meistaramóti Goðans það ár. Þetta var úrslitaskák um titilinn og því mikið undir. Skákin var í jafnvægi þar til í 24. leik. Þá lék Rúnar góðum leik sem hann hafði undirbúið í leiknum þar á undan, sem undirritaður sá ekki og gerði út um skákina.

*Umsjón: Hermann Aðalsteinsson,*
*lyngbrekku@simnet.is*



**Hermann Aðalsteinsson hvítt. Rúnar Ísleifsson svart. Svartur á leik. 24.......De2 !!. Báðir hrókar hvíts í uppnámi og ekki hægt að bjarga nema öðrum. Að lenda hrók undir var vonlaust til árangurs og því gaf undirritaður skákina tveim leikjum síðar.**



Rúnar Ísleifsson að tafli í Atlantic City árið 2016.



Erfinginn:

## Hress og kátur

**Hann Ari Kolbeinn býr í sveit nálægt Egilsstöðum og æfir með íþróttafélaginu Hetti. Honum finnst gaman að hjóla og vera með vinum sínum og fer reglulega til Reykjavíkur að hitta pabba sinn og eldri bræður.**

**Nafn:** Ari Kolbeinn Þorgrímsson.

**Aldur:** 8 ára.



**Stjörnumerki:** Steingeit.

**Búseta:** Eiðaþinghá.

**Skemmtilegast í skólanum:** Þegar það eru frímínútur!

**Áhugamál:** Íþróttir og kvikmyndir.

**Tómstundaiðkun:** Æfi fótbolta og fimleika. Fer stundum á hestbak.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundar.

**Uppáhaldsmatur:** Rækjupasta.

**Uppáhaldslag:** Líf mitt er bíómynd.

**Uppáhaldslitur:** Rauður.

**Uppáhaldsmynd:** Kung Fu Panda.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég var úti og var bitinn af hundi.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Þegar ég var með Ámunda bróður mínum í sundi og við börðumst í rennibrautinni.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Hugmynda- og handritshöfundur.

**Viltu taka þátt ? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 8 | 3 | |
| | 2 | 4 | | 5 | 9 | 7 | | |
| | 5 | 6 | 7 | 1 | | | | |
| 5 | 8 | 3 | 2 | | | | 6 | |
| | | 7 | 6 | 8 | | 3 | | 4 |
| | | | 5 | 7 | | | 8 | 2 |
| | | | 9 | | 2 | 6 | | 8 |
| 4 | | 8 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | | | 7 | | | 1 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 7 | | | |
| 1 | 7 | | | | 5 | | | |
| | | | | | 9 | | | 5 |
| 8 | | | 3 | 7 | | 2 | | |
| | | 3 | | 5 | 8 | | | 4 |
| 5 | | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | | | 3 | | |
| | 5 | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | 2 | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| 6 | 1 | | | | | 3 | 8 | |
| 9 | | | | | | | | 4 |
| | | | | 2 | | | | |
| 3 | 6 | 4 | | 9 | | | | 8 |
| 2 | | | | | 8 | | 5 | |
| | | | | | | 5 | | |
| | 2 | | 4 | | 6 | | 1 | |
| | 3 | 1 | | | 7 | 2 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 3 | | | 1 |
| | | | | | | | | |
| | 3 | | | 2 | | 8 | 6 | 4 |
| 3 | | | 4 | | | 1 | | |
| | | 5 | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | 7 | | | | | 5 |
| 5 | | | | | | | | |
| | 6 | 2 | | | 7 | | | |
| 7 | | | 1 | | 9 | | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** kemur ferskur undan vætusömu sumri og er til í hvað sem er. Hann hefur sjaldan haft eins skýra mynd af áformum sínum og því um að gera að halda ótrauður áfram. Gæta þess þó að fara ekki offari og taka tillit til sinna nánustu. Happatölur 5, 41, 73.

**Fiskurinn** er þungur þessa dagana og hefur barist við veikindi á einn eða annan hátt nú í lengri tíma. Einhver ónot sem vilja ekki hverfa eða hugarangur sem situr í honum. Gæfan er honum þó hliðholl er kemur að peningum, en óvænt lán í þeim efnum má vænta á næstu vikum. Happatölur 8, 15, 11.

**Hrúturinn** hefur reynt sitt besta til að taka skref sér til betrunar en hefur ekki alltaf fengið þau viðbrögð frá öðrum sem hann bjóst við. Það má þó ekki láta deigan síga því batnandi manni er best að lifa og gott að muna að ferska loftið gerir öllum gott. Áfram gakk með sól í hjarta. Happatölur 38, 62, 1.

**Nautið** ætti að staldra við um þessar mundir og líta yfir líf sitt. Gott væri svo að gera einhvers konar plan yfir næstu þrjú ár sem munu verða afar heillasæl ef tekin eru skref í rétta átt. Rétta áttin eru þeir draumar og væntingar sem hafa blundað í nautinu en hafa beðið þess að verða að veruleika. Happatölur 5, 13, 32.

**Tvíburinn** finnur haustið hellast yfir sig og er hálfringlaður. Missti hann af sumrinu? Það þarf þó ekki að örvænta, því með haust-tilfinningunni hellist óvænt værð og ró yfir oft yfirspenntan tvíburann. Þess er best að njóta og helst (láta) dekra sem mest við sig. Það mun borga sig þó síðar verði. Happatölur 9, 21, 45.

**Krabbinn** snýst í hringi innra með sér og finnst hann standa á tímamótum. Er hann hamingjusamur? Vantar gáska og gleði í líf hans? Spennu? Eitthvað er það og því best að vega og meta hverja mögulega ákvörðun út frá því sem hann telur koma sér best því maður lifir víst bara einu sinni. Happatölur 18, 28, 36.

**Ljónið** hefur verið á harðahlaupum síðustu vikurnar. Helst þá innra með sér því nú vill það gera vel á sem flestum sviðum lífsins, enda farið að sjá jákvæða uppskeru eftir hamaganginn. Það mun smita út frá sér ef vel er haldið á spöðunum og hygla ljóninu enn frekar. Happatölur 10, 29, 76.

**Meyjan** hefur þótt alvarleg í bragði undanfarið, en er í raun hamingjusöm og ró í hjarta. Sjálfstraust hennar hefur aukist og eykst enn fremur næstu vikur. Mun sú tilfinning opna henni nýjar dyr sem hún ætti ótrauð að stika í gegnum eins og hún eigi heiminn. Leiðin er einungis upp á við. Happatölur 4, 66, 28.

**Vogin** finnur fyrir einhverju óöryggi og kvíða þessa dagana en má þó trúa því að allt í kringum hana eru ástvinir sem styðja hana í einu og öllu. Með það í huga hressist sálartetrið fyrr en síðar enda alltaf gott að umvefja sína nánustu og muna að ástin sigrar allt. Happatölur 10, 19, 21.

**Sporðdrekinn** er nú vakinn og sofinn yfir nýjustu hugmynd sinni sem mun verða honum til gæfu ef vel er á haldið. Gæta skal þó þess að sýna heiðarleika ofar öllu því annars fer ekki vel. Einhver lasleiki er í kortunum og því skal muna að gæta að því þó mikið sé um að vera. Happatölur 2, 68, 67.

**Bogmanninum** hefur fundist óþarflega mikið liggja á sínum herðum undanfarið en er ekki viss um hvert hann getur leitað til þess að fá aðstoð. Aðstoðin er þó nær en hann grunar, en hann þarf að brjóta odd af oflæti sínu til þess að fá hjálpina. Eftir það verða allar leiðir færar. Happatölur 5, 1, 41.

**Steingeitin** er eitthvað áttavillt í lífi sínu þessar vikurnar og finnst að öll hennar veraldarsýn sé að hrynja. Sem er ekki skrýtið ef stoðirnar eru ekki traustar en hafa haldist uppi á þrjóskunni. Þrjóskan er barátta sem erfitt er að breyta og því spurning hvað kemur fólki best. Happatölur 3, 14, 25.



**Álka er miðlungsstór svartfugl sem líkt og aðrir svartfuglar lifir alfarið á sjó. Hún hefur fæturna aftarlega á búknum sem gerir hana að mjög góðum sundfugli en aftur á móti lakari til að komast um á landi þar sem hún þarf að nota stélið til að halda jafnvægi. Þær koma aðeins á land til að verpa og liggja þær á í rétt rúman mánuð. Varpstöðvarnar eru í byggðum við sjó þar sem þær verpa í sprungum eða syllum. Ungarnir stoppa stutt í hreiðrinu og yfirgefa vörpin löngu áður en þeir verða fleygir og elta foreldrana út á haf. Þar kafar álkan eftir smáfiskum eins og sandsílum, loðnu og síld. Álkan líkt og aðrir svartfuglar notar bæði vængina og fæturna til að kafa. Þær eru að nokkru leyti staðfugl en breiðast aðeins um Atlantshafið á veturna, einkum milli Íslands, Færeyja og Noregs. Stofninn er um 300.000 pör og verpa 60% af öllum álkum í heiminum hér við land.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Liggur þú í glimmerpækli?

**Eftir drunga sumarsins dreymir sjálfsagt marga um örlítið glitur vonar. Það má auðvitað finna í sálarkirnum hvers og eins en þeir sem vilja virkilega lýsa upp heiminn ættu að snúa sér að einhverju haldbærara.**

Þarna koma pallíettur sterkar inn í leikinn. Margir umhverfisverndarsinnar telja þó pallíettur verkfæri djöfulsins, en meðal annars hefur fréttastofa BBC fjallað um gífurlega skaðsemi þeirra á umhverfið. Til að mynda varpaði blaðamaður BBC ljósi á að við framleiðslu væru pallíetturnar slegnar úr plastplötum sem þyrfti að farga.

Förgun plastafurða er ávallt áskorun – enda hafa viðstaddir fengið svæsna reykeitrun þegar reynt hefur verið að brenna það sem eftir stendur. Hefðbundnar pallíettur sitja því á urðunarstað í mörg hundruð ár, þar sem plast brotnar ekki niður. Einhverjar þeirra lenda í hafinu þar sem sjávardýrin heillast af ásýnd þeirra og gleypa þær. Sem enn og aftur er ekki að gera neitt fyrir þau okkar sem neyta sjávarafurða.

### *Umhverfisvænar pallíettur*

Pallíettur má reyndar framleiða á annan hátt. Fyrirtæki Stellu McCartney er eitt sjálfbærasta vörumerki markaðarins, en hún hefur verið einna fyrst til að láta framleiða flíkur sem báru óeitraðar, niðurbrjótanlegar og þá lífrænar pallíettur, með það að markmiði að útrýma pallíettum sem gerðar eru úr plasti og málmi auk annarra skaðvalda umhverfisins. Hefur Stella lengi sett í forgang gagnsætt vinnsluferli og að hringrásarkerfi textíls sé viðhaldið.

Minna hefur borið á samlöndu hennar, hönnuðinum Elissu Brunato sem gerir vistvænar pallíettur úr sellulósa (fjölsykru) trjáa og brotna að lokum niður á náttúrulegan hátt. Glitrandi áferð þeirra og litur kemur skemmtilega á óvart, en sellulósinn, sem má reyndar vinna úr hvaða plöntu sem er, myndast með fjölliða uppbyggingu sem endurkastar ljósi. Samkvæmt Elissu er liturinn afleiðing nanóbyggingar trésins, en engum kemískum efnum eða litarefnum er bætt við til að skapa glitrandi áhrifin.



**Komið hefur í ljós að auk þess sem trén gefa frá sér súrefni okkur til lífs má vinna úr þeim pallíettur til gleðiauka. Nærmynd af lífrænum pallíettum til hægri, unnum úr trjám frá vinnustofu Elissu Brunato.**

Mynd / David B, Unsplash



Eftir að hafa áttað sig á því að hægt væri að nýta sellulósann, hóf Elissa samstarf með sænsku efnafræðingunum Hjalmar Granberg og Tiffany Abitbol með frekari úrvinnslu í huga. Teymið komst að þeirri niðurstöðu að hægt væri að hella vökvabundnum sellulósanum í þar til gert pallíettumót. Eftir að vökvinn í mótinu harðnar verður útkoman nógu sterk til að hægt sé að sauma pallíetturnar í flíkur, en þær munu að lokum brotna niður.

Öll vinna Elissu snýst reyndar um að búa til sjálfbærari útgáfur af vörum sem við notum daglega. Nýlega vann hún með brauðframleiðanda í London við að safna hýði af hveitikornum og breyta því í umbúðaefni. Hún hefur einnig frumsýnt verkefni sem heitir Circular Socks, sokka sem eru ofnir úr trefjum sem auðvelt er að taka í sundur og breyta í nýja sokka. En það er önnur saga.

### *Meðvituð framtíð tískuiðnaðar*

Í kjölfar uppgötvunar Elissu hófu þær Stella McCartney samstarf, en Elissa á og rekur lífefnafyrirtækið Radiant Matter. Samvinnan gaf góða raun en saman framleiddu þær stöllur fyrstu flík heims sem ber lífrænu pallíetturnar; samfesting sem birtist almenningi í bandaríska Vogue í apríl á síðasta ári. Var með fréttinni sérstaklega tekið fram að sérhvert efni sem glitrar eða hefur endurskinseiginleika inniheldur hátt hlutfall af jarðolíuplasti, eitraðri húðun eða háu innihaldi málms.

Hefðbundnar pallíettur eru gerðar úr pólýesterfilmu (Mylar) eða vínyl (PVC), sem valda verulegri umhverfis- og heilsuáhættu, innihalda eitruð efni sem safnast upp í lífverum, þar með talið krabba- meinsvaldandi efni, svo sem þalöt, auk þess að geta valdið hormónatruflunum.

Á meðan tískuiðnaður í heild sinni heldur áfram að vera einn stærsti þáttur plastneysluvanda heimsins er þetta eitthvað sem hafa þarf á bak við eyrað. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu þjóðunum eru 70 milljónir tunna af olíu notaðar til að framleiða pólýester og aðrar gervitrefjar árlega og kom fram í grein Vogue að breskar konur kaupi 33 milljónir pallíettuflíka á hverju hátíðartímabili, þar sem 1,7 milljónir enda á urðunarstað eftir að hafa verið notaðar að meðaltali fimm sinnum.

Frá urðunarstöðum er oft greið leið í heimshöfin, en samkvæmt skýrslu EES koma heil 35% af örplasti sjávar frá fatnaði úr gerviefnum.

Núnú. Til að lífga upp á tilveruna er því annað hvort hægt að finna sér vandaðar og lífrænt ræktaðar pallíettur, eða hreinlega leggjast í (lífrænan) glimmerpækil – enda auðveldara að verða sér úti um slíkt glimmer eins og staðan er í dag. Framtíðarsýn tískuvelda er þó á uppleið er kemur að umhverfisvænni framleiðslu og er von til þess að fyrr en síðar standi efst endurunnin, endurvinnanleg og lífræn vinnsla vörumerkjanna – meðvitaðri framtíð tísku.

*/sp*

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is














Hjá Göngugreiningu Lágmúla 4 færðu reynslumesta starfsfólk landsins í göngugreiningum, fullkomnasta greiningarbúnað sem völ er á, fullbúið innleggjaverkstæði og mörg tæknilegusta innlegg sem eru í boði á markaðinum. Endilega hafið samband í s. 481-1000 eða á netf: gongugreining@gongugreining.is.

urta.islandica

Kaupum hreinsuð krækiber. Urta Islandica ehf. Hafið samband í tölvupósti á netfangið: jurtir@urta.is



Uppgerður Willys árgerð 1947 til sölu, ef viðunandi tilboð fæst. Upplýsingar í s. 863-7365.



Þriggja manna fjölskylda í leit að húsnæði til leigu, jafnvel með möguleika á framtíðarkaupum. Sumarhús, heilsárshús, sveitabær. Opin fyrir öllum tillögum og möguleikum. Með fyrir fram þökk. Davíð s. 661-3577 netfang: davidoddgeirs@gmail.com



Er með nokkra Border Collie hvolpa (rakka) til sölu úr tveimur gotum síðan í apríl. Hvolparnir eru ættbókarfærðir undan góðum vinnuhundum. Upplýsingar í s. 895-1648.



Dome tjald 28 fm. B. 6 m. x H. 3.8 m. Þolir íslenskt veðurfar +40 m/sek. Verð kr. 700.000. Upplýsingar á netfangið: Thoriceland@gmail.com



Hyundai Kona Style 64KW, árgerð 2020, rafmagn, sjálfskiptur. Ekinn 34.000 km. Verð kr. 3.490.000. Verð áður kr. 4.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Brýrnar yfir Eyjafjarðará, eftir Arnór Blika Hallmundsson. Stiklað meðfram Eyjafjarðará og brýrnar 11 yfir hana skoðaðar í máli og myndum. Fáanleg hjá höfundi, hallmundsson@gmail.com s. 864-8417 eða í Eymundsson.



Smíðum glugga og hurðir. Margra ára reynsla. Getum tekið að okkur máltöku og ísetningu sé þess óskað. Steini s. 848-5460 netfang: tregluggi@gmail.com.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Til sölu uppgerður sturtuvagn. Nýr pallur, ný skjólborð á lömum og ný dekk. Verð - tilboð. S. 892-1391.





Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

***Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is***

Eignatorg








# Til sölu Volvo ECR50D

Árgerð 2020
Notuð 2150 vst.

Engcon rototilt með gripkló og Engcon stýripinnar sett nýtt á vélina 2022 og vélin þá notuð 1500 vst.
4 skóflur fylgja með.

Ásett verð 8.990.000 kr. + vsk

Nánari upplýsingar:
**Ingi Björnsson**
Sími: **898 3493**
ingi@ibverk.is




ÁSCO

FLJÓT OG VINALEG ÞJÓNUSTA

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —





ÓKEYPIS RAFGEYMAMÆLING!

Eigum allar stærðir rafgeyma á lager

ÁSCO BÍLARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is







Til sölu Cadilac Setan Deville, með 4,9 V8 mótor, árgerð 1991. Mjög vel með farinn, ekinn 87.000 mílur. Verð kr. 800.000 eða tilboð. Allar upplýsingar í s. 895-3216.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1779, Aurasel.



MF135 1974 í mjög góðu standi. Staðsettur á Suðurlandi, póstnúmer: 861. Upplýsingar í s. 848-5699.



Til sölu Cummins Model 855-G6 415/235hp 04/97 Rafall Onan Sterling 3 fasar 235Kva. Keyrð 164,23 tíma. Rafstöðin stendur í 20 feta upphituðum gám sem selst með. Verð kr. 3.000.000 +vsk. Uppl. S. 841-8090.



Til sölu Yamaha YXY R 1000 árg. 2017 ekinn 2.700 km. Er með lokuðu húsi, 30" dekk, varadekk, farangursgrind og kassi. Verð kr. 3.600.000. Nánari upplýsingar í s. 894-5974.



Til sölu 27 feta skemmtibátur smíðaður í Noregi árg. 1986. Vél Volvo penta 115 hp. Bátur í góðu lagi. Verð tilboð. Allar nánari uppl. í s. 898-5254.



Massey Ferguson 135, gott eintak. Ýmsir fylgihlutir til uppgerðar. Uppl. s. 861-9816.



Til sölu sæti úr nýjum Sprinter, tveir tveggja sæta bekkir og einn þriggja sæta bekkur. Hægt að halla sætum. Festingar og gólfplötur geta fylgt með. Uppl. í s. 863-2476.



Stórbaggagreip. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 343.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S.588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Sveitarfélög og verktakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háþrýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spíssabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstæð verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Girðingarefni. Girðingastaurar 70x1800-kr. 715 m/vsk. Hornstaurar 120x2500-kr. 2.950 m/vsk. Iowa gaddavír 200 metrar- kr. 9.610 m/vsk. Motto gaddavír 200metrar- kr. 4.900 m/vsk. 5 strengja túnnet 100 metrar- kr. 15.900 m/vsk. 6 strengja túnnet 100 metrar- kr. 18.500 m/vsk. anvír 625 m- kr. 11.900 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-113 hhauksson@hhauksson.is



Rúlluvagn Weckman. Burðargeta/hlassþyngd 13 tonn. Pallur stærð 2,46 x 9,0 m. Verð kr. 3.260.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Weckman Hardox sturtuvagn. 13 tonna burðargeta/hlassþyngd. Verð kr. 3.800.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Til sölu Leci vagn árg. 2014. Allur galvanseraður, loftpúðafjöðrun og er á 19,5 tommu felgum. Er með breikkanlegum spjöldum um 60 cm og á þeim ljós. Innanmál L. 12,4 m, br. 2,47 m. Verð kr. 4.300.000 +vsk. Uppl. s. 895-4558 eða pm.



Rúlluvagn Dina RP10500. 14 tonna burðargeta/hlassþyngd. Pallur stærð 2,50 x 10,5m. Dekk 710/45-22,5 Verð kr. 3.690.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Til sölu 25 hestafla Avant 225, 2018 árgerð, notaður tæplega 400 stundir, bensínknúinn. Selst með skóflu en hægt er að kaupa ótrúlegan fjölda fylgihluta s.s. sláttuvél, snjóblásara, skóflu, gröfuarm o.fl. sbr. https://www.islyft.is/product/avant-200-series/ Með 15mm spacerum. Snjókeðjur fylgja, með rafmagnshitara sem auðveldar störtun að vetrarlagi, lítill og lipur. Staðsettur á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð Verð kr. 1.450.000 +vsk. Upplýsingar veitir Starri s. 663-2650.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Case 695 Super M traktorsgrafa árg. 2004. 5.790 vinnustundir. Opnanleg skófla að framan með lyftaragöfflum. Bakkó með skotbómu. Tvær skóflur á bakkó. Fleyglagnir og pedali 40 kmh. Samasz Alps 331 Snjóplógur árg. 2019 Verð kr. 4.900.000 +vsk. Uppl í s. 897-5358.



Weckman sturtuvagn með lausum skjólborðum. 13 tonna burðargeta/hlassþyngd Verð kr. 2.690.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Vökvamótorar (MR/OMR) á lager. Einnig aðrar stærðir og gerðir. Allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Danfoss/Rexroth/Parker/Hiab/Scanreco og fl. Vökvatæki ehf. S. 861-4401. Búðahellu 4X, 221 Hafnarfirði. www.vokvataeki.is - vt@vokvataeki.is



Til sölu 3 stk. loftventlar á bárujárns-plötu,ný smíði og ónotað. Stærðir 49 x 43 cm og hæð 25 cm. Selst ódýrt. Uppl. í s. 690-2750.



Stór og öflug háþrýstidæla fyrir verktaka til sölu. Dælan er ný og ónotuð, FDX Xtreme XL, www.comet-spa.com. Dælan er 16 L /min og max þrýstingur er 520 Bar. Vél - 26 hestöfl, Kohler, dísil, KDW 1003. Vélin er vatnskæld og með rafstarti. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Þetta er Garaga bílskúrshurð. Gatið er 3m x 220 m. Tvöföld braut með vindubúnað að aftan. (Low headroom). Staðsett á Akureyri. Óska eftir tilboði. Hafið samband í s. í 848-4315.



Brettagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 189.000 m/vsk. H. Hauksson ehf.www. hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is






Taðklær Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. 140 cm. Verð kr. 310.000 m/vsk. 160 cm. Verð kr. 335.000 m/vsk. 180 cm. Verð kr. 345.000 m/vsk. H. Haukssonehf. www.hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is




Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40 mm upp í 300 mm. Massífur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum staurabourum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotskóflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is wwwhak.is s. 892-4163.

**RAMMASTÚDÍÓ**
*Innrömmun*

Rekstur innrömmunarfyrirtækisins Rammastúdíó er til sölu. Fyrirtækið er í leiguhúsnæði á mjög góðum stað í Ármúla 20 í Reykjavík. Fyrirtækið er vel tækjum búið, verkstæði og verslun, með góða viðskiptavild og afkomu. Stöðugildi eru 1-2 og hentar vel fyrir smið eða handlaginn einstakling sem vill starfa sjálfstætt. Aðstoð við að setja sig inn í reksturinn fylgir sölunni. Skoðum möguleika á uppítöku. Áhugasamir geta óskað eftir frekari upplýsingum með því að senda tölvupóst á rammastudio@rammastudio.is



Traktorsskóflur. FK Machinery. Breidd 220 cm. Verð kr. 198.000 m/vsk. Breidd 240 cm. Verð kr. 223.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is

## Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

**Varmás**
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

# Okkur vantar **dugnaðarforka** í ***skemmtilegt*** vinnuumhverfi

*We need to **expand** our **excellent** team*




# Tækjastjórar á dælubíla með meirapróf CE óskast!

***Sewage truck operator with driving license CE.***

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta dugmiklum einstaklingum í hópinn okkar í **Reykjavík** og á **Selfossi**. Við leitum að einstaklingum með reynslu af því að stjórna og vinna á tækjum. **Í boði eru góðir tekjumöguleikar, fjölbreytt starf og góður starfsandi.**

*As our business is growing, we are adding to our high-performing team. We are looking for people with some experience of working on heavy-duty equipment.*
***We offer a good income possibilties, diverse jobs and a good working morale.***

- Frekari upplýsingar veitir Ragnhildur Aradóttir, (starfsmannafulltrúi), netfang: ***ragga@hrt.is*** og í síma **471 3000**.
- *Further information is given by Ragnhildur Aradóttir (HR representative), email: **ragga@hrt.is** and phone **471 3000**.*

**HREINSITÆKNI** er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við fráveitukerfi landsins, hvort sem um ræðir hreinsun, myndatökur, fóðrun lagna eða rekstur heildstæðra kerfa. Í því skyni rekur fyrirtækið dælubíla, tæki til lagnamyndunar, fóðrunarteymi og skólphreinsistöðvar. Fyrirtækið er í fremstu röð á sínu sviði. Við veitum starfsfólki okkar góða þjálfun, þannig að það geti leyst sín verkefni vel af hendi.

***HREINSITÆKNI** is a leading company in servicing the country's wastewater systems, cleaning, system inspection, lining or operating complete wastewater systems. For this purpose the company operates sewage trucks, a system inspection equipment, a team for lining pipes and complete sewage stations. As a leading company in its field, we make sure that our staff receives adequate training, in order to being able to solve its tasks in an outstanding manner.*

HREINSITÆKNI

**Færibanda-reimar**



Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

## Atvinna í boði

### Reykjabúið ehf / Mosfellsbæ

- √ Reykjabúið ehf auglýsir eftir eftir starfsmanni í almenn störf á fuglabúi.
- √ Vinna við eldi á fuglum og hvað eina sem til fellur.
- √ Fullt starf.
- √ Æskilegt að viðkomandi hafi einhverja reynslu í skepnuhirðingu.
- √ Bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Jón Magnús, reykjabuid@kalkunn.is

REYKJABÚIÐ

Reykjabúið ehf, 271 Mosfellsbæ

## Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

## ATHUGIÐ

**Skrá þarf smáauglýsingar á vefsíðu Bændablaðsins, www.bbl.is fyrir kl. 15, mánudag þeirrar viku sem blaðið kemur út.**

**Sjá nánar á vefsíðunni okkar undir:**

**bbl.is/baendabladid/auglysingar-og-utgafudagsetningar**

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Vatnsdælur sem tengjast við PTO drif. Á lager ML-20 og MT-300, stærri fáanlegar. Eigum stóran lager af dælum, stjórnlokum, gírum og fl. Allt fyrir vökvakerfin. Rexroth, Danfoss, Eaton/ Charlynn og fl. Viðgerðarþjónusta. Vökvatæki ehf. Búðahellu 4X, 221 Hafnarfirði. S. 861-4401. Netfang: vt@vokvataeki.is Heimasíða: vokvataeki.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Ford F250, 2004, 6L, akstur 199.000 km. Nýir sílsar, húshorn, heill pallur, verð kr. 1.500.000 s.772-6858.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang hak@hak.is www.hak.is



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 án/vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Hobby 540 UF, árgerð 2023, notkun 10 nætur. Fylgihlutir, stór sólarsella, auka rafgeymir, mover og fílafætur. Tilboðsverð kr. 5.500.000. Nýtt hús kostar kr. 6.700.000. Uppl. S. 863-6847.



Korando árg. 2018, ekinn 150.000 km. Dísil, sjálfskiptur, dráttarkrókur. Næsta skoðun '26. Einn eigandi. Verð kr. 1.600.000. Uppl. S. 894-7629.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Stubbana í hús ! Stubbastandar frístandandi og Stubbahólkar á vegg á góðu verði. Upplýsingar á stubbastandur@gmail.com og í s. 842-2535.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 án vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588 1130. hhauksson@hhauksson.is



Staðarfell í Þingeyjarsveit er til sölu. Jörðin er 16,6 hektarar. Góð tún, 3 hektarar. Húsið er um 160 fm. Stakstæður bílskúr 56,3 fm. Frábært útsýni. 25 mín. akstur til Akureyrar, 30 mín. akstur til Húsavíkur. Er í einkasölu hjá Eignaveri fasteignasölu ehf. á Akureyri. Þar fást allar nánari uppl. s. 460-6060 og á eignaver@eignaver.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Hús til flutnings. 35 fermetra hús sem er auðvelt að flytja. Húsið stendur á stálbitum og er með hífingarkrókum á báðum endum. Verönd fylgir með. Verð kr. 4.000.000. Nánari upplýsingar í s. 892-3066 eða á solhestar@solhestar.is.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is s. 892-4163, netfang- hak@hak.is.



Innihrærur fyrir haugkjallara.Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Flaghefill, breidd 300 cm. Tveir glussatjakkar. Verð kr. 849.000 m/ vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



KGM Korando, 4x4, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 16.000 km. Verð kr. 5.890.000 – notadirbenni.is – s. 590-2035.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Salernisgámur, karla- og kvennaeining. Stólpagámur, 2018 módel. Upplýsingar í s. 899-9956.



Rúllugreip með þrítengi. Verð áður kr. 99.000 m/vsk. Tilboð kr. 89.100 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ ,4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




SsangYong Rexton DLX, 4x4, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 51.000 km. Verð kr. 6.690.000. Verð áður kr. 7.690.000– notadir.benni.is – s. 590-2035.


PORSCHE
JJ Z63
Farðu lengra.
Porsche Cayenne Plug-in Hybrid.
Með allt að 90 km drægni á rafmagni*
Cayenne er kraftmikill 470 hestafla sportjeppi sem er aðeins 4.9 sekúndur í hundrað. Hann sameinar afl og aksturseiginleika sportbílsins, og þægindi og rými lúxusjeppans.
Komdu og upplifðu Porsche.
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. *Samkvæmt WLTP EAER CITY.
Bílabúð Benna
Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00









Eigum á lager forsteypta hleðslusteina á góðu verði. Ekki hika við að hafa samband fyrir nánari upplýsingar. svavarh@istak.is s. 840-2787



Taðkvísl 140 cm með 8 teinum. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 126.480 m/vsk. (kr. 102.000 án/vsk). H. Hauksson ehf. hhauksson@hhauksson.is S. 588-1130.



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, ýmis tilboð í gangi. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur við Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 s. 865-2717.




Dísil hitarar. 5kw 12 og 24 volt, með öllum fylgihlutum. Verð kr. 53.900. Öll þjónusta. Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185. Opið frá 15 til 17 virka daga.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Til sölu Liberal krani 36 lengdarmetrar út og 20 lengdarmetar upp. Í ágætis standi. Fæst á sanngjörnu verði Upplýsingar í s. 892-2221.



Vegristar, 4 x 2,5 m. Verð kr. 495.000+vsk. Bera alla venjulega umferð, traktora, fulllestaða vörubíla. Flytjum á staðinn fyrir hagstætt verð. Gönguhlið og veghlið í ýmsum stærðum. Íslensk smíði. Uppl. FB Sæblær ehf. www.sbl.is s. 899-2202.



Sláttuvélar og sláttuorf með HONDA vélum Fjórgengisvélar. Sláttuvélar 5,6 hö og orfin, 2 hö. Mjög öflugur og afkastamikill búnaður. Nánari upplýsingar í síma eða á tölvupósti. Hákonarson ehf. S. 892-4163 netfang: hak@hak.is. Vefsíða: www.hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Sláttuorf með Honda vélum. Orfin henta mjög vel sveitarfélögum og verktökum. Margar útfærslur. Einnig öflugar sláttuvélar með Honda vélum. Allar vélarnar eru fjórgengis. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang - hak@hak.is



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130. hhauksson@hhauksson.is



Vatnsdælur sem tengjast beint á PTO. Mjög öflugar sem t.d. brunadælur v/ eldsvoða. ML-20 og MT-300 til á lager ásamt aukabúnaði. Fleiri stærðir í boði. Allt fyrir vökvakerfin. Vökvatæki ehf. S. 861-4401. Búðahellu 4X, 221 Hafnarfirði. www.vokvataeki.is – vt@vokvataeki.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.

## Einkamál

Ertu enn að leita? Einhleypingar á besta aldri verða á The Hill Hotel á Flúðum nk. laugardag, 17. ágúst og ætla að hafa gaman saman.

## Húsnæði

Til leigu fjárhús og hlaða, 1.016 fm að stærð, rétt utan við Búðardal. Nýtist m.a. sem fjárhús eða geymsluhúsnæði. Laust strax. saudfjarbu@gmail.com

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir amerískum pallbíl, helst dísil, en skoða líka bensín. Má þarfnast lagfæringa, F350, F250, RAM, Silverado eða GMC. S. 774-4441.

Kaupi íslensk ber. Bláber kr. 1.000 pr./kg. Aðalbláber kr. 1.300 pr./kg. Krækiber kr. 600 pr./kg. Einiber kr. 4.000 pr./kg. Kúmen kr. 4.000 pr./kg. Blóðberg kr. 7.000 pr./kg. Rifsber kr. 1.200 pr./kg. Upplýsingar í s. 695-1008. Netfang: snorri@reykjavikdistillery.is

Áttu bilaðan bíl, vél eða tæki? Skoðum allt af öllum stærðum, sendið póst á netfangið: taekjakaup@gmail.com með helstu upplýsingum.

Kaupum lerki- og furusveppi, bæði þurrkaða og ferska. Hafið samband á 425fla@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.

## Til leigu

Óska eftir iðnaðarhúsnæði, skemmu, hlöðu eða einhverju því líkt. Land eða lóð til leigu. Erum með bátaútgerð og þurfum húsnæði í vetur til leigu undir báta sem við ætlum að vinna í og gera upp í vetur. Æskileg staðsetning, í kringum Reykjavíkursvæðið, Suðurland eða Suðvesturland. Erum til í að skoða allt. Netfang: gunnarjgunnarsson@gmail.com

Til leigu geymsluhúsnæði í Kjós. Húsnæðið er upphitað, heitt og kalt vatn, rafmagn, aðgangur að snyrtingu og salerni sé þess óskað. Stærð hvers rýmis getur verið aðlöguð að þörfum hvers og eins. Stórar innkeyrsluhurðir eru í rýmið og er einnig möguleiki að aðlaga það að þörfum hvers og eins. Nánari upplýsingar í s. 854-8080 eða s. 772-3060.

Haustbeit - beitarhólf í Kjós. Erum með laus beitarhólf í haustbeit í Kjós. Áhugasamir hafi samband í síma 7723060.

## Til sölu

Byggingakrani, Liebherr 32TT 2001, ásamt hjólastelli fyrir kranann. Uppl. í s. 773-5600 eða solhof@solhof.is

Doka steypumót 2,7 m hæð, um 165 fm í tvöföldu, auk fylgihluta. Uppl. í s. 773-5600, Ólafur eða solhof@solhof.is

Bílskúrshurð til sölu. Ný og ónotuð bílskúrshurð m. opnara til sölu. Hvít, passar fyrir gatstærð 2.910 x 2.310 mm. Yfirhæð getur verið niður í 80 mm. Verð kr. 80.000. Nánari uppl. í s. 412-5370.

Til sölu steypusagir og kjarnaborvélar í góðu lagi. Borar og sagarblöð fylgja með. Ný yfirfarið. Upplýsingar í s. 893-9068.

Aspir og víðir á 79 kr. Flutningur 6 kr/stk. Gróðursetning 50 kr. Handtíndir lúpínureklar á 2.000 kr/kg. Verð eru án vsk. Uppl. í síma 849-0636. Arctic Black Cottonwood.

Fiat 8090 með GKS Hagasláttuvél. Verð kr. 800.000. Upplýsingar í s. 553-2375 og 853-7375.

Bændablaðið
www.bbl.is




# Er hjólið klárt fyrir göngurnar í haust?

Pantaðu varahluti fyrir Honda fjórhjólið tímanlega í síma 5902150 eða á varahlutir@askja.is

ASKJA
VARAHLUTIR

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is


NIVEA
STINNIR HÚÐINA Í
ANDLITI, HÁLSI & BRINGU
SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á 1 VIKU
NÝTT
100% NÁTTÚRULEGT
BAKUCHIOL
EYKUR NÁTTÚRULEGA
FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI*
NIVEA
EXPERT LIFT
CELLULAR
3-ZONE LIFTING SERUM
10x
HIGHER
3-ZONE
LIFTING SERUM
1. Face
2. Neck
3. Décolleté
PURE 10X BAKUCHIOL
*(í tilraunaglasi)